


Ungmennafélag Njarðvíkur í 70 ár



1944-2014

Til hamingju með afmælið!



Ungmennafélagið Njarðvík fagnar um þessar mundir 70 ára afmæli félagsins. Markmiðið með stofnun og starfsemi Ungmennafélags Njarðvíkur er að stuðla að eflingu íþrótt- og æskulýðsstarfs og stuðla að heilbrigðu líferni íbúa í Njarðvík.

Allt frá upphafi hefur félagið unnið kröftuglega að framgangi þessara markmiða. Í dag eru starfandi innan félagsins 6 deildir hver annarri öflugri og auk þess sér félagið um og rekur sportskóla. Félagið er aðili að ÍRB, UMFÍ og ÍSÍ.

Þegar saga Ungmennafélags Njarðvíkur er skoðuð er ljóst að áhrifin af starfsemi þess eru mikil og hafa mikið að segja í lífi einstaklinga og fjölskyldna í Njarðvík og nágrenni. Með skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi er verið að leggja grunn að heilbrigðu samfélagi þar sem heilsa og heill fólks á öllum aldri er höfð að leiðarljósi. Þetta hlutverk hefur félagið axlað af mikilli ábyrgð sem m.a. sýnir sig í verki þegar félagið tók að sér að koma á laggirnar sportskólanum. Mikill áhugi var í bænum fyrir því að eiga aðgang að slíkri þjónustu og því brást félagið við kallinu. Félagsmenn og forysta Njarðvíkur hverju sinni hafa sett sín fingraför á ákvarðanir er varða uppbyggingu mannvirkja, skipulag og framkvæmd íþrótt- og æskulýðsstarfs í Njarðvík og þá ekki síst félagslegt uppeldi einstaklinga sem hafa í gegnum árin búið til þann félags- og mannauð sem félagið býr yfir í dag.

Þá hefur félagið náð ágætum árangri á sviði íþróttá í gegnum tíðina. Hin síðustu ár hefur körfuboltalið Njarðvíkur verið hvað mest áberandi og spilað í deild þeirra bestu bæði karla og kvenna. Knattspyrnulið félagsins hefur einnig náð ágætum árangri í karlaboltanum ásamt sundfólki félagsins. Það góða starf sem allar þessar deildir Ungmennafélags Njarðvíkur eru að halda úti væri ekki eins öflugt og það er ef þær hefðu ekki á að skipa þeim fjölda sjálfbodaliða sem þarf til að slíkt gangi. Það sýnir styrk félagsins að það skuli búa að svo öflugri sjálfbodaliðasveit.

Fyrir hönd Ungmennafélags Íslands færi ég öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti koma að starfsemi og uppbyggingu íþrótt- og æskulýðsstarfs í Njarðvík kærar þakkir fyrir þeirra framlag og Ungmennafélagi Njarðvíkur, félagsmönnum þess og Njarðvíkingum öllum óska ég innilega til hamingju með 70 ára afmæli félagsins. Megi framtíðin vera björt á sviði íþrótt- og æskulýðsmála í Njarðvík og starfið eflast og afrekum fjölga hjá Ungmennafélagi Njarðvíkur.



Áfram Njarðvík!
Íslandi allt!

Helga G. Guðjónsdóttir
formaður UMFÍ

Mikið og gott starf verið unnið

Ungmennafélag Njarðvíkur fagnar 70 ára afmæli á árinu. Á slíkum tímamótum er vert að líta um öxl og fara yfir það gríðarlega mikla og góða starf sem innt hefur verið af hendi. Við gerum það með þessu glæsilega afmælisriti.

Fyrir 10 árum fékk félagið nýja og góða félagsaðstöðu í Íþróttamiðstöðinni í Njarðvík. Tilkoma aðstöðunnar breytti starfinu mikið, og varð til þess að þjappa deildum betur saman. Góð fundaraðstaða er fyrir allar deildir í Boganum, sal nefndur eftir Boga Þorsteinssyni ævifélaga UMFN, og fyrrum formanni UMFN. En að sjálfsögðu eru þessi mál í sífellndri endurskoðun. Í dag eru 6 deildir starfandi innan UMFN knattspyrnadeild:

körfuknattleiksdeild, sunddeild, lyftingadeild, þríþraut og júdódeild.

Félagsaðstaða er á þriðju hæð íþróttahússins, auk skrifstofuaðstöðu fyrir allar deildir.

Árlega vinna allar deildir félagsins saman að því að útbúa glæsilegt þorablót. Undanfarin þrjú ár hefur blótið verið haldið í „húsinu okkar“. Þetta verkefni hefur sýnt okkur hve vel þann mannauð sem félagið býr að. Blótið hefur tekist vel upp og ánægjulegt að Ljónagryfjan nýttist okkur vel sem samkomusalur.

Sport og Ævintýra skóli – tilgangur að kynna starfsemi félagsins og gefa ungum einstaklingum kost á að finna íþrótt við hæfi. Andrés Þórarinn Eyjólfsson á veg og vanda að þessu frábæra verkefni. Mikil aðsókn hefur verið í skólann í þau fimm ár sem hann hefur starfað. Verkefnið er góð kynning fyrir allar deildir félagsins, og koma þær að kynningu á sinni deild. Ungmennafélag Íslands hefur staðið fyrir unglíngalandsmóti um verslunarmannahelgina. Félagið er hvatamaður þess að iðkendur félagsins og fjölskyldur þeirra fjölmenni á unglíngamót ár hvert, enda mikil og góð skemmtun. Einnig standa þeir árlega fyrir landsmóti 50+. Félagsmenn hafa verið duglegir að mæta á mótin og vonum við að svo verði áfram.

Félagið er með starfsmann á skrifstofu í 50 % starfi, sem sér um daglegan rekstur og aðstoðar deildir félagsins eftir því sem við á.

Starfsemi félagsins væri hvorki fugl né fiskur án fórnfýsi og eljusemi þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem komið hafa að starfi bæði fyrir deildir og félagið í heild.



Starfsemi félagsins væri hvorki fugl né fiskur án fórnfýsi og eljusemi þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem komið hafa að starfi bæði fyrir deildir og félagið í heild.



Bolti gegn böli - Hreysti til hagsældar

Ólafur Eyjólfsson
formaður UMFN

Efnisyfirlit

	Bls.
Til hamingju með afmælið!	2
Mikið og gott starf verið unnið	3
Stofnun Ungmennafélags Njarðvíkur og fyrstu árin	5
Kvenfélagið Njarðvík	7
Guðmundur Snorrason og Umf. Njarðvík.....	8
Leiklistarstarf.....	10
Róðrakeppni á sjómannadaginn	11
Mikill félagsauður í Njarðvík.....	16
Ómetanlegur stuðningsaðili	18
Njarðvíkingar sterkir sundmenn	20
Setti 6 Íslandsmet í sama sundi	24
Mikill metnaður lagður í starfið.....	27
Ekki markmiðið að búa til bestu júðómenn í heimi	30
Ungmennafélagsandinn í hávegum hafður	32
Járnkarlinn ekki aðalatriðið.....	34
Stefnt er að stækkun deildarinnar.....	36
Deildin stofnuð til að geta haldið áfram að stunda lyftingar	37
Komst á heimsmeistaramót öldunga.....	40
Fyrsta Norðurlandamótið heppnaðist vel.....	41
Tók tíma að krækja í fyrsta Íslandsmeistaratitilinn	42
Kosturinn við körfuboltann er að hægt er að æfa mikið einn	43
Stór stund og ólýsanleg stemmning í bænum	46
Faðir körfuboltans í Njarðvík	50
Kristbjörn Albertsson fyrsti milliríkjadómarinn.....	50
Vonandi er maður að hafa góð áhrif á unga leikmenn	51
Iðkendur komnir yfir þrjúhundruð.....	53
Konur ruddu brautina	58
Handboltinn svalaði þörf fyrir hreyfingu og útrás	59
Krossinn mikilvægur fyrir íþróttafólk.....	60
Sáttur við að hætta á toppnum	62
Knattspyrna leikin um allan bæ	65
Mikilvægt að fá að hjálpa til	66
Keppnisferðirnar mikið ævintýri	66
Eftirminnilegir leikmenn og þjálfarar	67
Ævintýri fyrir ungan strák	68
Allt starf deildarinnar hefur styrkst mikið	71
Viljum byggja upp samkeppnishæft keppnisfólk.....	72
Ritnefnd.....	78



Útgefandi: UMFN

Ritstjórn og textagerð:	Svanhildur Eiríksdóttir, Haukur Örn Jóhannesson knattspyrnudeild.
Ritnefnd:	Viðar Kristjánsson, formaður, Haukur Örn Jóhannesson, Hilmar Hafsteinsson, Ólafur Thordersen, Jón B. Helgason og Guðjón Helgason.
Forsíðurmynd:	Hreinn Guðmundsson.
Umbrot:	Bragi Einarsson.
Prófarkarlestur:	Dagný Gísladóttir.
Aðstoð við efnisöflun:	Kristján Jóhannsson, Jón Björn Ólafsson og Magnús Hlynur Hreiðarsson.



25 'ARA UMFN • KFN



Frá 25 ára afmæli UMFN og Kvenfélagsins í Stapa 1969, f.v. Hilmar Hafsteinsson, Árni Júlíusson, Guðmundur Snorrason, Guðlaug Karvelsdóttir, Jóna Gunnarsdóttir og Hrefna Einarsdóttir. Ljósmynd: Heimir Stígsson, úr Myndasafni Reykjanesbæjar.

Stofnun Ungmennafélags Njarðvíkur og fyrstu árin

Það var hugur í ungum Njarðvíkingum snemma árs 1944 þegar áhugi vaknaði á að stofnun ungmennafélags í hreppnum. Tíðarandinn var góður, ríkisstjórn Íslands hafði í upphafi árs lagt fram tillögu á Alþingi um sambandslit við Danmörk, sem þjóðin samþykkti nær einróma undir lok maí. Sjálfstæðisbaráttan hefur eflaust blásið ungu Njarðvíkingunum kjark og dug í brjóst, auk þess sem fjöldi ungmennafélaga var starfandi um allt land. Njarðvíkingar höfðu að auki nýlega gengið úr sameiginlegu sveitarfélagi með Keflavík, sem höfðu átt ungmennafélag frá í september 1929.

Aðalhvatamaðurinn að stofnun Ungmennafélags Njarðvíkur var Karvel Ögmundsson og boðað hann til fyrsta fundar þann 10. apríl 1944 í nýbyggðum barnaskóla í Ytri Njarðvík. Var þar m.a.

lagður fram listi með undirskrift 125 bæjarbúa sem voru hlyntir stofnun félagsins og náð höfðu 14 ára aldri.

Listinn hafði gengið um bæjarfélagið dagana fyrir stofnfundinn, að því er er fram kemur í sögu Njarðvíkur. Á stofnfundinum var Ólafur Sigurjónsson kosinn fyrsti formaður

stjórnar, Karvel Ögmundsson gjaldkeri og Oddbergur Eiríksson ritari. Aðrir stjórnarmenn voru Magnús Ólafsson og Karl Olsen. Tengdasonur Karvels, Áki Gränz hannaði fyrsta merki félagsins.

Þegar Ungmennafélag Njarðvíkur var stofnað hafði ungmennafélagsshreyfingin starfað í tæp 40 ár og haldið fjölmörg landsmót. Ungmennafélagsshreyfingin á því rætur allt aftur til fullveldisbaráttu Íslendinga þegar mikil vakning var í íslensku þjóðlífi. Ungmennafélag Íslands var stofnað á Þingvöllum 2. ágúst árið 1907. Litlu áður hafði fundur



„Góðir Njarðvíkingar, allstaðar þar sem tekist hefir að sameina einstaklingana í góðum félagsskap, hefur það orðið til þess, að mynda einingu og samúð innávið, en útávið til þess að hrynda ýmsum menningar og framfaramálum byggðarlaganna í framkvæmd.

Í þeirri von að þetta geti okkur einnig tekizt, sendum við þetta ávarp til ykkar.

Þeir sem eru með því að mynda Ungmennafélag í Njarðvíkurhreppi, gjöri svo vel og skrifi nöfn sín á þennan lista“
Úr fyrstu fundargerðarbók UMFN.

um sjálfstæðismálið verið haldinn á Þingvöllum og í kjölfarið heimsótti Friðrik VIII Danakonungur Ísland m.a. til að ræða stjórnskipulega stöðu Íslands í veldi Danakonungs. Æska landsins tók ungmennafélagsshreyfingunni strax vel því á næstu fimm árum voru 100 ungmennafélög stofnuð í landinu. UMFN varð aðildarfélag í Ungmennafélagi Íslands árið 1952.

Hinn dæmigerði ungmennafélagsandi réð ríkjum í UMFN fyrsta áratuginn. Haldnir voru málfundir með framsöguerindum um ýmis þjóðfélagsmál. Frægt varð erindi Oddbergs „Áfengisbann“ sem hann flutti á fyrsta umræðufundi félagsins en þar ræddi hann nokkuð ítarlega um reynslu Íslendinga og annarra þjóða af vínbanni og frjálsri sölu áfengis. Engir voru andmælendur en umræður urðu þó fjörugar. Á næsta umræðufundi gerði Sigrún Einarsdóttir jafnrétti karla og kvenna að umtalsefni en þá var andmælandi og ályktunartillaga að auki borin fram til samþykktar.

Ólafur Sigurjónsson gegndi formennsku lengst allra formanna UMFN eða í 21 ár samfleytt þó fyrsta formannstíðin hafi einungis verið eitt ár. Í millitíðinni gegndi Eyjólfur Guðmundsson formennsku í þrjú ár, 1945-1948. Í formannstíð Ólafs var byggð upp myndarleg félagsaðstaða og lagður grunnur að íþróttastarfsemi ungmennafélagsins. Fyrstu árin starfaði félagið þó í dæmigerðum ungmennafélagsanda, þar sem bindindis- og þjóðernismál voru efst á baugi.

Krossinn, braggi með sögu

Við lok síðari heimsstyrjaldarinnar, í maí 1945, hvarf hernámsliðið af landi brott. Síðustu bandarísku hermennirnir yfirgáfu þó ekki landið að fullu fyrr en 8. apríl 1947. Bandaríkjamenn höfðu áfram afnot af Keflavíkurflugvelli vegna Keflavíkursamningsins sem undirritaður var 5. október 1946 og allmargir þeirra störfuðu áfram við flugstarfsemi þar. Samningurinn vakti úlfúð, m.a. hjá ungmennafélagsmönnum og á sambandsfundi UMFÍ 1948 var samningnum mótmælt. Það fór þó ekki svo að ungmennafélögin gætu ekki hugsað sér að nýta ódýra bragga sem hernámsliðið skildi eftir.

Ungmennafélagið Njarðvíkur áskotnaðist 212 fermetra braggi í



Ólafur Sigurjónsson

Ólafur ólst upp í Keflavík til 7 ára aldurs en þá missti hann móður sína og var tekinn í fóstur af móðursystur sinni, Sigríði Guðmundsdóttur og eiginmanni hennar, Þorvaldi Jóhannessyni á Grund í Ytri-Njarðvík. Þar ólst hann upp ásamt börnum þeirra fimm og Guðmundi bróður sínum, sem Sigríður og Þorvaldur tóku einnig í fóstur. Ólafur hélt til náms að Héraðsskólanum á Laugarvatni að grunnskóla loknum og stundaði þar nám í tvo vetur.

Ólafur fór snemma að starfa að félagsmálum í Njarðvík og var mikil drifjöður í þeim efnum, fyrst í Ungmennafélagi Njarðvíkur þar sem hann sat

Stofnfélagar Ungmennafélags Njarðvíkur

(Úr fundagerðabók Ungmennafélags Njarðvíkur)

Góðir Njarðvíkingar:

Allsstaðar þar sem tekist hefir að sameina einstaklingana í góðum félagskap, hefir það orðið til þess að mynda einingu og samúð inn á við, en út á við til þess að hrinda ýmsum menningar og framfarumálum byggðarlaganna í framkvæmd. Í þeirri von að þetta geti okkur einnig tekist, sendum við þetta ávarp til ykkar. Þeir sem, eru með því, að mynda ungmennafélag í Njarðvíkurhreppi gjöri svo vel og skrifi nöfn sín á þennan lista. Aldurstakmark er fjórtán ára aldur. Stofnfundur verður ákveðinn síðar, eða þegar sjest hefur, hve bátttaka er almenn. Njarðvík 31.12.1943

Karvel Ógmundsson, Bjargi	Sigríður Guðmundsdóttir, Stað	Guðlaug Stefánsdóttir, Þórukoti
Magnús Ólafsson, Höskuldarkoti	Hjalte Hansson, Stað	Björn Þorleifsson, Þórukoti
Sigurður Guðmundsson, Þórukoti	Svava Guðmundsdóttir, Stað	Guðrún Þorleifsdóttir, Þórukoti
Auðunn Halldórsen, Laufási	Guðrún Ólafsdóttir, Stað	Gunnar Kristjánsson, Sölbakka
Simon Gíslason, Gerði	Ingibjörg Danívalsdóttir, Njarðvík	Sigurgeir Guðmundsson, Akurgerði
Arnþjórg Austmann, Gerði	Ingibjörg Stefánsdóttir, Njarðvík	Þórey Ólafsdóttir, Akurgerði
Sigurbjörn Ketilsson, Gerði	Anna Jónasdóttir, Njarðvík	Jens S. Kjeld, Ljósavöllum
Hilf Tryggvadóttir, Gerði	Steinninn Jónasdóttir, Njarðvík	Bjartur Kjartansson, Stapakoti
Einar Ógmundsson, Sunnuhvoli	Sigurbjörg Ógmundsdóttir, Njarðvík	Arni Sigurðsson, Blómstursvöllum
Sigríður Halldóttir, Sunnuhvoli	Sigrún Einarsdóttir, Borg	Hákon B. Teitsson, Akurgerði
Daniel Ógmundsson, Sunnuhvoli	Erla Eiríksdóttir, Vik	Tryggvi Bergsteinsson, Ljósavöllum
Jenny Magnúsdóttir, Sunnuhvoli	Jóhanna M. Stefánsdóttir, Völlum	Sigurður B. Halldórsen, Blómstursvöllum
Snorri Vilhjálmsson, Ási	Friðjón Jónsson, Völlum	Mary Jakobsen, Blómstursvöllum
Sölbjörg Guðmundsdóttir, Ási	Margrét Alexandersdóttir, Völlum	Sigurður Guðmundsson, Ljósavöllum
Ástbjörg Erlendsdóttir, Ási	Arni Bachman, Völlum	Sigríður Elisdóttir, Akri
Elinbjörg Georgsdóttir, Brekku	Ásta Geirsdóttir, Völlum	Jóhann B. Guðmundsson, Akri
Jón Georgsson, Brekku	Árný Ólafsdóttir, Vik	Lárela Björnsdóttir, Narfakoti
Guðrún Magnúsdóttir, Brekku	Eiríkur Þorsteinsson, Vik	Esther Finnbogadóttir, Tjarnarkoti
Hans Árni Tómasson, Brekku	Gyða Eiríksdóttir, Vik	Þorkelina Jónsdóttir, Tjarnarkoti
Guðbergur Sveinsson, Ásgarði	Hafsteinn Axelsson, Lundi	Finnbogí Guðmundsson, Tjarnarkoti
Ásta Einarsdóttir, Ásgarði	Reynir Ólafsson, Lundi	Kristbjörg Sveinsdóttir, Tjarnarkoti
Alda Kristjánsdóttir, Sölbakka	Hjördís Ólafsdóttir, Lundi	Árnheiður Magnúsdóttir, Garðbæ
Þorvaldur Valdimarsson, Sölbakka	Ingunn Ingvarsdóttir, Lundi	Guðbjörg Arnadóttir
Inga Georgsdóttir, Sölbakka	Sigurjón Jónsson, Lundi	Margrét Arnadóttir
Inga Baldvinsdóttir, Solbergi	Hallfríður Ásgeirsdóttir, Garðhúsum	Anna Arnadóttir
Þórarinn Ógmundsson, Solbergi	Sigríður Jónsdóttir, Garðhúsum	Jóna G. Kjeld
Eyrún Helgadóttir, Solbergi	Kristín Sveinsdóttir, Garðhúsum	Guðmundur Finnbogason, Hvöli
Bárður Ólgeirsson, Solbergi	Ásgeir Skúlason, Garðhúsum	Guðlaug Bergþórsdóttir, Hvöli
Ólafur Sigurjónsson, Grund	Svavar Skúlason, Garðhúsum	Eiríkur Ingimundarson, Narfakoti
Diljá Ester Þorvaldsdóttir, Grund	Skúli Sveinsson, Garðhúsum	Ragnar Þorvaldsson, Tjarnarkoti
Ólafur Þorvaldsson, Grund	Hulda Pétursdóttir, Ártúni	Stefán Þorvarðsson, Túni
Guðmunda Margrét Þorvaldsdóttir, Grund	Guðbrandur Magnússon, Ártúni	Stefán Sigurfinnsson
Reynir Þorvaldsson, Grund	Július Vigfússon, Hlíð	Björn Sigurhansson, Hákoti
Sigurður Hilmarrson, Bergi	Guðfinna Magnúsdóttir, Hlíð	Málfríður Helgadóttir, Hákoti
Dóra Einarsdóttir, Bergi	Eyjólfur Guðmundsson, Mörk	Bjarni Einarsson
Þorleifur Björnsson, Þórukoti	Sigrún Þórarinsdóttir, Mörk	Sigríður Stefánsdóttir
Oskar Kristjánsson, Brautarhól	Vesteinn Þjarnason, Mörk	Oddbergur Eiríksson
Guðrún Þorsteinsdóttir, Brautarhól	Rósa Guðmundsdóttir, Mörk	Áðalheiður Ísleifsdóttir, Móum
Anna M. Ólgeirsdóttir, Bjargi	Þórlaug Magnúsdóttir, Höskuldarkoti	Guðrún Stefánsdóttir, Njarðvík
María Ó. Karveisdóttir, Bjargi	Anna Magnúsdóttir, Höskuldarkoti	Guðný Kjartansdóttir, Stapakoti
Guðlaug Karveisdóttir, Bjargi	Kristján A. Guðmundsson, Hófða	
Jafet Sigurðsson, Stað	Guðmunda Ingvarsdóttir, Hófða	

Ungmennafélag Njarðvíkur • Sími 421 2895 • GSM: 893 4096 Kristján • www.umfn.is

13

Listi yfir stofnfélaga UMFN.

Njarðvík hjá sölunefnd varnarliðseigna sem áður hafði verið sjúkrahús hersins í umsjón Rauða krossins. Bragginn hafði gengið undir nafninu Rauði-Krossinn hjá setuliðinu og UMFN hélt því nafni

áð hluta, Krossinn. Eins og kom fram í kaflanum um kvenfélagið Njarðvík hugðust kvenfélagskonur leita samstarfs við ungmennafélagið um sameiginlegt húsnæði, m.a. í fjárflyunarskyni og þegar

við stjórnvöllinn lengst allra og sinnti fjölmörgum nefndarstörfum, ásamt umsjón og rekstri bæði Krossins og Stapan. Snemma á 6. áratugnum fór Ólafur að láta að sér kveða í stjórnárum og sat í hreppsnefnd fyrir jafnaðarmenn, m.a. sem oddviti, allt til æviloka. Hann var hreppstjóri í Njarðvík frá árinu 1962 til 1974 eða í 12 ár. Ólafur lést árið 1975, aðeins 54 ára gamall, af sárum eftir umferðarslys á leið til vinnu í Stapann. Hann var ógiftur og barnlaus. Mikill vöxtur varð bæði í ungmennafélaginu og Njarðvíkurhreppi í stjórnartíð Ólafs.



Kvenfélagið Njarðvík

Á sama tíma og Karvel Ögmundsson undirbjó stofnun Ungmennafélagsins vann eiginkona hans, Anna Margrét Olgeirsdóttir, að framgangi kvenfélags í hreppnum. Í félagi við Sigríði Hafliðadóttur í Sunnuhvoli hélt Anna Margrét á fund Hlíf Tryggvadóttur kennara til þess að óska eftir því að Hlíf tæki að sér fomennsku í kvenfélaginu tækist þeim að stofna það. Hlíf tók jákvætt í beiðni Önnu Margrétar og Sigríðar og í framhaldi hófst undirbúningsvinna fyrir stofnun félagsins. Konur bæði í Ytri og Innri Njarðvík tóku vel í hugmyndina og Hlíf boðaði til stofnfundar 17. september 1944. Stofnfélagar voru 54 konur og í stjórn voru skipaðar Hlíf formaður, Anna Margrét gjaldkeri og Nanna Finnbogadóttir ritari. Félagið fékk nafnið kvenfélagið Hrönn í fyrstu en því var fljótlega breytt í Njarðvík. Áki Gränz hannaði merki kvenfélagsins Njarðvíkur.

Konurnar voru stórhuga og horfðu strax fram á veginn. Þannig var á fyrsta fundi eftir stofnfund skipað í nefnd um húsnæðismál þar sem áhugi á því að koma upp eigin húsnæði vaknaði strax. Á næsta fundi var svo samþykkt að leita eftir samstarfi við UMFN um húsbýggingu og fjáröflunarleiðir ræddar. Ekki er ósennilegt að sú hugmynd hafi borið á góma á heimili Önnu Margrétar og Karvels, því tvær nefndarkonur

áttu að ræða kostnaðartölur við eiginmenn sína. Félögin fóru tveimur árum síðar í samstarf um rekstur samkomuhússins Krossins, sem varð aðaltekjulind félaganna og þar náði samstarfið einnig til sjónleikja. Auk þess var kaffisala, basar og margskonar skemmtanir helsta fjáröflunarleiðir kvenfélagsins. Í félagi við UMFN var haldinn jólatrésfagnaður fyrir börn og fullveldisfagnaður sem jafnan var um þriggja daga hátíð haldin kringum 1. desember og nefnd Útnesjavaka.

Kvenfélagið var líknarfélag frá fyrstu tíð og aðstoðaði m.a. fjölskyldur sem áttu erfitt fjárhagslega, einnig félög og stofnanir sem alltaf gátu þegið fjárhagsaðstoð, eins og sjúkrahúsið í Keflavík, kirkjurnar í Njarðvík og Keflavík, barnaskólinn í Njarðvík og fleiri.

Fyrsta stórmál félagsins var bygging dagheimilis í Ytri Njarðvík og kom sú hugmynd fram á félagsfundum árið 1952. Níu árum síðar samþykktu kvenfélagskonur að hafa byggingu heimilisins á stefnuskrá sinni og vinna því framgang með öllum mögulegum ráðum. Byggingaframkvæmdir hófust haustið 1968 og hóf kvenfélagið rekstur dagheimilis árið 1972, einungis yfir sumarið til að byrja með.

Með tíð og tíma þróaðist dagheimilið yfir í heilsársvistun og síðar leikskóla. Leikskólinn Gimli er nú starfræktur þar sem dagheimili kvenfélagskvenna hófst og var haldið upp á 40 ára starfsamæli hans 1. júlí árið 2012. Meðal boðsgesta voru kvenfélagskonur í Njarðvík.

bragginn var til sölu keyptu félögin hann saman. Greiðsluverðið var 30.000.00 krónur staðgreitt. „Ég tilkynnti stjórnnum hinna nýstofnuðu félaga að Krossinn væri falur gegn staðgreiðslu. Leitað var til Magnúsar Ólafssonar í Höskuldarkoti og Sigurðar Hilmarssonar á Bergi og veittu þeir bráðabirgðalán,“ sagði Karvel í afmælisgrein sem birt var í Faxa vorið 1992 eftir að 50 ára afmæli Njarðvíkur hafði verið fagnað.

Bragginn var talsvert illa farinn og hafði átt að selja hann til niðurriffs þegar félögin tvö ákváðu að kaupa hann og nota undir félagsstörf. Hann þurfti því að undirgangast lagfæringar áður en hægt var að nýta hann sem slíkan og tók það veturinn. Krossinn var vígður sem félagsheimili 14. júní 1947 og gegndi því hlutverki í rúm 17 ár. Þrátt fyrir ályktun félaganna árið 1951 um að meina bandarískum hermönnum aðgang (sjá síðar í afmælisriti), var fljótlega ljóst að aðsókn Bandaríkjamanna á dansleiki í Krossinum, sem jafnan voru vel sóttir af ungum stúlkum, var drjúg tekjulind fyrir félögin. Frægasta ballið sem haldið var í Krossinum var 5. október 1963 þegar



Hljómar stigu fyrst á svið. Það var upphafið að mikilli vinsældargöngu hljómsveitarinnar.

Ólafur Sigurjónsson húsvörður Krossins lánaði Hljómum fyrir hljóðfærakaupum gegn því að þeir spiluðu í Krossinum.





Guðmundur ásamt 4. fl. UMFN á gamla malarvellinum í Sandgerði kringum 1960. Aftari röð f.v.: Guðmundur Ingi Aðalsteinsson, Jón Zalewski, Einar Jónsson, Guðmundur Snorrason, Haukur Guðmundsson og Einar Gunnarsson. Fremri röð f.v.: Björn Bjarnason, Einar Jónsson, Valdór Bóasson, Magnús Danielsson, Óliver Bárðarson, Aðalsteinn Guðbergsson og Práinn Sigurbjarnarson.

Guðmundur Snorrason og Umf. Njarðvík

Ekki er hægt að skrifa afmælistögu Umf.Njarðvíkur án þess að stikla á nokkrum atriðum varðandi Guðmund Snorrason í Ási (Þórustíg 15) því hann á stóran þátt í uppbyggingu félagsins á fyrstu árum þess. Hann gegndi stöðu gjaldkera til marga ára og var líka formaður, m.a. á 40 ára afmæli félagsins.



Heiðar, bróðir Guðmundar keppti þá með Njarðvík.

Gekk 14 ára í félagið

Guðmundur gekk í félagið 14 ára gamall, eða um leið og það mátti ganga í félagið. „Mér fannst félagið hafa fallega hugsjón og því vildi ég skrá mig strax í félagið enda var ekki mikill áhugi á íþróttum á þessum árum og hreifst ég af starfsemi ungmennafélagsins. Það var samhugur fólksins í Njarðvík fyrir því að gera eitthvað uppbyggilegt sem dró mig í félagið. Hugsun félagsins var að þú þyrftir að byggja upp sjálfur, ekki að hlutirnir kæmu ofan frá, heldur allt frá fólkinu sjálfu. Ólafur Sigurjónsson, formaður félagsins gaf tóninn og vildi byggja félagið upp. Hann sá um byggingu fyrsta grasvallarins í Njarðvík, það var stórvirki, ég aðstoðaði Ólaf með hugmyndina en völluminn var vígður 1957“, sagði

Formaður íþróttanefndar í 20 ár

Guðmundur byrjaði í íþróttanefnd félagsins upp úr 1950 og starfaði í þeirri nefnd í 20 ár, m.a. við uppbyggingu grasvallarins. Hann sat í aðalstjórn í mörg ár, bæði sem ritari og gjaldkeri, auk þess að vera formaður félagsins í tvö ár, m.a. á 40 ára afmæli félagsins. Guðmundur var kosinn formaður á aðalfundi 1969 og tók við formennsku af Ólafi Sigurjónssyni. Í stjórn með Guðmundi voru Hilmar Hafsteinsson, ritari og Árni Júlíusson, gjaldkeri. Á þessum tíma var Guðmundur í krefjandi starfi, sem ráðningarstjóri Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og sá sér því ekki fært að vera lengur formaður félagsins. Bogi Þorsteinsson tók við formennskunni af honum.

30 ára starf

Alls starfaði Guðmundur í 30 ár fyrir félagið. Oddbergur Eiríksson var m.a. ritari í fyrstu stjórninni með Guðmundi en Jón Ásgeirsson, sveitarstjóri tók við gjaldkerastöðunni af honum. Guðmundur var einnig ritari félagsins um tíma. Hann segir að það hafi verið mun erfiðara að vera gjaldkeri félagsins heldur en formaður enda þurfti að halda vel utan um budduna. Bókhaldið var alltaf 100% hjá honum.

Krossinn og Stapinn

Ungmennafélag Njarðvíkur rak samkomuhús Njarðvíkur, Krossinn undir styrki stjórn Ólafs Sigurjónssonar, formanns. Í kjölfarið var ákveðið að byggja Stapann en þá segir Guðmundur að sérstakt kerfi hafi verið sett í gang til að safna peningum. Allar tekjur af Krossinum runnu beint í Stapann. Það voru allskonar fjárflyunarnefndir, t.d. sérstök bingónefnd þar sem Guðmundur var formaður í 10 ár. Vinningar voru í formi heimilistækja, engin peningaverðlaun, sjónvörpin voru mjög vinsæl sem vinningar. Það var gríðarlega

góð þátttaka í bingóinu, þetta var á milli 1960 og 1970. Aðrar fjóröflunarleiðir voru líka í gangi. „Það var mikið afrek að byggja Stapann á sínum tíma, Ólafur formaður var aðaldrifjöðurin í því, félagið fékk líka styrk frá bæjarfélaginu og Félagsheimilaskóla“, sagði Guðmundur.

Guðmundur og knattspyrnan

Guðmundur hefur alltaf verið mikill áhugamaður um knattspyrnu og var allt í öllu í þeirri grein hjá Njarðvík, bæði við stjórnun hjá yngri og eldri flokkunum. Óli á Stað var þjálfari en Guðmundur var einvaldurinn, valdi liðin, bæði yngri og eldri. Á þessum árum var Guðmundur nýkominn frá Englandi þar sem hann fór í málaskóla og í verslunarskóla. Hann fór líka 1959 á þriggja vikna þjálfaranámskeið í íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni og fór þá að þjálfra strákana í kjölfarið. Honum var boðið að fara í nám á Laugarvatni en hann ákvað frekar að fara til Englands. Guðmundur segist hafa séð eftir því alla æfi að hafa ekki farið á Laugarvatn.

Krossinum breytt í íþróttahús

Þegar Stapinn var opnaður 1965 þá kom upp stóra spurningin, hvað ætti að gera við Krossinn, sem var eign ungmennafélagsins og Kvenfélagsins? Það var heilmikið mál í kringum það. Guðmundur átti hugmyndina um að breyta Krossinum í íþróttahús og það gekk eftir. Einhverjir vildu breyta húsinu í sildarvinnslu. Á þessum tíma var enginn leikfimisalur í Njarðvík og þótti það frábær hugmynd að nota Krossinn undir íþróttasal. Handbolti og kvenna- og karlakörfubolti fór fram í húsinu. Bærinn leigði húsið af félaginu fyrir skólaleikfimina og þar komu tekjur til félagsins. Einnig fékkst leyfi hjá KKÍ að Njarðvík mætti spila 1. deildarleiki sína í körfubolta í húsinu. Ungmennafélagið rak húsið í fimm ár.

Vakinn og sofinn yfir félaginu

Guðmundur var vakinn og sofinn yfir félaginu í þau 30 ár sem hann starfaði fyrir það. Hann sá t.d. fyrstu árin sín um öll tengsl við önnur félög en félagið var m.a. beinn aðili við UMFÍ og ÍSÍ. Hann þurfti því að mæta á fjölmargar ráðstefnur en Ólafur formaður lagði hart að honum að sækja alla þessa fundi fyrir hönd félagsins. Guðmundur sá líka um öll bréfaskipti fyrir hönd félagsins. Hann



Guðmundur Snorrason (t.v.) ásamt Hilmar Hafsteinssyni en þeir störfuðu lengi og náði saman fyrir Umf.Njarðvík. Myndin var tekin 7. júní 2012 þegar félagarnir hittust og rifjuðu upp gömlu góðu tímuna hjá félaginu. Ljósmynd: Magnús Hlynur Hreiðarsson.

hafði líka umsjón með íþróttavellinum og íþróttastarfsemi félagsins en til gamans má geta þess að Vestmannaeyingar óskuðu eftir að grasvöllurinn í Njarðvík yrði þeirra heimavöllur eftir Vestmannaeyjagosið 1973. Svo var í 2-3 ár.

Deildirnar stofnaðar

Guðmundur segir að stærsti áfanginn sinn í formannstíð félagsins hafi verið stofnun deilda félagsins í stað þess að íþróttanefndin sæi um alla starfsemina. Stofnun knattspyrnudeildar, körfuknattleiksdeildar, handknattleiksdeildar (bara kvennahandbolti) og sunddeildar var samþykkt á fyrsta aðalfundi Guðmundar sem formanns. Frjálsíþróttadeildin var stofnuð síðar undir forystu Guðmundar.

„Við byggðum upp sunddeildina með því að fá tíma í Keflavík en það bar ekki nógu góðan árangur, fengum þó að æfa í lauginni þeirra ef við kæmum með þjálfara. Þórunn Líney Karvelsdóttir, þjálfaði á vegum félagsins. Þegar íþróttahúsið í Njarðvík var byggt fengum við loksins sundlaug, þó hún hafi verið helmingi minni en ég hefði viljað, 25 m löng. Húsið var byggt 1965. Ég man eftir því að ég skipaði þrjá menn í stjórn sundhallarinnar, það voru þeir Jón Helgason, Friðrik Ólafsson og Björn Vífell Þorleifsson. Þeir áttu líka að sjá um þjálfun. Til að reyna að ná hámarksárangri völdum við þá einstaklinga sem vildu æfa, fólk sem kom að æfa í þeim eina tilgangi að ná árangri. Sonja Hreiðarsdóttir náði frábærum árangri í sundinu svo ekki sé minnst á Eðvarð Þór Eðvarðsson, einn frægasta sundkappa landsins en hann keppti m.a.

á Ólympíuleikunum í Suður-Kóreu. Iðkendur sunddeildarinnar voru valdir í samráði við íþróttakennara og skólalastjóra skólans“, sagði Guðmundur. Þá má geta þess að hann var einn af aðalmönnum við stofnun frjálsíþróttadeildar Umf. Njarðvíkur en Heiðar Georgsson, Njarðvíkingur með meiru var einn af bestu stangastökkvurum landsins, hann keppti m.a. fyrir hönd félagsins á landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki og sigraði þar með glæsibrag.

Gullmerki og silfurmerki

Guðmundur segir að gríðarlegur tími hafi farið í vinnu fyrir ungmennafélagið samhliða fullu starfi hjá varnarliðinu. „Ég var öll kvöld og helgar að vinna fyrir félagið, við höfðum engan framkvæmdastjóra. Hilmar Hafsteinsson og Árni Júlíusson reyndust mér mjög vel í stjórninni, þeir voru mjög duglegir og áhugasamir um félagið. Það var mikið álag á símanum heima hjá mér og símareikningarnir oft háir við lítinn fögnuð foreldra minna í Ási en ég sé ekki eftir þessum árum fyrir félagið, þetta var frábær tími“. Guðmundur hefur bæði fengið silfur- og gullmerki félagsins fyrir störf sín. Hann segist alltaf fylgjast vel með starfsemi félagsins, bæði í gegnum netið og fjölmiðla. Þá fer hann alltaf á nokkra knattspyrnuleiki með Njarðvík yfir sumartímann og eins fer hann á nokkra heimaleiki á hverjum vetri með félaginu í körfuboltanum. Foreldrar Guðmundar voru þau Snorri Vilhjálmsson, múrari og Sólbjörg Guðmundsdóttir, húsmóðir. Börnin voru sex og er Guðmundur einn á lífi af þeim.

Viðtal: Magnús Hlynur Hreiðarsson

Hermönnum meinaður aðgangur að Krossinum

Þegar bandarískt herlið kom sér fyrir á Miðnesheiði í kjölfar hvervendarsamnings Íslendinga og Bandaríkjamanna 5. maí árið 1951 varð málið að miklu hitamáli innan herbúða Njarðvíkurfélaganna tveggja. Félagin héldu sameiginlegan fund í félagsheimili þeirra Krossinum litlu síðar þar sem borin var upp sameiginleg tillaga félaganna:

„Sameiginlegur fundur Ungmennafélags Njarðvíkur og Kvenfélagsins Njarðvík haldinn 27. maí samþykkir að á meðan erlendur her dvelur í landinu skuli engir menn með hernaðareinkennum fá að dvelja í húsakynnum félaganna á skemmtunum þess eða öðrum samkomum í húsinu“ (Vormenn Íslands, bls. 117).

Var tillagan samþykkt nær samhljóða.

Þjóðviljinn, blað Sameiningarflokks alþýðu – Sósíallistaflokksins, tók málið upp meðal annars með því að leggja út frá ályktuninni á sinn þjóðernislega máta:


„Ályktun félaganna í Njarðvíkum hlýtur að vera fordæmi Íslendinga um land allt. Allir þeir menn sem eitthvert þjóðarstolt hafa til að bera hljóta að forðast öll persónuleg afskipti af hernámsliðinu og sýna því köldustu kurteisi þegar samskipti eru óhjákvæmileg. Enginn Íslendingur með virðingu fyrir sjálfum sér getur eytt frístundum sínum eða valið sér skemmtanir í návist hins bandaríska hers.

Þess vegna hljóta Íslendingar að forðast þau veitingahús og þá skemmtistaði þar sem hernámsliðinu er leyft að vaða uppi. Og forráðamenn skemmtistaða og annarrar opinberrar þjónustu hljóta að loka starfsemi sinni fyrir hinum erlenda her, ef þeir vilja áfram halda hylli Íslendinga. Hinir sem kjósa að una sér í návist hersins munu verða metnir í samræmi við það“.

(Þjóðviljinn 1. júní 1951).

Ungmennafélagið bætti um betur rúmunum þremur árum síðar með því að skora á önnur ungmennafélög í landinu „að taka upp skegga baráttu fyrir því, að hinum erlenda her verði vísað úr landi og Ísland verði fyrir Íslendinga“ (Þjóðviljinn 30. október 1954). Jafnframt sagðist fundurinn, sem haldinn var 25. október 1954, lýsa yfir fullum stuðningi við samtök þau, „sem beita sér fyrir undirskriftarsöfnun undir áskorun um uppsögn hverndarsamnings Íslands og Bandaríkjanna Norður-Ameríku“ (sama).

Kristján Pálsson fyrrum formaður UMFN fjallaði m.a. um þetta málefni í B.A. ritgerði sinni í sagnfræði við Háskóla Íslands árið 2008 „Áhrif varnarliðsins á nærsamfélagið.“ Þar segir Kristján að viðbrögð landans við komu bandaríska hersins árið 1951 hafi verið hófstillt, nema hjá Þjóðviljanum, eins



Ekki voru allir sáttir með dansleikina í Krossinum, sér í lagi eftir að bílstjórur sem óku gestum í Krossinn var gert að greiða aðgangseyri. Bílstjórinn J.H. úr Reykjavík sendi umkvörtun sína til Tímans og var hún birt í dálkinum Á förnum vegi 9. janúar 1949 undir heitinu „Johny gamli er voða krútt.“

LEIKLISTARSTARF

Auk dansleikja voru sameiginlegar leiksýningar félaganna góð tekjulind, auk árlegra þorralóta og ýmissa fjáraflana s. s. þeirra sem getið var í kaflanum um kvenfélagið. Upp úr 1950 var allnokkur leiklistarstarfsemi hjá ungmennafélaginu og leiknefnd starfandi, þótt aðstaða í Krossinum hafi ekki þótt góð. Oftast var ein leiksýning árlega og aðsókn alla jafna góð, þó heimildir séu einnig til um dræma aðsókn. Leikglaðir Njarðvíkingar fóru í samstarf við Keflavíkinga upp úr 1960, en þá hafði leiklistin einnig tekið að daprast hjá íþrótt- og ungmennafélaginu Keflavík, sem haldið hafði uppi blómlegu leiklistarstarfi. Haustið 1961 var leikfélagið Stakkur stofnað sem sýndi leikrit árlega til ársins 1964 þegar sýningar lögðst af um tveggja ára skeið. Eftir það fóru félagin aftur í sundur, Keflvíkingar stofnuðu Leikfélag Keflavíkur árið 1966 og Njarðvíkurleikhúsið varð til eftir víslu Stapans 1965. Fyrsta sýning leikhússins var leikritið Allra meina bót árið 1966. Njarðvíkurleikhúsið starfaði þó ekki lengi því þegar haldið var upp á 25 ára afmæli UMFN í Stapa árið 1969 var þess hvergi getið.



Frá fyrstu leiksýningu í félagsheimilinu Stapa í Ytri-Njarðvík árið 1966, Allra meina bót eftir Jón Müla og Jónas Árnasyni í leikstjórn Helga Skúlasonar. Magnús Ingimarsson var tónlistarstjóri og Bára Magnúsdóttir dansstjóri. Leikendur f.v. Jón William Magnússon, Inga Reykdal, Þórdís Karlsdóttir, Sævar Helgaon, Hulda Gunnarsdóttir, Eggert Ólafsson, Albert Karl Sanders, Ingólfur Bárðarson, María Baldursdóttir, Silla Ólafsdóttir og Lúðvík Guðmundsson. Myndasafn Reykjanesbæjar.



Karvel Ögmundsson

Karvel fæddist á Hellu í Beruvík á Snæfellsnesi árið 1903 og ólst þar upp ásamt stórum systkinahópi við sára fátækt, fyrst hjá

foreldrum sínum, Ögmundi Andrésyni bónda og Sólveigu Guðmundsdóttur en síðar hjá móðurbróður, Eggerti Guðmundssyni á Hellissandi og konu hans, Ingibjörgu Pétursdóttur. Karvel þótti snemma efnilegur og dugmikill. Hann var orðinn fullgildur róðramaður innan við fermingu, eignaðst litlu síðar bát og varð bæði stýrimaður og skipstjóri heima og heiman. Karvel fluttist til Innri-Njarðvíkur um þrítugt og byggði sér og fjólkskyldu sinni fljótlega reisulegt

hús í Ytri-Njarðvík sem hann nefndi Bjarg. Hann stofnaði Hraðfrystihús Ytri-Njarðvíkur í félagi við Þórarinn bróður sinn.

Karvel var mjög félagslyndur maður og sinni fjölmörgum félagsmálastörfum um ævina, oftast en ekki við stjórnvölinn. Hann var einnig gæslumaður og stjórnandi barnastúkunnar í Njarðvík, sem stofnuð var 1946. Karvel sat í hreppsnefnd á árunum 1938 til 1962, fyrst í sameinuðu sveitarfélagi Keflavíkur og Njarðvíkur en síðan í hreppsnefnd Njarðvíkur eftir sambandsplitin, m.a. sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í 20 ár, ásamt margvíslegum trúnaðarstörfum. Karvel var gerður að fyrsta heiðursborgara Ytri-Njarðvíkur á 75 ára afmæli sínu árið 1978. Hann var einnig sæmdur

riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu.

Karvel var einnig liðtækur penni, ritaði endurminningar sínar í þremur bindum, „Sjómannaævi“ sem komu út árið 1981 til 1985 og einnig barnabækurnar „Refir“ og „Þrír vinir, ævintýri litlu selkópanna“.

Fyrri eiginkona Karvels var Anna Margrét Olgeirsdóttir, ein af stofnendum Kvennfélags Njarðvíkur en hún lést árið 1959. Síðari kona Karvels var Þórunn Maggý Guðmundsdóttir úr Keflavík. Karvel eignaðist 8 börn með eiginkonum sínum og ól auk þess upp 5 fósturbörn.

Karvel lést á 102 ára afmælisdaginn sinn, 30. september 2005.

og dæmið hér að ofan sýnir, sósíalísum í Njarðvík og í Ungmennafélagi Njarðvíkur, sem hafi haft uppi verulega andstöðu gegn hernum. „Þeim tókst að minnka vinsældir varnarliðsins meðal þjóðarinnar,“ segir Kristján í ágripi ritgerðarinnar.

Kristján segir einnig frá stofnun MÍR deildar á Suðurnesjum 25. maí 1952, en MÍR stendur fyrir „Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna“ (Sovétríkjanna). „Stofnfundurinn kaus Oddberg Eiríksson sem formann deildarinnar og Bjarna Einasson sem stjórnarmann sem báðir voru félagar og í

stjórn UMFN. Af öðrum stofnfélögum úr UMFN má nefna þá Hilmar Þórarinsson, Bjarna Bergsson, Kristófer Þorvarðsson og Bjarna Halldórsson allt kunn nöfn úr fundargerðabókum UMFN“ (39). Kristján segir ljóst að ræðurnar á félagsfundum MÍR hafi verið innblásnar og undir sterkum áhrifum frá ástandinu í Sovétríkjunum á þessum tíma og oft hafi verið sýndar kvikmyndir frá Sovétríkjunum. Svo virðist sem einstaka stjórnarmenn og félagar innan UMFN hafi orðið mjög uppteknir af andstöðu sinni við veru varnarliðsins „og fór oft mikill tími í að ræða þau mál á fundum

UMFN. Margt er bókað frá þeirri umræðu og hvernig UMFN reyndi að fá önnur ungmennafélög í lið með sér gegn setu varnarliðsins“ (41). Þannig hafi Hilmar Þórarinsson verið sendur sem fulltrúi UMFN á ársþing UMFÍ árið 1952 til að efla baráttuna gegn hernum á landsvísu. Kristján segir vart fara á milli mála að helstu forystumenn UMFN hafi verið í „pólítískri herferð og notuðu stöðu sína innan UMFN til að ganga erinda sósíalísta og Sovétríkjanna“ (44).

Félagsmenn í Ungmennafélaginu urðu þó fljótlega eftir 1954 afhuga þjóðmálaumræðunum á fundum

Róðrasveit UMFN 1954, f.v. Reynir Þorvaldsson, Þórmar Guðjónsson, Sigmundur Baldvinsson, Gunnar Kristjánsson, Meinert Nilssen, Ólafur Egilsson og Hafsteinn Axelsson.



Róðrakeppni á sjómanna daginn



Ungmennafélagið lét byggja róðrabát árið 1950 og átti sveit manna í kappróðri á sjómanna daginn. Róðrasveit Njarðvíkur átti kappi þegar sjómanna dagurinn var haldinn hátíðlegur, bæði yngri og eldri sveit. Róðrasveitirnar voru mjög sigursælur.

Hluti af grein sem birtist í desemberhefti
Skinfaxa árið 1969 vegna 25 ára afmælis UMFN.

félagsins. Tekið var upp ákvæði í félagslögum þessum efnis að félagsmenn þyrftu að mæta á að minnsta kosti tvo fundi til að geta greitt atkvæði um málefni félagsins og skapaði ákvæðið nokkra óánægju, svo miklar að einhverjir sögðu sig úr félaginu. Ákvæðið var því afturkallað og þróunin varð jafnframt sú að félagsfundum fækkaði en stjórnarfundum fjölgaði. Íþróttir fengu auk þess smátt og smátt meiri umfjöllun og svo fór að allt kapp var lagt í uppbyggingu á því sviði.

Áframhaldandi uppbygging og aukin áhersla á íþróttir

Eftir að skemmtanahald í Krossinum var komið á gott skrið þótti ungmennafélaginu vel búíð að samkomu- og fundarhaldi en aðstöðu til íþróttaiðkunar hins vegar skorta sárlega. Nefndarmenn vildu bæta úr þessu og stofnuðu í því skyni íþróttadeild í byrjun árs 1950. Til að byrja með gátu aðeins Njarðvíkingar sem náð höfðu 16 ára aldri skráð sig í deildina en fjórum árum seinna var aldurinn lækkaður niður í 14 ár. Í kjölfar stofnunar íþróttadeildar komst mikill skriður á íþróttastarfið, þó íþróttageirnadeildir hafi ekki verið stofnaðar fyrr en löngu síðar. Krossinn þótti þó ekki gott félagsheimili og skemmtistaður til frambúðar og því stóðu vonir félaganna til þess að hægt yrði að ráðast í byggingu nýs félagsheimilis. Þó var ákveðið að láta gerð íþróttasvæðis ganga fyrir þar sem það vantaði tilfinnanlega. Íþróttafólk þurfti t.a.m. að notast við túnblett til íþróttaiðkunar á svæði þar sem nú er Grundarvegur.

Eftir að félögin eignuðust nýja félagsaðstöðu í Stapa, fékk Krossinn nýtt hlutverk árið 1967 sem íþróttahús að undangegnum nokkrum breytingum sem félögin kostuðu, ásamt Njarðvíkurhreppi, enda engin aðstaða til þjálfunar né keppni innanhúss í hreppnum. Þar fór íþróttakennsla barna fram en á kvöldin nýtti ungmennafélagið aðstöðuna til íþróttaiðkana. Íþróttafélögin í nágrennabyggðalögunum fengu einnig afnota af aðstöðunni, en í Krossinum var stærsti íþróttasalur á Suðurnesjum, utan flugvallarins. Litli salur hússins var hins vegar afhentur skátafélaginu Víkverjum í Njarðvík til afnota og sáu þeir um breytingar á salnum, ásamt kostnaði við þær. Eftir að íþróttahúsið í Njarðvík var

Þrjú brautryðjendur heiðraðir á 25 ára afmælishátíð UMFN. Frá vinstri: Oddbergur Eiríksson, Ólafur Sigurjónsson og Karvel Ögmundsson. Í ræðustól er Guðm. Snorrason, formaður UMFN, og við hlið hans Árni Júlíusson gjaldkeri félagsins. (Ljósmyndastofa Suðurnesja)

10




SKINFAXI

tekið í notkun árið 1972 hætti Krossinn að þjóna því hlutverki og var þar haldið úti æskulýðsstarfsemi á vegum hreppsins til ársins 1979. Krossinn var rifinn árið 1980 og seldur í Skagafjörð „þar sem hann þjónar enn sem hlaða á bænum Tunguhlíð“ (Vormenn Íslands bls. 123).

Hafist var handa við byggingu íþróttavallar haustið 1950 eftir að staðsetning hafði verið valin, á lóð við hlið Krossins. Í íþróttavallarnefnd voru frá upphafi Óskar Kristjánsson formaður, Friðrik Valdimarsson og Bjarni Einarsson. Fjármagnið kom annars vegar frá UMFN fyrir ágóða af rekstri Krossins og hins vegar frá Njarðvíkurhreppi, sem veitti fjárstuðning til framkvæmdanna. Kvenfélagskonur í Njarðvík veittu einnig styrk til framkvæmdanna, sem í heildina kostuðu 450 þúsund krónur. Grasvöllurinn var 105 metrar að lengd og 70 metrar á breidd með 400 metra langri og 5 metra breiðri hlaupabraut. Auk þess voru tvær stökkgrýfjur við völinn og litlu síðar var einnig gerður malarvöllur til hliðar við grasvölinn, 60 metrar á breidd og 100 metrar á lengd. Framkvæmdir urðu tímafrekar því landið var mjög

grýtt og erfitt yfirferðar en einnig vegna ósætta sem virðast hafa sprottið af því að skilning hafi vantað milli manna, að því er greina mátti í ræðu Ólafs Sigurjónssonar við vígslu vallarins, en Ólafur sá um framkvæmd og verkstjórn: „Í nokkur ár hefur áhugastarfið verið vallargerðin. Við ólum nokkrir þá von,



Snorri Vilhjálmsson og Halldór Bárðarson handlangari við byggingu Stapan.



Oddbergur Eiríksson

Oddbergur fæddist í Sandfelli í Örafum og ólst þar upp, einnig í Nesjasveit í Hornafirði. Hann lærði skipasmíði hjá Bjarna Einarssyni í Innri-Njarðvík og lauk þaðan sveinsprófi árið 1946. Að því loknu stundaði Oddgeir nám bæði í Svíþjóð og Danmörku. Lengst af starfaði Oddgeir í Skipasmíðastöð Njarðvíkur og var einn af eigendum hennar.

Félagsmál hafa lengi verið ofarlega á baugi hjá Oddbergi og hefur hann gegnt

margvíslegum trúnaðarstörfum, sat m.a. í sveitarstjórn Njarðvíkurhrepps fyrir Alþýðubandalagið, hjá Samvinnunefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum og sóknarnefnd Ytri-Njarðvíkurkirkju.

Oddbergur hefur ekki síður haft sterkar skoðanir á samfélagsmálum og hann hefur verið duglegur að láta að sér kveða í þeim efnum með greinaskrifum í dagblöð.

Eiginkona Oddbergs var Fjóra Bjarnadóttir, en hún andaðist árið 2008. Þau eignuðust tvö börn.

Oddgeir er búsettur í Reykjavík.



Bygging Stapans var mikið kappsmál fyrir Ólaf Sigurjónsson, sem þá gengdi formennsku í ungmennafélaginu og hann var mikil drifkraftur í verkinu. Hann sagði um leið og hann afhenti Oddbergi Eiríkssyni lykjavöldin að húsið líktist álfahöll í draumi forfedranna. Það urðu ill örlog Ólafs að láta lífið af sárum eftir umferðarslys framt við Stapann, á leið til vinnur sem framkvæmdastjóri hússins.

fyrir. Því hefur seinkað meðal annars vegna þess, að margur fjélagsmáðurinn hefur ekki skilið, að mannvirki sem rís af grunni fyrir dugnað og áhuga hins sameinaða fjölda félaganna, er óbrotgjarn minnisvarði yfir vel unnið áhugastarf. Ef að þeir skildu að þetta er ekki stundarhagnaður, heldur lagður grundvöllur fyrir þá sem á eftir koma og fagurt fordæmi fyrir okkur líka að taka hendinni til, því að verkefni eru alltaf óþrjótandi, ef vilji, atorka og skilningur á tilgangi verkefnisins haldast í hendur, skilji félagarnir þetta ekki, er það í rauninni félagslegt gjaldþrot“ (40 ára afmælisrit UMFN bls. 2).

Hönnun íþróttavallarins var í höndum Gísla Halldórssonar arkitekts og þótti það mikið mannvirki á þess tíma mælikvarða og bera vott um stórhug ungmennafélagsmanna. Gísli hafði einnig tæknilega umsjón með verkinu og leiðbeindi við verkið, ásamt



Þorsteini Einarssyni íþróttafulltrúa ríkisins. Völlurinn var vígður 16. júní 1957 með vinaleik í knattspyrnu á milli Ungmennafélaganna Njarðvíkur og Gerða í 3. flokki. Garðmenn fóru með sigur af hólmi, skoruðu 5 mörk á meðan Njarðvíkingar náðu einungis að skora eitt mark. Guðjón heitinn Helgason rifjaði upp vígsluleikinn í viðtali við Oddberg Eiríksson fyrir blaðið „Framan af áttum við engan mannskap til að taka þátt í leikjum. Það voru fáir í hverjum aldurshópi og Sólmundur Einarsson var elstur í hópnun. Til að ná saman 11 manna liði fyrir vígsluleikinn þurfti að smala saman strákum úr öllum flokkum. Það var skrítið en merkilegt. Við vorum að æfa til kl. 2 og 3 á nóttunni á svæðinu þar sem skrudgarðurinn í Njarðvík er núna, til að verða nægilega góðir til að spila vígsluleikinn á móti Víði Garði.“ Einnig var handboltaleikur stúlka úr Sandgerði og Njarðvík og lauk þeim leik með jafntefli, fjögur mörk gegn fjórum. Vígslunni lauk með kappleik í knattspyrnu á milli Keflavíkur og Hafnarfjarðar sem einnig lauk með jafntefli 0-0. Um svo mikinn viðburð var hér að ræða að Lúðrasveit Keflavíkur lék fyrir skrudgöngu ungs fólks og einnig á milli íþróttaviðburða undir stjórn Guðmundar Norðdahl.

Völlurinn var sá fyrsti á Suðurnesjum og með þeim fyrstu á Íslandi, aðeins Laugardalsvöllurinn var risinn í Reykjavík. Hann var því mikil lyftistöng fyrir Suðurnesin, þó aðallega fyrir UMFN sem nýtti hann mest og rak fyrstu 20 árin, en íþróttafélögin í sveitarfélögunum

í kring nýttu völinn til keppni þangaði til þau fengu sína eigin velli. Árið 1976 tók Njarðvíkurbær við rekstrinum, því hann var orðinn mjög fjárfrekur en UMFN hafði fullan afnotarétt.

Vígsla íþróttavallarins var aðeins upphafið að mikilli eflingu innan Ungmennafélagsins á næstu árum og áratugum. Íþróttahús og sundlaug áttu eftir að rísa við hlið grunnskólans með nýjum tækifærum í sundiðkun og styrkingu körfuknattleiksins og í framhaldi voru ýmsar íþróttadeildir stofnaðar, fyrst knattspyrnudeild, síðan handknattleiksdeild, körfuknattleiksdeild, sunddeild og svo koll af kalli. En fyrst að byggingu Stapans, sem líkt og Krossinn var aðaltekjulind Ungmennafélagsins í allri uppbyggingu.



Stórhuga ungmennafélagar

Það þótti ljóst á 6. áratugnum að Krossinn myndi ekki duga mikið lengur sem félagheimili Ungmennafélagsins og Kvenfélagsins. Húsnaðið væri orðið lúíð og stæðist ekki kröfur, auk þess sem það þótti standa í vegi fyrir vexti félagsstarfsins sem var grundvöllur fjárfestingarfélaganna tveggja. Það var því aðalhugsjón félaganna að koma upp nýju félagshemili og í raun það eina sem batt félögin saman, ef marka má orð Ólafs Sigurjónssonar á 25 ára afmælishátíð félaganna árið 1969 og birt var í Faxa. Tveimur dögum fyrir vígslu íþróttavallarins var framkvæmdaleyfi fyrir Stapann loks í höfn, en sótt hafði verið um fjárfestingarleyfi í 4 ár áður



Skarphéðin Jóhannsson, byggingameistari íþróttahúss, sundlaugar og Stapans.

en leyfi fékkst. Framkvæmdir hófust í september árið 1958 og þá höfðu félögin safnað í húsbyggingarsjóð í 9 ár. Myndað var sameignarfélag um byggingu félagsheimilisins og átta þar fulltrúa Njarðvíkurhreppur og Víkverjar, auk Ungmennafélagsins og Kvenfélagsins. Húsið var um 1300 fermetrar að gólfleti, teiknað af Sigvalda Thordarsyni arkitekt. Í því var stór aðalsalur með svölum sem rúmaði allt að 500 gesti, fundarsalur, félagsherbergi og svið með tilheyrandi aðstöðu. Ákveðið var að fara þá leið í smíðinni að semja við iðnaðarmenn í stað þess að fara í útboð og skilaði það lægri byggingakostnaði. Húsið var því að mestu byggt af heimamönnum og tók smíði þess í heild sjö ár og var kostnaður um 10 milljónir króna. Fundarsalur og félagsherbergi voru tekin í notkun nokkru áður en húsið var fullklárað og Bókasafn Njarðvíkur fékk þar inni frá árinu 1963 og allt til ársins 1976 þegar það var flutt í Njarðvíkurskóla.

Í Sögu Njarðvíkur eftir Kristján Sveinsson er þess getið að hugmyndir hafi verið uppi þess efnis að reisa kapellu áfasta nýju félagsheimili ungmennafélagsins og kvenfélagsins þar sem engin kirkja hafi verið í Ytri-Njarðvík. Þær hugmyndir náðu hins vegar ekki fram að ganga, m.a. vegna andstöðu kvenfélagskvenna. Húsið var vígt við formlega athöfn 23. október 1965 og var þá greint frá nafni þess, Stapi. Húsnefnd, sem skipuð var fulltrúum eigenda, veitti húsinu viðtöku og fór Oddbergur Eiríksson fyrir nefndinni. Oddbergur sagðist vona „að heimilið dygði staðarþúum til góðra hluta“ (Þjóðviljinn 26. október 1965).

Njarðvíkurleikhúsið tók til starfa um skeið nú þegar fullkomin aðstaða til leiksýninga var risin í Njarðvík en Njarðvíkingar höfðu þá nýlega hætt leiksamstarfi við Keflavíkinga. Fyrsta leikritið sem fór á svið í Stapa var **Allra meina bót** eftir þá bræður Jón Múla

og Jónas Árnasyni í leikstjórn Helga Skúlasonar. Leikendur í sýningunni voru Albert Karl Sanders, Eggert Ólafsson, Hulda Gunnarsdóttir, Inga Reykjadal, Ingólfur Bárðarson, Jón William Magnússon, Lúðvík Guðmundsson, María Baldursdóttir, Silla Ólafsdóttir, Sævar Helgason og Þórdís Karlsdóttir.

Góð aðstaða var einnig til kvikmyndasýninga í húsinu og voru kvikmyndir Ósvaldar Knudsens sýndar fljótlega eftir vígsluna, en sýning þeirra var liður í menningarviku í tilefni vígslunnar.

Þegar hér er komið sögu í 70 ára söguritun UMFN er gaman að grípa niður í viðtal við Guðmund Snorrason, sem tekið var fyrir Skinfaxa árið 1969 í tilefni af 25 ára afmælis ungmennafélagsins. Guðmundur hafði þá nýlega tekið við formennsku í félaginu af Ólafi Sigurjónssyni. Guðmundur er í viðtalinu spurður að því hvernig á því standi að ekki fjölmennara félag en UMFN hafi búið sér svo öflugra félags- og íþróttaaðstöðu sem raunin sé á 25 árum? „Samhugur fólksins hér, ágæt samvinna Ungmennafélagsins og Kvenfélagsins, góður stuðningur hreppsfélagsins og síðast en ekki sízt dugnaður Ólafs Sigurjónssonar“, sagði Guðmundur. Hann er þá spurður að því hvort þeir séu ekki ánægðir með íþróttamannvirkin og félagsheimilið? „Jú, að sjálfsgöðu. Þessi mannvirki þarf að vísu lengi að auka og endurbæta. Við erum t.d. núna að undirbúa allmikið mannvirki, sem eru áhorfendastæði við grasvöllinn. Við ungmennafélagar í Njarðvík höfum fengið mjög góða aðstöðu. Með íþróttamannvirkjunum hefur verið lagður grundvöllur verulegs og stöðugs íþróttastarfs, enda er það þegar farið að segja til sín í aukinni íþróttáþáttöku og betri árangri.“ (6. tbl. bls. 12).

Hreppurinn bætir aðstöðu til íþróttaiðkana

Ekki tókst að halda uppi íþróttakennslu í Barnaskóla Njarðvíkur eins og grunnskólalög kváðu á um vegna aðstöðuleysis. Bygging íþróttahúss varð því sérstakt baráttumál skólanefndar og var málið fyrst rætt árið 1960, en þá voru 16 ár liðin frá því að kennsla hófst í nýbyggðum barnaskóla. Ákveðið var að reisa íþróttahúsið á lóð Barnaskólans. Eftir vígslu Stapans leigði hreppurinn aðstöðu í Krossinum til íþróttakennslu barna og sundkennsla fór fram í Sundhöll Keflavíkur. En líkt og með félagsaðstöðuna dugði Krossinn ekki lengi sem íþróttasalur fyrir leikfímikennslu grunnskólabarna í Njarðvík né íþróttaiðkendar í hreppnum. Það var því brýnt að hraða framkvæmdum, sem þá höfðu staðið í tvö ár með Ólaf Thordersen, Boga Þorsteinsson og Bjarna Einarsson í fararbroddi í bygginganefnd. Aðstöðuleysi var svo mikið að árið 1967 lagðist Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins gegn því að skipaður yrði íþróttkennari við Njarðvíkurskóla þar sem íþróttaaðstaða væri nánast ekki tiltæk og íþróttakennsla því

Heimsókn í Njarðvíkur:

Blómlegt atvinnu- og mannlíf


BLÓMLEGT atvinnulíf og dugnaður hafa einkennt Njarðvíkurhrepp í 30 ára sögu hans. Þar búa nú um 1550 manns. Tveir íþróttavellir eru í hreppnum, nýr skóli, glæsileg sundlaug og íþróttahús, mjög skemmtilegt dagheimili, samkomuhúsið Stapi auk fjölmargra fyrirtækja sem vinna að fisk iðnaði og almennum iðnaði. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum þrængja nú mjög kosti hreppsins eins og fram kemur hér á eftir, en Njarðvíkingar leggja þó ekki árar í bát og sitthvað er á döfinni í þessu bæjarfélagi, sem yfirleitt er svo hljótt um og meira að segja hið þekktu samkomuhús, Stapi, er af flestum álitit þó vera í Keflavík. Við brugðum okkur

í stutta heimsókn í Njarðvíkurhrepp til þess að skuggast um í hreppslifinu.

Njarðvíkurhreppur varð 30 ára á þessu ári, en smemma árs 1942 fengu Njarðvíkingar aðskilnað frá Keflavík. Þá bjuggu aðeins 282 í Njarðvíkum, en um sl. áramót bjuggu þar um 1550 manns. Í stuttu rabi við Karvel Ógmundsson fyrsta oddvita hreppsins kom fram að ágreiningur var um hreppaskiptin, en síðan þau voru ákveðin hefur algjör eining ríkt og mikið samstarf. Karvel var oddviti í 20 ár og hann tók það fram að hann hefði aldrei fengið ónot frá nokkrum manni. „Ekki fyrir það“, sagði hann, „að ég væri lílegri en aðrir menn, heldur tel ég að hér sé alveg sérstakt fólk“.

Uppbygging ungmennafélags-manna og Njarðvíkurhrepps vakti m.a. athygli blaðamanns sem heimsótti Njarðvík í sumarbyrjun árið 1972 til þess að gera heilsíðublaðagrein um bæjarfélagið.

Þetta er brot úr greininni sem birtist 4. júní.




Íþróttahús Njarðvíkur var í byggingu á árunum 1970 til 1973. Hér má m.a. sjá áhorfendastúlkuna í smíðum.



óframkvæmanleg. Hann var mótfallinn því að Krossinn yrði nýttur til að hýsa íþróttakennslu barna, fannst hann illa til þess fallinn. Það var þó gert enn um sinn eftir að Kjartan Ólafsson héraðslæknir í Keflavík lagði blessun sína yfir húsnæðið. Í framhaldi var fyrsti íþróttakennarinn ráðinn við skólann, Guðmundur Óskar Emilsson.

Ekki stóð til í upphafi máls að byggja sundlaug og varð málið að miklu hitamáli í hreppnum. Eftir að ákveðið var að nýta grunn íþróttahússins til byggingar sundlaugar, í stað þess að fylla hann upp, var eðli málsins samkvæmt byrjað á henni. Jes Einar Þorsteinsson arkitekt var fenginn til að hanna laugina og í framhaldi var sundlaugarbyggingin boðin út. Það var árið 1965 en framkvæmdir hófust þó ekki fyrr en ári síðar. Bygging sundlaugarinnar þótti


sérstaklega brýn í ljósi þess að Sundhöll Keflavíkur annaði ekki öllum þeim fjölda barna sem þar þurftu að læra sundtökin, en auk barna í Keflavík og Njarðvík sóttu þangað einnig börn úr nágrennabyggðalögunum í skólasund. Sundlaugin var vígð 16. maí 1970, ásamt gufubaði og litlum íþróttasal, og varð mikil hvatning fyrir sundiðkun í bæjarfélaginu, enda þess ekki langt að bíða að sunddeild yrði stofnuð innan UMFN, aðeins mánuður. Sundlaugin er 12,5 metrar á lengd og 8 metrar á breidd og þjónar enn grunnskólanemum, ungum sundiðkendum í Njarðvík og íbúum.



íþróttahússins, eins og hann var titlaður í blaðinu og sagði hann handknattleik, körfuknattleik og badminton vera þær greinar sem mest væru stundaðar í húsinu, öll kvöld og allar helgar og kæmust færri að en vildu. Það þótti því snemma ljóst að þörfin fyrir þessa íþróttaaðstöðu hafði verið brýn.

Eftir vígslu sundlaugarinnar var hægt að setja allan kraft í byggingu íþróttahússins og var henni lokið árið 1973. Það segir e.t.v. allt sem segja þarf að tveimur árum síðar kom fyrsti Íslandsmeistarabikarinn í körfuknattleik í hús, í 3. flokki karla. Vegur körfuboltans hefur bara aukist síðan þá og húsið verið í stöðugri notkun, auk þess að hafa undirgengist ýmsar breytingar. Stærstar þeirra eru m.a. búningsaðstaða á fyrstu hæð og félagsaðstaða á 2. hæð, sem vígð var árið 2004. Árið 1974 tók Faxi hús á Kristbirni Albertssyni hússtjóra

Valur Guðmundsson við byggingu Stapans.





Mikill félagsauður í Njarðvík

Það voru ungir og kappsfullir menn sem gerðu sér ferð upp í Hamingjulundinn í Grænásbrekku til þess að ræða stofnun Ungmennafélags. Þetta voru Karvel Ögmundsson, Ólafur Sigurjónsson og Oddbergur Eiríksson, sem hér situr fyrir svörum og hafði ungmennafélagsandinn í þjóðfélaginu blásið þeim kapp í kinn. Forsíðumynd Hreins Guðmundssonar sýnir einmitt þennan fund og hvernig útlits var í Njarðvíkum á lýðveldisárinu 1944. Það voru Jón Björn Ólafsson og Guðjón heitinn Helgason sem hittu Oddberg fyrir nokkru til þess að ræða fyrstu starfsár félagsins.

Íhuga Oddbergs var Ungmennafélag Njarðvíkur mjög merkileg hreyfing. Hann sagði að í upphafi hafi mikil áhersla verið á ferðalög félagsmanna sem hafi síðan þróast yfir í öfluga og margþætta starfsemi. „Það má segja að félagið hafi byrjað sem ferðafélag en síðan vorum við náttúrlega farin að taka þátt í öllu. Við rákum félagsheimili, vorum þátttakendur í kirkjubyggingunni og vorum mjög virk í öllum félagsmálum hreppsins líkt og kvenfélagið,“ sagði Oddbergur. Honum eru ferðalögin minnstæð þar sem farið var víða um land og hann sagði í viðtalinu frá einni svadilför upp á Reynisfjall. „Við tókum alltaf rútu frá Keflavík og það var sami ökumaður sem keyrði í þessum ferðum. Hann var svólitill glanni. Mér er minnisstætt þegar við fórum upp á Reynisfjall og hann bakkaði bílnum þannig að skottið fór út fyrir fjallsbrúnina. Ég var í skottinu. Ég hef sjaldan eða aldrei orðið eins hræddur og í þessari ferð.“

Oddbergur sagði blómaskeið ferðalaganna hafa verið þegar

bifreiðaeign var ekki almenn. Þegar málin þróuðust hins vegar á þann veg lögðust þessar ferðir af, jafnvel þótt reynt væri að fara í ferðir sem væru aðeins færar rútbifreiðum.

Græddu á tá og fingri

Eftir að UMFN og Kvenfélagið Njarðvík keyptu Krossinn af Magnúsi Ólafssyni í Höskuldarkoti árið 1946 hófst fjáröflun félaganna af krafti sem síðar var nýtt til uppbyggingar bæði á íþróttamannvirkjum og félagsaðstöðu. Oddbergur sagði að félögin hafi þurft að gera svólitlar endurbætur á húsinu, aðallega framhliðinni. Félagsfundir UMFN voru haldnir í litla bragganum. „Við fórum að græða á tá og fingri þegar við fórum að halda dansleiki í Krossinum. Með þessum peningum var hægt að fara í það að byggja íþróttavöllinn, knattspyrnuvöllinn og áhorfendapallana, sem voru byggðir upp með jarðefnunum vallanna sem voru keyrð í haug. Þetta var fyrsti



Frá einni af sumarferðum UMFN.

grasvöllurinn í landinu í eigu félags, sem það að auki borgaði sjálft fyrir. Ári áður hafði Reykjavíkurborg vígt Laugardalsvöll. „Oddbergur telur þetta sérstaklega merkilegt í ljósi þess að íþróttahreyfingin er á framfæri sveitarfélaganna en þarna var ungmennafélag að verki með sjálfsaflafé. „Þessi félagshreyfing fékk aldrei neinn pening frá sveitarfélaginu, a.m.k. ekki þegar við vorum í þessu.“ Seinna var farið í byggingu Stapans sem, eins og kunnugt er, var samstarfsverkefni UMFN og Kvenfélagsins. „Samstarf þessara félaga var ekki síður einstakt, þau voru eins og systkini, meira að segja með sameiginlegan fjárhag. Það var mikill félagsþroski í Njarðvík á þessum tíma,“ sagði Oddbergur að lokum.



*Stofnfélagar heiðraðir á 50 ára afmæli.
F.v. Ingi Gunnarsson, Karvel Ögmundsson og
Oddbergur Eiríksson stofnfélagar, Steinunn
Sighvatsdóttir, gjaldkeri og Haukur Jóhannesson
formaður UMFN.*



Oddbergur Eiríksson heima í stofu.



Ómetanlegur stuðningsaðili

Allir Njarðvíkingar þekktu Steindór Sigurðsson sem var mikið ljúfmenni og vildi allt fyrir alla gera. Steindór var ávallt tilbúinn með rútur sínar fyrir ungmennafélagið og var félaginu ómetanlegur stuðningsaðili. Hann var alltaf boðinn og búinn að styrkja félagið.

Þær voru ófáar rútuferðirnar sem Steindór lagði félaginu til í hinum ýmsu keppnisferðum um land allt fyrir deildir félagsins. Steindór var áhugasamur um starfsemi félagsins og var sjálfur þátttakandi í hinum ýmsu félagsstörfum. Hann lagði sitt af mörkum hvar sem hann var og var afar vinsæll maður.

Nei var ekki til í hans orðabók hvað sem á gekk var hann alltaf til staðar þegar til hans var leitað. Steindór náði vel til allra í bæjarfélaginu, en hann sat í bæjarstjórn um árabil og þekkti því landslagið í Njarðvík betur en margir aðrir.

Steindór var ötull og kraftmikill liðsmaður bæði í bæjarmálunum sem og í starfsemi ungmennafélagsins. Ungmennafélagið þakkar góðum dreng fyrir allt það sem hann lagði félaginu til í fjölmörg ár.



Frá sumarferðalögum UMFN



Árvið sumarferðalög voru stór hluti af starfsemi Ungmennafélags Njarðvíkur framan af. Um helgarferðir var að ræða og var oftast farið í byrjun júlí á einhvern áhugaverðan stað innanlands. Ferðalangar fóru saman með rútu og var jafnt farið stuttar vegalengdir sem langar, allt vestur að Lómagnúpi og austur að Skaftafelli. Síðasta ferðin sem var farin var í Þórsmörk árið 1973.


Félagsmenn eiga góðar minningar frá þessum ferðalögum, sem margar hverjar hafa varðveist á myndum, bæði svarthvítum og í lit, eins og þetta úrval hér gefur til kynna.



Góð aðstæða til íþróttaiðkana í Njarðvikunum

ÆFINGAR OG KAPPLEIKR ÖLL KVÖLD VIKUNNAR

Þótt íþróttahúsið í Njarðvík hafi ekki verið formlega vígt ennþá, er starkefni í fullum gangi. Samkvæmt og gífurlega ásamt litlum leikmönnum og kjallara húsinu, allt hóf glæsilega og mikil sótt, en á hluti glæsilega var opnaður fyrir um það bil tveimur árum.



Myndin er tekið í íþróttahúsinu í Njarðvík, þegar keppni UMFN og BH fór fram. Framst á myndinni sé greinin Högn Guðlaugsson, fyrrum knattspyrnukeppni. Næstur er Jón Fríðrik Ólafsson, og í bakgrunni er Ólafur Stefánsson, fyrrum markvörður og skákspilari, og Þóður Haaksson, allir frá UMFN. Því miður vitum við ekki deili á þessum í ljósu fótunum lengst til hægri.

Íþróttasalurinn var tekið í notkun fyrir nokkrum vikum og er hvergi hægt að anna efirryggur hins mörgu íþróttagælna sem líkaðar eru á Suð-Íslandinu. Því er Kristbjörn Albertsson hústjóri, tvöfaldur okkur. Handmálaleikur, körfuknattleikur, og badminton eru þær greinar sem mest eru líkaðar í íþróttasalnum á kvöld og allar helgar, og komast ferri að en vilja, svo þetta er þetta.



Á myndinni sjást þeir Áral Sigvaldsson, t.v. form. BH, og þeirra sterkasti spilar, og knattspyrnukeppni gæðkunnar, Jón Ólafur Jónsson, sem er einna lítillari, og knattspyrnukeppni gæðkunnar, Jón Ólafur Jónsson, sem er einna lítillari, og knattspyrnukeppni gæðkunnar, Jón Ólafur Jónsson, sem er einna lítillari.

Fyrsta Badmintonkeppni UMFN

Badminton — eða hafi — er ein og sumir hafa viljað nefna íþróttina, er að rýða sér til rúms á Suðurnesjum. Þess vegna hafa nokkrir stúdentar hófð að íþróttina í nokkur ár, sér til upplýtingar, en aðrir keppit, enda ekki nokkur skilyrði til þeirra hluta vegna háskóla.

Þessu greinum fylgja keppleikir í íslandsmótum, sem taka sinn tíma. Þótt íþróttahúsið sé fyrst og fremst byggt fyrir Njarðvíkinga, hafa flokkar byggð fyrir Njarðvíkinga, hafa flokkar byggð fyrir Njarðvíkinga, hafa flokkar byggð fyrir Njarðvíkinga.



Ungmennafélag Njarðvíkur

Laugardaginn 25. okt. s.l. hélt Ungmennafélag Njarðvíkur hátíðlegt 25 ára afmæli sitt, ásamt Kvenfélaginu Njarðvík, í hinu glæsilega félagsheimili Stapa. Bæði félögin eru stofnuð lýðveldisárið 1944, ungmennafélagið 10. apríl, en kvennafélagið 17. apríl. Afmælisfagnaðinn sóttu um 300 manns, þar af margir gestkomandi boðgestir. Íbúar Njarðvíkurkaupþúns, sem eru aðeins líðlega 2000 að tölu, munu eiga miðað við höfðatölu og sér þess vissulega merki í kaupþúninu. Ungmennafélag Njarðvíkur er nærri því jafnvaxið upp með því og tvímælalaust sett svip sinn á líf og framkvæmdir í samfélagi Njarðvíkinga. Í Njarðvík er eitthvert glæsilegasta félagsheimili landsins, þar eru góðir íþróttavellir, bæði grasvöllur og malarvöllur, rúmkomíð íþróttahús og annað stórt og full-ásamt sundlaug. Það er því augljóst, að áskufólki þessa kaupþúns er vel

séð fyrir hinum ytri aðstæðum til menningarlegs íþrótt- og félagsstarfs. Sveitarstjórnin hefur skilið þýðingu Ungmennafélagsins í þessu starfi og stutt það á ýmsa vegu.

Í tilefni afmælisins heiðraði Ungmennafélagið þrjá af fyrstu stjórnarmönnum félagsins, og var þeim afhent heiðurmerki félagsins fyrstum manna. Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir fráformaður þess í 23 ár, og fyrir margvíslegan stuðning á opinberum vettvangi. Ólafur er nú oddviti Njarðvíkurhreypps og framkvæmdastjóri félagsheimilisins Stapa.

Karvel Ögmundsson hlaut silfurmerki fyrir að hafa öðrum fremur hvatt til stofnunar félagsins og fyrir ýmis störf í þágu þess og veittan stuðning alla tíð. Þá hlaut Oddbergur Eiríksson silfurmerki félagsins fyrir 17 ára stjórnarstörf og margþætta leiðsögn og stuðning féluginu til handa.




Fyrsti fullkomni grasvöllurinn var byggður í Njarðvík. Myndin er frá keppni á vellinum. Í baksýn er íþróttahúsið.

8

Skinfaxi 6. tbl. 69.

SKINFAXI

Faxi 1. tbl. 74.



Sögumyndin sem prýðir forsíðu sýnir hvernig byggðin í Ytri-Njarðvík leit út 1944 við stofnun félagsins, séð með augum listamannsins Hreins Guðmundssonar í Vogum sem málaði myndina. Upphafleg hugmynd að gerð myndarinnar átti Guðjón Helgasson og sýnir hún fyrstu stjórn UMFN þá Oddberg Eiríksson, Ólafur Sigurjónsson formann og Karvel Ögmundsson þar sem þeir áttu undirbúningsfund að stofnun félagsins við klettana fyrir neðan Grænás. Á milli þeirra er fyrsta félagsmerki UMFN sem var hannað af Áka Granz, núverandi félagsmerki var hannað af Sævari Helgassyni. Á filmubútnum efst á myndinni er Félagshimilið Stapi, Krossinn, íþróttavellirnir og íþróttahúsið.



Landsmót UMFÍ var haldið í Njarðvík og Keflavík árið 1984. Þá var engin lögleg keppnislaug í sveitarfélögum og var því brugðið á það ráð að koma upp bráðabirgðalaug í skrudgárdinum í Njarðvík.

Njarðvíkingar sterkir sundmenn

Aðalhvatamaðurinn að upphafi sundþjálfunar barna í Njarðvík var Þórunn Karvelsdóttir, dóttir Karvels Ögmundssonar, sem hóf að þjálfa börn í undir lok 6. áratugarins í sundhöll Keflavíkur. Sundhöllin hafði þá nýlega verið yfirbyggð, sem leiddi til mikillar eflingar sundiðkunar meðal almennings, enda þótti laugin köld eins opin og hún var og að auki við opið haf. Jón Bjarni Helgason var eitt þessara barna en Jón varð síðar ein aðaldrifjöðurinn í stofnun og uppbyggingu sunddeildar UMFN.

Á sundmeistaramóti Keflavíkur árið 1959 kepptu Njarðvíkingar í fyrsta sinn á sundmóti í Keflavík, sem gestir. Þá strax var ljóst að ungir Njarðvíkingar áttu fullt erindi í sund því í flokki barna 12 ára og yngri sigruðu börn úr UMFN, þau Jón Bjarni Helgason og Álfðis Sigurþórsdóttir.

Þjálfunin bar fljótt árangur

Sunddeild UMFN var stofnuð í júní árið 1970, aðeins mánuði eftir vígslu

Jón Bjarni og Álfðis á verðlaunapalli, Jón Bjarni fékk verðlaun fyrir skriðsund og Álfðis fyrir bringusund. Það byrjaði því vel hjá Njarðvíkingum.

sundlaugarinnar í Njarðvík, enda loksins komin aðstaða til sundiðkunar og kennslu í hreppnum. Menn höfðu



þó rennt augum til stærri sundlaugar en raunin varð, eins og fram kemur í viðtalinu við Guðmund Snorrason, fyrrum formann UMFN. Leitað hafði verið til þriggja Njarðvíkinga vegna undirbúnings stofnunarinnar, þeirra Friðriks Ólafssonar, Jóns B. Helgasonar og Björns V. Þorleifssonar, en þeir skipuðu jafnframt fyrstu stjórn deildarinnar. Fljótlega var leitað eftir samstarfi við grunnskóla Njarðvíkur varðandi uppbyggingu sundíþróttarinnar. Bæði skólastjórinn sem þá var, Sigurbjörn Ketilsson og Guðni Kjartansson íþróttakennari skólans tóku vel í þá málaleitan. Árleg skólamót voru haldin í sundinu, það fyrsta árið 1972 og strax þá mátti sjá efnilegt sundfólk, sem margt hvert átti eftir að gera góða hluti í sundinu og auka hróður ungmennafélagsins.

Af úrvals sundfólki UMFN má nefna Eðvarð Þór Eðvarðsson, Sonju Hreiðarsdóttur, systkinin Ævar Örn og Björgu Jónsbörn, Ragnheiði Möller Einarsdóttur, Guðmund Óskar Unnarsson, Önnu Valborgu Guðmundsdóttur, Hilmar Pétur

Sonja og sænsku unglingsarnir vöktu mesta athygli

ÍSLENSKU keppendur frá fimtúttu ekki mikla málga-leika gegn japöðrum sínum frá hinum Norðurlöndunum í Unglingameistaravæðingunni í Norðurlöndum, sem fram fór í Laugar-dalslauginni um helgina. Sonja Hreiðarsdóttir náði þó mjög at-hygtisferum árangri í 200 metra skrímsund stálkana og styrki í 250,0, sem er nýtt Ís-landsmet. Sonja er aðeins 13 ára gömul og á svo sannarlega framfötum fyrir sér. Var þetta fyrsta Íslandsmeti Sonju í flokki fullorðinna, en þessi 13 ára stúlka hefur í tva ár verið landsliðs Íslands í smátt.



Sonja Hreiðarsdóttir, sem mesta athygti vakti á unglings-meistaravæðingunni í Norðurlöndum, en þessi 13 ára stúlka hefur í tva ár verið landsliðs Íslands í smátt.

Frétt af fyrsta Íslandsmeti Sonju Hreiðarsdóttur í flokki fullorðinna. Hún var þá aðeins 13 ára.

Sigurðsson, Jón Odd Sigurðsson, Sindra Þór Jakobsson og sundparið Erlu Dögg Haraldsdóttur og Árna Má Árnason.

Unga félagið vakti eftirtekt

Formlegar æfingar hófust hjá UMFN í ágúst á vígsluárinu og sá Friðrik Ólafsson um þjálfun sundiðkenda fyrstu árin. Fljótlega var tala iðkenda komin yfir 100, eins og fram kemur í fundargerð deildarinnar frá 1970. Í viðtali í Faxa árið 1975 sagði Friðrik að áhuginn hafi strax orðið mikill hjá iðkendum, þó einn og einn hafi helst úr lestinni þar sem áhuginn beindist að öðrum íþróttageirinum. Ákveðinn kjarni hafi þó náðst að myndast, 10 til 12 ungmenni á aldrinum 10 til 14 ára sem mynduðu keppnishóp sunddeildarinnar. Þegar hér var komið sögu hafði ungt sundfólk úr UMFN keppt á landsmótum UMFÍ frá árinu 1972, en þá var mótið haldið á Sauðárkróki. Aðeins tveir keppendur fóru frá Njarðvík, þau Dagný Guðmundsdóttir og Óskar Karlsson og ruddu þau brautina fyrir þá keppendur sem á eftir komu. Á næsta móti, unglingsmeistaravæðingunni í Siglufirði árið 1973 var markið sett á að vera ekki í neðsta sæti og náðist það markmið. Þegar Sonja Hreiðarsdóttir rifjaði upp þá keppnisferð í 25 ára afmælisriti sunddeildar UMFN sagði hún sundfólkið úr Njarðvík hafa vakið athygli: „Við Njarðvíkingar höfum sjálfsgagt verið svolítið heimóttarleg þarna. Flest að synda á fyrsta alvöru stórmótinu með öllu sem því fylgir. Viið vorum fá, áttum enga fyrirmynd og litla hefð að byggja á, hvað þá að við ættum samstæða búninga. Mér þótti t.d. mikið til stóru liðanna koma, sem þá voru Ægir og UBK, og bar ótölablandna virðingu fyrir æfingabúðum þeirra. Á þessu móti náði sunddeild UMFN þó þeim glæsilega árangri að fá 21. stig í flokkakeppni og okkar unga félag vakti eftirtekt og athygli. Við vorum himinlifandi með þennan árangur og ætluðum svo sannarlega að bæta það að ári“ (25 ára afmælisriti sunddeildar



Danski unglingsmeistaravæðingunni Óskar Sonju Hreiðarsdóttur til hamingju með gleslegt Íslandsmet.

100 m flugsund stálkana:	Ingela Navaas Svþjóð	1:09.5	Finland	2:23.4	
Hrefna Rúnarsdóttir	1:17.5	400 m skrímsund stálkana:	Susanne Ackum Svþjóð	4:39.2	
200 m flugsund drengja:	Lars Lindkvist Svþjóð	1:08.0	400 m skrímsund drengja:	Lars Lindkvist Svþjóð	4:25.7
200 m flugsund stálkana:	Carolina Erikson Svþjóð	2:30.2	100 m hringussund stálkana:	Ingela Navaas Svþjóð	2:46.2
Matti Vahlbær	2:31.5	200 m hringussund stálkana:	Ingela Navaas Svþjóð	2:56.0	
200 m flugsund drengja:	Lars Lindkvist Svþjóð	2:22.9	300 m hringussund stálkana:	Sonja Hreiðarsdóttir (MET)	3:54.0
200 m hringussund stálkana:	Lars Lindkvist Svþjóð	2:22.9	300 m hringussund drengja:	Mikael Tredahl Svþjóð	2:42.4
800 m skrímsund stálkana:	Susanne Ackum Svþjóð	9:32.0	200 m hringussund stálkana:	Ingela Navaas Svþjóð	2:46.2
1500 m skrímsund drengja:	Morten Hauboer	17:18.8	100 m hringussund drengja:	Mikael Tredahl Svþjóð	2:42.4
4x100 m flugsund stálkana:	Denmörk	4:02.8	200 m hringussund stálkana:	Börnun Magnúsdóttir	2:45.2
4x100 m flugsund drengja:	Svþjóð	4:30.4	200 m hringussund drengja:	Jes Gydesen Danmörk	2:17.9
100 m skrímsund stálkana:	Adette Løjdstrom Svþjóð	1:01.5	200 m flugsund drengja:	Hannu Haslamäki	1:38.9
100 m skrímsund stálkana:	Hrefna Rúnarsdóttir	1:38.9			

UMFN 1970 – 1995).

Eftir þessi fyrstu sundmót hefur sundfólk úr röðum UMFN staðið sig með þryði á landsmótum og mörg met fallið. Eftirtektarverður þótti árangur Sonju Hreiðarsdóttur sem strax árið 1975 hafði sett 20 Íslandsmet. Sonja var auk þess yngsti sundiðkandinn sem komst í landsliðið, aðeins 12 ára gömul. Laugin í Njarðvík bauð þó ekki upp á lögleg mót, hún var aðeins 12,5 metrar, auk þess sem aðstaða til áhorfs var engin. Friðrik sagði bestu launin ætíð hafa verið árangur sundfólksins. Tveimur áratugum síðar, þegar sunddeildin fagnaði 25 ára afmæli leit Friðrik yfir farinn veg í afmælisriti og lét þessi orð falla:

„Þegar litid er til baka yfir þessi 25 ár sem liðin eru frá stofnun sunddeildar UMFN verður manni ekki síður hugsað til allra þeirra sem ekki unnu öll stóru afrekin en voru manni samferða í því að auka veg og virðingu sundiþróttarinnar og hafa ánægju af félagsskap hvers



Börnun Karvelsdóttir ásamt fyrstu sundiðkendum úr Njarðvík. Aftasta röð f.v. Anna Ólöf Bjarnadóttir, Anna Karen Friðriksdóttir, Árný Tyrfingsdóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, Jón B. Helgason, Sæmundur Einarsson og Börnun Karvelsdóttir. Miðröð f.v. Júlíanna María Nilssen, Lára Yngvadóttir, Margrét Bjarnadóttir, Fjólá Gränz, Róbert Jónsson, Einar Gunnarsson, Georg Shepardson og Kristján Jóhannesson. Fremsta röð f.v. Óþekkt, Elsa St. Hafsteinsdóttir, Óþekkt, Eygló Valdimarsdóttir, Álfðís Sigurbjarnardóttir og Kolbrún Oddbergdóttir.

annars á æfingum, í skemmtiferðum á keppnisferðalögum og morgunæfingum. Á ég þar við alla þá sem hafa séð um þjálfun og stjórnun hjá deildinni og allt það sundfólk sem komið hefur að sunddeild UMFN með ýmsum hætti. Án þeirra hefði sunddeildin ekki lifað lengi og það er ekki síst þessu fólk að þakka að sunddeildin er til í dag“.

Friðrik þakkaði Boga Þorsteinssyni sérstaklega, en hann var formaður UMFN á fyrstu árum deildarinnar. Friðrik sagði Boga alltaf hafa verið boðinn og búinn að keyra sundiðkendum og þjálfara á sundmót í Reykjavík og fylgjast með af einlægum áhuga.

Endurreisn sunddeildarinnar

Ládeyða var í rekstri sunddeildarinnar á árunum 1977 til 1983 og nokkuð rót á þjálfaraliði deildarinnar. Friðrik Ólafsson snéri þá aftur til þjálfarastarfa, en hann hafði í millitíðinni bæði þjálfað sundiðkendum í Keflavík og Hafnarfirði. Ástæða endurkomunnar var m.a. til þess að halda starfseminni gangandi og styrkja allt innra starf. Til liðs við deildina komu einnig hjónin Jón B. Helgason og Valdís Tómasdóttir og Sigurður Ragnarsson, sem síðar varð formaður sunddeildarinnar. Jón sagði að eitt fyrsta málið hafi verið fjármögnun, því aðeins hafi verið til 29 krónur í sjóði og búíð var að taka ákvörðun um að ráða Friðrik í fullt starf sem þjálfara, fyrst og fremst sem þjálfara Eðvarðs Þórs, sem hér var 16 ára og að ná sínum hátindi.



Mynd frá verðlaunaafhendingu á Landsmóti 1984 – Þrír sundmenn á verðlaunapalli, Þórður Óskarsson, Jóhann Björnsson og Eðvarð Þór Eðvarðsson taka á móti verðlaunum.

Friðrik átti einnig að hafa yfirumsjón með sundæfingum í deildinni og aðstoða aðra þjálfara, sem þá voru Þórunn Magnúsdóttir, Eiríkur Sigurðsson og Jón B. Helgason. Stjórnin var sammála um að miða laun Friðriks við laun múrara og þótti það ekki lítið á þeim tíma. Til að fjármagna deildina ákvað stjórnin að selja auglýsingar á plastpoka sem dreift var í verslanir á Suðurnesjum og víða á höfuðborgarsvæðinu, en flest fyrirtækin sem keyptu auglýsingar á pokana voru af stór Reykjavíkursvæðinu. Síðar þegar sýnt þótti að Eðvarð Þór var kominn í hóp bestu sundmanna í heimi varð auðveldar að sækja um styrki til þess að halda sunddeildinni gangandi. Á þessum tíma höfðu 3 sundiðkendur úr röðum UMFN náð Ólympíulágmarki, þau Geir Sverrisson og Ragnheiður Runólfssdóttir, auk Eðvarðs. Ragnheiður keppti einnig í Seoul árið 1988 og sló eigið Íslandsmet í 100 metra bringusundi, þótt það hafi ekki komið henni á verðlaunapall þar ytra. (Þjóðviljinn 24.09.1988, bls. 13). Ólympíuleikar fatlaðra voru haldnir strax að hinum loknum og atti Geir þar kappi. Geir náði þeim einstaka árangri að komast á verðlaunapall,

fékk silfurverðlaun fyrir 100 metra bringusund en hann var á þeim tíma heimsmethafi í 100 metra bringusundi.

Eins og gefur að skilja nægði sundfólkinu ekki að æfa í litlu lauginni í Njarðvík og því fóru sundiðkendurnir bæði í sundlaug hersins á Keflavíkflugvelli, að fengnu leyfi utanríkisráðuneytisins, og í

Íþróttamiðstöðvarinnar í Njarðvík og tillögur um fjáröflunarleiðir lagðar með. Þær náðu ekki fram að ganga. Hins vegar voru í byggingu tvær sundlaugar í Keflavík, sem áttu að verða 25 metra langar.

Brot úr samantektinni sem stjórn sunddeildar sendi bæjarstjórn Njarðvíkur 7. janúar 1988 vegna byggingar sundlaugar í Njarðvík: „Ein af mörgum ástæðum fyrir nauðsyn byggingu sundlaugar hér í bæjarfélaginu, er að sundfélög fá megnið af tekjum sínum af sundmótum sem þau halda sjálf, eða fyrir Sundsamband Íslands, eða ef dæmi eru tekin af körfuboltanum hér í Njarðvík, ef þeir þyrftu að spila alla sína heimaleiki á útivelli. Annað mætti nefna, að við hér í Njarðvík eigum sundmann á heimsmælikvarða, en mjög fáir Njarðvíkingar hafa séð hann synda. Enn fremur má benda á að sundlaugin sem nú er í Íþróttamiðstöðinni er skólasundlaug fyrir Grunnskólann bæði

Af landsmóti árið 1984

Sundið var sú íþróttgrein sem kom keppendum UMFN á verðlaunapall á landsmóti UMFÍ sem haldið var í Njarðvík og Keflavík árið 1984. Eðvarð Þór Eðvarðsson, Jóhann Björnsson, Eiríkur Sigurðsson, Þórunn Magnúsdóttir og Heba Friðriksdóttir komust öll í úrslit. Njarðvíkingarnir Eðvarð Þór og Þórður Óskarsson urðu stigahæstu keppendur mótsins og UMFN lenti í öðru sæti í stigakeppninni í sundi. Eðvarð Þór setti Íslandsmet í 200 metra fjórsundi og bætti landsmótsmetið í því sundi um 5 sekúndur.

Auk hefðbundins undirbúnings og viðbúnaðar sem krafist er á landsmótum var sett upp 25 metra bráðabirgðasundlaug í skrúðgarðinum í Njarðvík, þótt draumurinn hafi verið að reisa alvöru laug. Engin lögleg keppnislaug var í bæjarfélaginu þegar mótið var haldið og varð niðurstaðan þessi. Eðvarð Þór sagðist í samtali við ritstjóra hafa gagnrýnt lauginu nokkuð og telur að fyrir vikið hafi hann mátt sjá um tæmingu á sundlauginn að landsmóti loknu, en hann var þá starfsmaður hjá Njarðvíkurbæ. Um sólarhringur fór í verkið, en nú 30 árum seinna getur Eðvarð Þór ekki annað en brosað af þessu ævintýri.

Laugardalslaugin í Reykjavík. Það flækti æfingafærið talsvert, auk þess sem fleiri iðkendur bættust í hópinn, sem þyrftu að æfa í stærri laug. Tillaga var lögð fyrir bæjarstjórn Njarðvíkur í ársbyrjun 1988 um byggingu sundlaugar við hlið

hér og í Vogunum, og hún er notuð fyrir æfingar þannig að mjög lítill tími er eftir fyrir almenning, en sund er vinsælasta almenningsíþrótt hér á landi í dag. Þannig að byggingu nýrrar laugar verður vafalaust vel tekið af almenningi. Við í sunddeild UMFN erum reiðubúin til að leggja það að mörkum sem við getum, til þess að af þessari byggingu megi verða.“ Samantektin er undirrituð af Jóni B. Helgasoni, f.h. stjórnar.

Það þótti mikill fengur að fá íþróttakennararnn Steindór Gunnarsson sem yfirþjálfara deildarinnar árið 1991. Steindór náði frábærum árangri hjá UMFN og síðan sem yfirþjálfari hjá Íþróttabandalagi Reykjaneshæjar. Hann var landsliðsþjálfari hjá Sundsambandi Íslands á Smáþjóðaleikum 2003, 2005, 2007 og 2009 og landsliðsþjálfari fyrir Heimsmeistarmót og Evrópumót. Steindór fór með hóp íslenskra sundmanna á Ólympíuleikana í Aþenu árið 2004 og var það toppurinn á hans ferli. Steindór hefur í fjórgang verið útnefndur þjálfari ársins af sundþjálfarafélagi Íslands, 1995, 2006, 2007 og 2008.



Það var því farið að huga að því að stofna eitt sundfélag á Suðurnesjum, því sunddeild UMFN var eina starfandi sunddeildin á svæðinu. Aðstöðuleysið leiddi hins vegar til þess að einn besti þjálfari sem UMFN hefur haft, Friðrik Ólafsson, ákvað að hætta störfum, auk þess sem hann hafði náð góðum árangri

með sína sundiðkendur og því komið að tímamótum. Eðvarð Þór tók við þjálfuninni úr höndum Friðriks og hefur verið sundþjálfari nær óslitið síðan. Jón B. Helgason, sem þá var varamaður Sundsambands Íslands, lét þau orð falla í viðtali í DV 7. apríl 1990 að Ísland væri talið í hópi vanþróaðra þjóða hvað varðaði sundastöðu. Jón sagði þetta mat Alþjóða ólympíunefndarinnar, m.a. vegna þess að hér á landi væru flestar laugar útilaugar og einnig væri skortur á 50 metra innisundlaug með góðri aðstöðu fyrir keppendur og áhorfendur.

Sundfélagið Suðurnes var stofnað 1. september 1989 eða hálfu ári áður en Sundmiðstöð Keflavíkur var vígð. Koma Sundmiðstöðvarinnar með 25 metra útilaug varð mikil bylting fyrir sundiðkendur í Keflavík og Njarðvík enda fór það svo að félögin fóru að keppa undir merkjum sama félag Sundfélagsins Suðurnes, sem hugsað var sem e.k. regnhlífarsamtök. Seinna varð Íþróttabandalag Reykjaneshæjar (ÍRB) stofnað. Sundmenn hafa keppt undir merkjum ÍRB síðan 2001.

Strax eftir vígslu útilaugarinnar heyrðust áform um byggingu innilaugar, sem samtengd yrði fyrri mannvirkjum Sundmiðstöðvarinnar. Sá draumur varð að veruleika árið 2006 með opnun Vatnaveraldar og 50 metra innilaugar, sem hefur eft sundiþróttina í Reykjaneshæ til mikilla muna.



Afrestsfólk úr sundeild UMFN ásamt þjálfurunum og stjórn þegar starfsemin var í hámarki árið 1988 og þrjár ólympíufarar í hópnun. Aftari röð f.v. Jón Bjarni Helgason, Valdís Tómasdóttir, Ævar Örn Jónsson, Eðvarð Þór Eðvarðsson, Geir Sverrisson, Friðrik Ólafsson og Sigurður Ragnarsson. Fremri röð f.v. Ragnheiður Runólfssdóttir, Diana Hlöðversdóttir, Björg Jónsdóttir og Heba Friðriksdóttir. Ljósmynd: Sólveig Þórdardóttir/Nýmynd fyrir Lífþrótt.

Núverandi stjórn sundeildarinnar:
Formaður: Harpa Kristín Einarsdóttir.
Varaformaður: Anna Steinunn Gunnlaugsdóttir.
Gjaldkeri: Herdís Andrésdóttir.
Ritari: Anna María Jónsdóttir.
Meðstjórnendur: G. Elsie Einarsdóttir, †
Árni Grétar Óskarrson, Guðrún Kristjana Reynisdóttir og Unnur Helga Snorraddóttir.

Tenglar:
umfn.is/is/page/sund
Facebook.com : Sundráð ÍRB

Erla Dögg og Árni Már bættu bæði Íslandsmet í kvöld

SPORT KL 20:30, 15. MAÍ 2009

ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON SKRIFAR:
Sundþari Erla Dögg Haraldsdóttir og Árni Már Árnason bættu bæði Íslandsmet í 50 metra bringusundi á Sparisjósmóti ÍRB í kvöld.

Erla Dögg Haraldsdóttir byrjar á því að bæta Íslandsmet í Hrafnhildar Lúthersdóttir í 50 metra bringusundi. Erla Dögg synti í 31,61 sekúndum sem 6/10 úr sekúndu betri tíma! Hrafnhildur synti í nóvemb 2008.

Árni Már bætti strax á eftir með Jakobs Jóhann Sveinsson í sömu grein þegar hann synti 27,52 sekúndum. Met Jakobs var síðan í nóvember 2008 og bætti Á um rúmlega 3/10 úr sekúndu.

Árni Már og Erla Dögg voru bæði við nám í Old Dominion háskólanum í Bandaríkjunum og eru greinilega í góðu formi en framundan er keppti á Smáþjóðaleikum á Kjöfur.

52 MORGUNHALEIÐ **ÍDRÓTTIR** LAUGAVEGUR 8. SEPTEMBER 1988

ÍPÞRÓTTIR FATLAÐRA / ÓLYMPIULEIKAR


Fjórtán Íslendingar til Seoul

ÓLYMPIULEIKAR fatlaðra, þeir 8. í viðtali, verða haldnir 15.-24. október. Keppendur verða allt um 4000 en aðstoðarmenn um 1000. Næstir verða sömu velli- og sömu hósti og á fötum hefurhúsinu Ólympíuleikum. Fjórtán Íslendingar þróttamenn taka þátt í þessum, tíu sundmenn, þrjú fjórþróttamenn og einn hófþróttamaður. Með þessum fjórtán þróttamönnum fara þjálfarar, forarstjórnir og aðstoðarmenn, samtals níu talsins.

Þetta er í fjórða sinn sem Íslendur hafa tekið Ólympíuleikum fatlaðra. Árið 1980 fóru íslendingar frá í Holland og sömu íslensku keppendur þá til sömu gullverðisgjafarinnar og sömu keppendur árið 1984.

Þetta er fjórða sýningin sem Íslendingar hafa tekið þátt í í Bandaríkjunum og hafa tekið sömu velli- og sömu hósti og á fötum hefurhúsinu Ólympíuleikum fatlaðra. Með þessum fjórtán þróttamönnum fara þjálfarar, forarstjórnir og aðstoðarmenn, samtals níu talsins.

Góðir mógulikar
Keppendur íslensku eru á aðrir 14-20 ára og þá af öðru í þessum keppendum. Venst er á að þeir séu besta og könnun. Miklar veir eru komandi við Íslendingum en þá hafa þeir tekið þátt í 14-20 ára og þá af öðru í þessum keppendum.



Geir Sverrisson keppandi í 100 m bringusundi. Morgunblaðið.

„Efi tvisvar á dag fram að leikunum“
— segir Geir Sverrisson, sem seti nýlega íslendingar í 100 m bringusundi.

„Ég þrjá til að vera fyrir um og hafi átt einn fyrir þann tíma hafi ég þar verið í skóla. Þetta er einn af þessum góðum tímum fyrir leikana og aðeins trí á sunnudagum“, segir Geir Sverrisson, landsmaður og samantali við Morgunblaðið. Geir er einn þeirra tveggja Íslendinga, sem kepptu á Ólympíuleikum fatlaðra í Seoul í sumar.

Geir hefur í fjórum undirtektum tekið þátt í þessum keppendum og hefur hann verið framman á hvernig hann hefur tekið þátt í þessum keppendum. Geir er einn þeirra tveggja Íslendinga, sem kepptu á Ólympíuleikum fatlaðra í Seoul í sumar.

Erla Dögg Haraldsdóttir er ein besta sundkona sem UMFN hefur átt og hefur hún fimm sinnum verið kjörin íþróttamaður UMFN. Árni Már Árnason kom til liðs við UMFN árið 2007 og jók hróður sundfólks enn frekar, enda einn hraðasti sundmaður Íslandssögunnar, að sögn Steindórs Gunnarssonar þjálfara. Erla Dögg var í feikna góðu formi á árunum 2007-2008 og setti mörg met, auk þess að keppa á Ólympíuleikum í Peking árið 2008. Hún á enn Íslandsmetið í 200m flugsundi í 50 metra laug, sett í október árið 2007. Erla Dögg hefur þrjú sinnum íþróttamaður Reykjaneshæjar. Árni Már keppti á Ólympíuleikum í Peking árið 2008 og í London árið 2012. Hann á gildandi met í 50m skriðsundi bæði í 25m og 50m laug. Árni Már var íþróttamaður UMFN 2009 og 2012 og íþróttamaður Reykjaneshæjar sömu ár.

Einn af þeim sundiðkendum UMFN sem vöktu athygli og juku hróður sundeildar UMFN var Geir Sverrisson sem æfði og keppti fyrir UMFN í flokki fatlaðra. Geir æfði með sundeildinni í 4 ár, frá 1987 til 1991 en snéri sér þá að frjálsum íþróttum. Á æfingartímabiliinu með UMFN keppti Geir á mörgum stórmótum, þar á meðal á Ólympíuleikum fatlaðra í Kóreu árið 1988 og á heimsmeistar- og Evrópumótum og sigraði jafnan í sinni aðalgrein, sem var 100 metra bringusund.



Eðvarð Þór Eðvarðsson við þjálfun hjá ÍRB í 50 metra lauginni í Vatnaveröld Reykjanesbæjar. Hann þurfti að ferðast ögn lengur en börn í Reykjanesbæ þurfa í dag til þess að komast í stærri laug en 12,5 metra.

Setti 6 Íslandsmet í sama sundi

Sá íþróttamaður innan UMFN sem náð hefur lengst í íþrótt sinni er sundmaðurinn Eðvarð Þór Eðvarðsson. Met hans skipta hundruðum, hann synti til úrslita á fjölmörgum Evrópu- og heimsmeistarmótum og synti í undanúrslitum á Ólympíuleikunum í Seoul í Kína árið 1988.

Eðvarð Þór byrjaði að æfa sund í sundlaug Njarðvíkur árið 1975, þá 8 ára gamall og ári síðar var hann kominn á verðlaunapall. Aðeins 10 ára gamall hampaði hann tvöföldum Íslandsmeistaratitli í flokki 12 ára og yngri og eftir það var leiðin aðeins upp á við. Eðvarð var útnefndur Íþróttamaður ársins árið 1986 en það ár lenti hann í 3. sæti í 200 metra baksundi í Evrópubikarkeppni í Malmö Svíþjóð og í 7. sæti í úrlitum á heimsmeistaramótinu í Madrid á Spáni. Sigurganga hans tryggði honum þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Seoul árið 1988 en þar keppti Eðvarð í

100 og 200 metra baksundi og 200 metra fjórsundi.

Svanhildur Eiríksdóttir settist niður með Eðvarði Þór til þess að líta yfir sundferilinn, en auk þess að eiga farsælan feril sem sundiðkandi hefur hann verið sundþjálfari óslitið frá árinu 1988.

Það varð snemma ljóst að Eðvarð Þór átti vel við klórvatnið, eins og hann hafði orð á sjálfur í viðtalinu. Auk þess að hafa mikið verið í sundi, þar sem sundlaugin var í næsta nágrenni við heimili hans, hafði Guðni Kjartansson sundkennari Eðvarðs í Njarðvíkurskóla komið auga á

hæfileika í stráknum. „Ég man að ég var 8 ára þegar Guðni sendi okkur tvo, mig og einn jafnaldra minn, á sundæfingu með þeim orðum að við ættum að fara að æfa sund. Guðni kundi alveg að tala við ungmennti og hvetja krakka og maður hlustaði á og fór eftir því sem hann sagði. Ég varð eftir, hinn gafst upp og þannig er upphafið að mínum sundferli,“ sagði Eðvarð Þór.

Allt sett á fullt eftir ládeyðu

Það vita þeir sem þekkja að til þess að ná þeim einstaka árangri sem Eðvarð Þór náði á sínum sundferli þarf ekki síður mikinn aga og þrautseigju en hæfileika. Allt þrennt fór saman hjá Eðvarði þó sundið hafi alls ekki verið eina íþróttin sem átti hug hans á yngri árum. „Nei, nei, ég var í öllu, körfubolta og fótbolta með sundinu. Ég spilaði fótbolta í mörg

„Stórkostlegasta stund í lífi mínu“

Eðvarð Þór Eðvarðsson hlaut 68 atkvæði af 70 mögulegum



ár og körfubolta í nokkur ár, varð m.a. Íslandsmeisari á hverju ári með Teiti Örylgs, Kidda Einars og þeim. Það voru ekki sömu kvaðir þá og nú, ég sleppti bara einni og einni sundæfingu til að komast á körfuboltaæfingar. Ég hélt meira að segja áfram að spila körfubolta þótt ég væri hættur að æfa, bara upp á leiki og slíkt. Ég held að ég hafi ekkert hætt því fyrr en ég var 16 ára.“

Við 16 ára aldurinn var hins vegar komið að því að Eðvarð Þór varð að gefa allt í sundið, ætlaði hann að ná eins langt og hugur hans stefndi að. Dálítil ládeyða var líka komin í ferilinn eftir að Eðvarð hafði náð mjög góðum árangri í kringum 13 og 14 ára aldurinn. „Nú tóku við mjög þéttar og stífar æfingar alveg upp í 10 sinnum í viku og þá varð körfuboltadútlíð að víkja. Friðrik var líka aftur kominn að þjálfva í Njarðvík, eftir nokkur ár í Keflavík og Hafnarfirði og við ákváðum að gera eitthvað í þessu. Parna fer boltinn að rúlla rosalega vel. Parna var ég líka farinn að hugsa út fyrir landssteinana, enda búinn að setja tugi ef ekki hundruði Íslandsmeta og við Friðrik finnum það að ég á alveg möguleika á alþjóðasviðinu.“ Eðvarð bætti við að hann væri löngu búinn að tína tölunni á öllum metunum sem hann hafi sett á ferlinum, enda skipti þau hundruðum. Hann rifjar upp Norðurlandameistaramót unglinga þar sem hann setti sex Íslandsmet í einu og sama sundinu, þá í drengjaflokki. „Ég var að keppa í 200 metra baksundi á þessu móti og setti met í drengjaflokki, piltaflokk og Íslandsmet, bæði í 100 metrunum og 200 metrunum. Ég setti sex Íslandsmet í sama sundi.“

Þó sundlaugin í Njarðvík hafi alveg þjónað sínu framan af sundferli Eðvarðs, varð hann að komast í stærri sundlaug til þess að ná að bæta sig. Þá var hvorki komin 25 metra laug né 50 metra laug í Keflavík eins og síðar varð og því var horft til Keflavíkurflugvallar, ásamt því að æfa í Laugardalslauginni. „Við Friðrik byrjuðum að fara upp á Keflavíkurflugvöll þegar hann fór að þjálfva mig aftur eftir nokkurra ára hlé. Við fengum leyfi til þess, fyrst bara örfá skipti í viku, en síðan vorum við farin að æfa þarna sex sinnum í viku.“ Eðvarð sagði þessar æfingar alveg hafa skipt sköpum fyrir sundiðkendurnar, enda sé hægt að reikna bætingaprósentu út frá stærð sundlaugar. Áfram hafi þó verið æft í litlu lauginni á morgnana yfir veturinn en frá apríl/maí hafi hins vegar verið brunað á morgunæfingar í Laugardalslaug og síðan æft upp á Keflavíkurflugvelli á kvöldin.

Útlönd heilluðu ekki

Eðvarð Þór var í sínu besta sundformi á árunum 1985 til 1988. Auk þess að slá fjölmörg met var hann á lista yfir 15 bestu sundmenn heims og var stöðugur á listanum, sem hann sagði hrikalega erfitt að afreka. Ásamt því að hafa verið mjög einbeittur og gert sér grein fyrir að hann ætti jafn mikla möguleika og hver annar sundmaður legði hann sig allan fram, sagði hann landslagið hafa verið allt öðruvísi þá en nú. „Mér var gert kleift að einbeita mér algjörlega að sundinu. Ég þurfti aldrei að hafa fjárhagsáhyggjur eða neitt slíkt. Það voru fyrirtæki hér, Aðalverktakar, Keflavíkurverktakar og bæjarfélögin sem studdu mig gríðarlega vel. Ég var heppinn. Nú er miklu meiri fjölbreytni og fyrirtæki einnig með kvóta á styrkveitinum svo það eru engir geigvænlegir peningar í þessu, þó öll séu að gera sitt besta.“ Kannski skipti ekki síður máli hér að Eðvarð Þór var mjög afgerandi íþróttamaður á þessum tíma. Auk þess að vera kosinn íþróttamaður ársins árið 1986 lenti hann í öðru sæti ársins 1985 og 1987 og var að auki tvisvar sinnum í 5. og 6. sæti.

Eðvarð þór fékk á sínum tíma fjölmörg tilboð um skólalstyrki í Bandaríkjunum en þau heilluðu hann ekki, auk þess sem ekkert ýtti á hann. „Ég var mjög sáttur hér, hafði finna þjálfara og samstarf okkar var gott. Ég sé ekkert eftir því að

hafa valið þessa leið, en ég skil krakka sem velja að fara til Bandaríkjanna í dag, það er auðveldari leið núna.“

Af þessum sökum teygðist nokkuð á skólagöngu Eðvarðs, hann lauk stúdentsprófi 23 ára og fór svo tveimur árum seinna í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Áratug seinna settist Eðvarð aftur á skólabekk til að ljúka námi í íþróttfræðum og lauk síðar stjórnunarnámi. Hann segist aldrei hafa litið á þetta sem fórn, þó fólk vilji oft nota þá túlkun þurfi að biða með eitthvað eða sleppa einhverju.

Hætti en byrjaði aftur og fór enn á toppinn

Ólympíuleikarnir í Seoul fóru fram árið 1988 og þar öðlaðist Evarð Þór rétt til að keppa í 100 og 200 metra baksundi og 200 metra fjórsundi. Árin á undan höfðu verið góð en formið á Ólympíuleikunum var ekki nógu gott, að hans sögn. „Árin 1986 og 1987 voru ár sem stóðu upp úr hjá mér. Árið 1986, þegar ég var kosinn íþróttamaður ársins, hafði ég sett Norðurlandamet, komist í úrslit á heimsmeistaramóti, sem er sennilega minn besti árangur, ásamt því að vera í 3. sæti á Evrópubíkarkeppni. Við erum bara tveir íslenskir sundmenn sem höfum komist í úrslit á heimsmeistaramóti, ég og Örn Arnarson, þanni að þarna finnst

Eðvarð Þór Eðvarðsson með styttnu sem íþróttamaður ársins frá árinu. Einn glæsilegasti vörðsluáhrifur sem um þekur hér á landi. Eðvarð mun geyma hana í eitt ár, en hann fékk sjálfur eignarbrátt einn og venja er. Styttnu var pöntuð sérstaklega til Bandaríkjaársins fyrir 50 árum og hefur verið veitt Íþróttamanni ársins frá upphafi. 1986. Hana á að afhenda 50 árum en að því loknu verður hún geymd í Þjóðmínjasafninu um aldur og svið. Eðvarð Þór er verður handhöfvi hennar, þá sjnir afrekskrá hans svo ekki verður um vilið. Mynd: E.Ö.

Eðvarð Þór Eðvarðsson frá Njarðvík var í gær útfærður íþróttamaður ársins 1986 af Stamtökum Íþróttaféttamanna. Hann sigraði glaslega í kjörinu, hlaut 68 atkvæði af 70 mögulegum, eða 16 atkvæðum meira en næsti maður.

Þetta er stórkostlegasta stundin í mínu lífi og mesta viðurkenning sem íslenskur íþróttamaður getur látið. Ég talað mig eiga möguleika á að hafa í sínu fimu efsta sætanna, ég var í öðru sæti í kjörinu í fyrra og var geymsla stólar af því. „Sagði Eðvarð Þór í samtali við Þjóðviljann að kjörinu tókna. Þessi 19 ára gamli afreksmaður var röngur og flitvegabur og í höfna kvæði hans sér hljóð, þakkabö fyrir sig en bent á að Fróben Einarsson þjálfari sinni setti a.m.k. 50 prósent af sínum heitri skólini. Íþróttamaður fram fringróma, þessi ungi Njarðvíkagaur sem syndir að jafnaði í hálfan sjötta tíma á ógá líverjum og er hálfur minna tíma í þess hlífum aðalí. Eðvarð var spurður hvaða afreki væru honum minnstastuð frá árinu 1986. „Fyrir mér er eit þegar ég setti Norðurlandmetið á heimsmeistaramótinu í Madrid og síðan bronzeverðlaunin á Evrópu-meistaramótinu í Malmö. Það var sérstaklega sett að sígn. Austur-Þjóðverjinn Frank Balleusch á síðarvinda móttíu.“

Eðvarð Þór Eðvarðsson á ní þriðja hláðmeti í sundi, því af 15 í karlaflokki og 14 þeirra voru sett á árinu 1986. Það er of langt máli að telja upp alla hans afrekskrá en á ferli sínum hefur hann sett 97 Íslandmet og þá eru tvíhætt met á sama mót og bód-sundmet ekki talin með.

Þessir úrðu í 10 efstu sætum í kjörinu:
 1. Eðvarð Þór Eðvarðsson, sund..... 68
 2. Arnór Guðmúndsson, hárdekkj..... 52
 3. Guðmúndsson, hárdekkj..... 48
 3-4. Kráflinn Árnason, hárdekkj..... 48

Frétt af kjöri Eðvarðs Þórs sem íþróttamaður ársins 1986 í Þjóðviljanum 14. janúar 1987.



Hressir sundiðkendur ÍRB sem njóta leiðsagnar hjá einum besta sundmanni heims.

mér ég vera á toppnum. Ég var ekki alveg að hitta á það á þessu Ólympíuári, var ekki að spila þetta rétt. Ég sagði það meira að segja í viðtölum, ég kem bara til dyranna eins og ég er klæddur, og ég sagði það hreint út þegar ég var spurður eftir sundið hvort ég væri þreyttur og aðrar álíka afsakanir, þá svaraði ég því til að ég væri bara lélegur og að ég hefði enga afsökun. Þeir voru svolítið hissa á því, að maður væri ekki búinn að finna eitthvað, að maður væri slæmur í hnénu eða eitthvað svoleiðis. Það var dálítið fyndið sko. Það voru mörg mót þarna, bæði fyrir og líka eftir, sem eru minnstæðari sem sundkeppni. En það var gríðarlega gaman að koma til Seoul og sjá allt sem maður sá. Þeir voru ekki með harðfisk heldur þurrkaða hunda og svoleiðis.“

Eftir Ólympíuleikana var Eðvarð Þór ákveðinn í að hætta en kvaddi þó ekki sundbakkann, heldur

fór að þjálfá og hefur þjálfað æ síðan. Stoppið varði þó ekki lengi, því Eðvarð fór að fitna og kunnir því illa. „Ég fór að æfa aftur á fullu árið 1989. Ég hafði þyngst um 10 kíló og vildi losa mig við þau. Svo var ég bara kominn fljótlega aftur nálægt mínu besta formi og farinn að slá þessi blessuðu met aftur svo ég ílengdist í sundinu þar til ég varð 25 ára. Ég hætti þó aldrei að þjálfá, fór bara að þjálfá yngri krakka.“

Dóttir Eðvarðs, Ólöf Edda, hefur lengi æft sund hjá ÍRB og er í hópi bestu sundmanna Reykjanesbæjar. Hér er hún með pabba á bakkannum í Sundmiðstöð Keflavíkur.



SUND / HEIMSAFREKASKRÁIN

Eðvarð Þór í hópi bestu baksundsmanna heims

Eðvarð Þór Eðvarðsson, sundkappi frá Njarðvík, er í hópi bestu baksundsmanna heims. Þetta baksundsmannaflokkurinn er í hópi bestu baksundsmanna heims. Ólöf Edda hefur lengi æft sund hjá ÍRB og er í hópi bestu sundmanna Reykjanesbæjar. Hér er hún með pabba á bakkannum í Sundmiðstöð Keflavíkur.

Eðvarð Þór Eðvarðsson er í hópi bestu baksundsmanna heims. Þetta baksundsmannaflokkurinn er í hópi bestu baksundsmanna heims. Ólöf Edda hefur lengi æft sund hjá ÍRB og er í hópi bestu sundmanna Reykjanesbæjar. Hér er hún með pabba á bakkannum í Sundmiðstöð Keflavíkur.

Sunneva Dögg Friðriksdóttir var fánaberi á Ólympíuleikum ungmenna í Nanjing í Kína sumaríð 2014.



Mikill metnaður lagður í starfið

Sundárið fer vel af stað hjá Sunddeild SUMFN. Æfingar hófust eftir sumarfrí um miðjan ágúst og enn eru nýir krakkar að bættast í hópinn. Fjöldi sundmanna sem æfa sund hefur verið nokkur stöðugur síðustu ár og eru iðkendur okkar rúmlega 70. Sunddeildin starfar í nánú sambandi við Sunddeild Keflavíkur undir merkjum Sundráðs ÍRB og starfa deildirnar saman sem eitt lið. Njarðvíkingar eiga að vera stoltir af þessu samstarfi og árangri sameiginlegs sundliðs ÍRB. Hvorug deildin væri svipur hjá sjón ef ekki væri um slíkt samstarf að ræða. Saman erum við besta aldursflokkalið landsins og þetta góða samstarf gefur gott fordæmi um hvernig hægt er að vinna saman á uppbyggilegan hátt. Stjórnirnar tvær vinna saman sem ein, foreldrahópurinn er eitt stórt stuðningslið og krakkarnir allir liðsfélagar.

Liðið okkar er ungt en afar efnilegt en allir sundmenn Njarðvíkur eru undir 18 ára aldri. Við höfum átt

frábæra sundmenn sem náð hafa langt og framtíðin lofar einnig góðu. Í sumar átti deildin fjóra sundmenn í ungingalandsliðum en það er afar góður árangur. Sunneva Dögg fór á Ólympíuleika æskunnar í Nanjing í Kína og var þar fánaberi Íslands. Í yngsta landsliðinu voru þrjár Njarðvíkurstúlkur þær Eydís Ósk, Gunnhildur Björg og Karen Mist sem kepptu á Norðurlandameistaramóti æskunnar.

Mikill metnaður er lagður í sundstarfið. Við erum með einn öflugasta þjálfarahóp landsins og höfum að skipa þjálfurum með mikla reynslu. Allir okkar þjálfarar hafa hlotið menntun í þjálfun á þjálfaranámskeiðum ÍSÍ, sumir eru menntaðir íþróttakennarar eða með háskólamenntun í þjálfun. Hópaskipting er hugsuð þannig að allir hljóti þjálfun við hæfi og séu ekki í of erfiðum eða of léttum æfingum miðað við getu.

Við erum með hópa fyrir sundmenn frá 2 ára aldri. Yngstu sundmennirnir koma með foreldrum í laugina og efla



Stund milli stríða. Íþrótaálfurinn skemmtir ungum keppendum á sundmóti.



Vigdís Júlía Halldórsdóttir á flugi.



Kátir sundkrakkar í Vatnaveröld.

öryggi sitt í vatninu með leikjum undir stjórn þjálfara. Eftir því sem færnin eykst færast sundmenn upp um hópa og taka þátt í sundmótum þegar þeir eru orðnir myndir. Í elstu hópunum eru nokkrar leiðir í boði í þjálfun, allt frá afrekslínu til klippikorta fyrir áhugasundmanninn. Elstu sundmennirnir geta valið hvort þeir vilji mikla skuldbindingu og æfa eins og þeir bestu gera eða æfa með hópum þar sem skuldbinding er minni. Valið fer eftir áherslum, tíma og áhuga hvers og eins. Í þá hóp þar sem kröfurnar eru mestar er lágmark sem þarf að ná til þess að geta synt í hópnum og þar eru gerðar kröfur um ákveðna mætingaskyldu. Í aðra hóp gilda aðeins aldursviðmið en ekki lágmark og mætingakröfur eru minni. Þeir sem kjósa algjört frelsi í mætingum geta æft með afrekshópnum þegar þeim hentar og er þá greitt með klippikorti en það er í boði fyrir þá sem æft hafa með okkur og eru vanir sundmenn.

Ýmislegt er gert til þess að brjóta upp hefðbundnar æfingar hjá iðkendum á öllum aldri. Á haustin óskum við eftir sjálfboðaliðum úr hópi foreldra til þess að skipuleggja ýmislegt skemmtilegt fyrir krakkana til þess að efla liðsandann í hópnum. Það er skemmtileg tilbreyting að hittast utan

hefðbundins æfingatíma. Margt sniðugt hefur verið gert eins og til dæmis vorferð á sveitabæ, diskó, piparkökubakstur, spilakvöld, jólahlaðborð, búningapartý, bíómaraðon og yngstu krakkarnir hafa hist í innleikjagarðinum. Samveran er ánægjuleg fyrir krakkana ásamt því að vera gott tækifæri fyrir foreldrana að hittast.

Stuðningur foreldra er ómetanlegur fyrir starfið og við hvetjum foreldra til þess að vera virkir, prófa að vinna á mótum, bjóða sig fram í skemmtinefnd, fjárflofnarnefnd eða stjórn. Við erum afar glöð hve margir foreldrar eru tilbúnir til þess að leggja hönd á plóginn en allt starf og rekstur deildarinnar er unnið af sjálfboðaliðum úr foreldrahópnum. Við höldum árlega eitt stærsta sundmót landsins, Landsbankamótið sem er mikilvæg tekjulind fyrir okkur en það væri ekki hægt án þátttöku foreldra. Þátttakan er þó ekki bara mikilvæg fyrir deildina hún er líka mikilvæg fyrir sundmennina. Á mótunum og í foreldrastarfinu kynnast foreldrar og þeir komast meira inn í íþróttina en það getur auðveldað þeim að vera hinn mikilvægi stuðningur sem sundkrakkar þurfa á að halda.

Sunddeildin heldur úti afar virkri

heimasiðu þar sem fréttir birtast að minnsta kosti vikulega, metaskrár eru uppfærðar eftir hvert mót, úrslit birt og þar er að finna mikið magn af gagnlegum upplýsingum fyrir sundmenn og foreldra. Við erum einnig með facebooksíðu sem notuð er til að miðla upplýsingum og til samskipta. Fréttabréfið okkar Ofurhugi kemur út mánaðarlega og erum við mjög stolt af því. Þar er að finna myndir úr sundstarfinu, greinar um viðburði og ýmsan gagnlegan fróðleik. Í hverjum hópi er valinn sundmaður mánaðarins og er birt mynd af þeim í fréttablaðinu og á heimasíðunni.

Það má segja að framtíðin sé björt hjá okkur í Sunddeild Njarðvíkur

Til hamingju með afmælið Njarðvíkingar!

Harpa Kristín Einarsdóttir
formaður sunddeildarinnar



Steindór nýlega genginn til liðs við UMFN.



Jón Oddur Sigurðsson.



Anna Valborg Guðmundsdóttir og Guðmundur Óskar Unnarsson.

Þórunn Magnúsdóttir á að baki einhvern lengstan feril sem sundþjálfari hjá UMFN. Hún æfði lengi sund með deildinni og keppti undir merkjum UMFN.



SUND

Uppgangur hjá Njarðvíkingum

SUNDEILD Njarðvíkur lagðist niður um tíma, stuttu eftir að Sundfélagið Suðurnes var stofnað en fyrir rétt tímum fjórum árum var hún endurvakin. Góð stíganð hefur verið í stærri deildarstarf og áhuginn hefur aukist jafnt og þétt en alla sála stuttu börn og umsjóningur sá með félaginu og er stærsti hópurinn börn á aldri um tíu ára og yngri.

Það hefur verið heilmikill uppgangur hjá okkur á þessu stutta tímabili. Þessir unglingar eru að sýna niða hafa stöðugt sig mjög vel og margir hveir hafa verið í fremstu sætum í síðum aldursflokum með okkur.

Í sínu í vor, „Það kom mér til skollis í á dæmi að vera valinn. Það hafði mið margir þjálfarar verið lengur í þessu heildar og ég og jafnvel okkurt tengdum þess fyrir áttu á þess fyrir að hafa gætt mik til fyrr sundfólga.“

Verðmálin eru sjálfstætt veitt fyrir gott upplýðingastarf hjá félaginu. Þessir unglingar sem eru að komu niða hafa stöðugt sig mjög vel, vorði í fremstu sætum í sínum aldursflokum og hafa verið mjög góðir.“

Áhuginn veltur fara vaxandi í Njarðvík og sagði þjálfarinn að árangur og áhugi heildist oft í heild. „Þegar árangur nær þá vex áhuginn.“

KRAKKAR úr Sunddeild Njarðvíkur ásamt þjálfara sínum Steindóri Gunnarssyni.

Mbl.25.7.95.

Steindór Gunnarsson, sundþjálfari ársins: Það er alltaf hægt að gera betur

„Þetta er mikill heiður og viðurkenning á því sem ég er að gera. Það er greinilega tekið eftir okkur og þetta sýnir að við erum á réttri leið. Ég stefni á að koma einhverjum sundmönnum lengra og það er órvandi að fá þessa nafnbót en það er ekki endirinn á gangi mála, það er alltaf hægt að gera betur,“ segir Steindór Gunnarsson sem fyrir skömmu var kosinn sundþjálfari Maður dagsins

ársins hér á landi. Steindór hefur þjálfað alla aldursþópa hjá Sunddeild Njarðvíkur í fjögur ár, ásamt því að starfa sem kennari, en hann er íþróttakennari að mennt. Steindór segir að þessi tilnefning hafi komið honum á DV.7.6.95.

steindór Gunnarsson.

sundþjálfara ársins eru þjálfarar sem hafa mikla þekkingu og vit á íþróttinni.“

Steindór sótti um stöðu sem íþróttakennari við Njarðvíkurskólann fyrir fjórum árum og í fram-

bærir. Það er skemmtilegt að fylgjast með framförum þeirra og sjá hvað þau eru ánægð.“

Steindór segir að þjálfunin sé að nálgast það að verða of mikil fyrir einn mann að standa í. Hann þjálfar sex daga vikunnar og stundum tvisvar á dag og þetta gerir hann með starfinu í skólanum. Hjá honum eru yfir áttatíu krakkar sem æfa sund. Áður en Steindór kom til starfa í Njarðvíkum hafði hann sinnt kennslu á Snaefellsnesi og Hólmavík. Sjálfur er hann úr bykkvabænum í Rangárvallasýslu. Hans helstu áhugamál fyrir utan íþróttir eru útívera og ferðalög. „En það er ekki mikill tími fyrir tómsundalökum hjá mér þar sem ég tel mig vera yfirbokaðan við kennslu og þjálfun og kem stundum ansi seint heim á kvöldin.“

DV.7.6.95.

Sögulegar staðreyndir:

- Sunddeild UMFN hefur níu sinnum átt íþróttamann UMFN, sem er jafn oft og körfuknattleiksdeildin.
- Þessi sundmenn hafa keppt á Smáþjóðaleikum: Anna Valborg Guðmundsdóttir, Árni Már Árnason, Erla Dögg Haraldsdóttir, Hilmar Pétur Sigurðsson, Jón Oddur Sigurðsson, Ragnheiður Möller Einarsdóttir og Sindri Þór Jakobsson.
- Bæjarstjórn Njarðvíkur verðlaunaði Jón Odd Sigurðsson og Guðmund Óskar Unnarsson árið 1994 en þeir settu báðir Íslandsmet á árinu, Jón Oddur eitt og Guðmundur Óskar þrjú. Hann var að auki stigahæsti hnokkinn á Aldursmeistaramóti Íslands (AMÍ) það ár.
- Jón Oddur Sigurðsson varð Norðurlandameistari unglinga í desember 2001 og einn af örfáum íslenskum sundmönnum sem hefur afrakað það. Hann er jafnframt eini sundmaður UMFN sem unnið hefur til verðlauna á Evrópumeistarmóti unglinga. Það var í júlí árið 2001 og fékk Jón Oddur bronsverðlaun. Íslandsmet Jóns Odds í 50m bringusund í piltaflokki stendur enn.
- Erla Dögg Haraldsdóttir setti tvö Íslandsmet í sama sundinu 25. október 2007, í 50m og 100m bringusundi. Fyrri metin átti Ragnheiður Runólfssdóttir frá árinu 1989.



Ekki markmiðið að búa til bestu júðómenn í heimi

Þótt júðódeild UMFN sé aðeins rúmlega fjögurra ára gömul, nær júðóiðkun Njarðvíkinga mun aftar en haustið 2010. Þeir voru kraftalegir og orkumiklir karlmennirnir sem lyftu lóðum í litla lyftingarsal íþróttahússins í Njarðvík á áttunda og níunda áratugnum og margir þeirra iðkuðu júðó samhliða og keppu undir merkjum Ungmennafélags Keflavíkur, enda júðódeildin þar sú eina á Suðurnesjum á þessum tíma.

Einn þessara manna var Gunnar Örn Guðmundsson sem ól af sér júðómanninn Guðmund Stefán Gunnarsson, sem er stofnandi og yfirþjálfari júðódeildar UMFN, Sleipnis. Guðmundur æfði m.a. júðó hjá Sigurbirni Sigurðssyni, Bóa í Duus, á yngri árum en Bói var einn þeirra sem iðkaði júðó og þjálfaði í íþróttahúsi Njarðvíkur, en aðalþjálfari Guðmundar var Magnús Hersir Hauksson.

Stofnun júðódeildarinnar Sleipnis á sér nokkurn aðdraganda. Guðmundur hefur verið viðloðinn júðó frá því að hann var 10 ára þó júðókennsla og -iðkun hafi dottið niður á svæðinu á um hrið. Guðmundur starfaði sem grunnskólakennari, sundkennari og varð í því starfi ljóst að þó nokkur fjöldi ungmenna var ekki að æfa íþróttir og jafnvel bara að slæpast og upp á kant. Honum var einnig ljóst að sumir þrífast illa í hópi og því langaði Guðmundi að

koma til móts við þessa krakka og bjóða jafnframt upp á öðruvísi íþrótt en þær sem vinsælastar voru. Eftir að hafa fengið jákvæð viðbrögð við umleitun sinni um stofnun deildar hjá Stefáni Thordersen formanni UMFN óskaði hann eftir stuðningi frá fjölskyldumeðlimum sem skipuðu með honum fyrstu stjórnina.

Júðódeild UMFN var formlega stofnuð 8. september 2010. Guðmundur Stefán tók að sér fómennsku í fyrstu stjórninni og þjálfun allra flokka en auk hans var stjórnin skipuð Gunnari Erni Guðmundssyni, varaformanni, Soffiu Jakobsdóttur gjaldkera og Eydís Mary Jónsdóttur ritara. Meðstjórnendur voru Sigurbjörg Gunnarsdóttir og Björgvin Jónsson. Fyrst um sinn var deildin í nokkrum húsnæðisvanda, því gera þurfti þær kröfur að ekki þyrfti að forfæra júðódýrnurnar fyrir og eftir æfingar vegna þyngsla.



Gunnar Örn Guðmundsson er heiðursfélagi júðódeildarinnar. Hér er hann ásamt syni sínum, júðómaninum Guðmundi Stefáni Gunnarssyni.

Myndarlegur styrkur úr Velferðarjóni íslenskra barna

Um skeið fóru æfingar fram í kaffistofu Reykjaneshallarinnar, en húsnæðið lak og því eyðilögðust allar júðódýrnurnar, sem leigðar voru af Júðósambandi Íslands. Nú voru góð ráð dýr þar sem æfingagjöldum hefur verið haldið í algjöru lágmarki í júðódeildinni og er einungis sú upphæð sem Reykjanesbær greiðir sem hvatagreiðslur til barna. Deildin hefur því ekki lumað á sjóði og þjálfunina hefur Guðmundur að mestu stundað í sjálfböðavinnu af áhuga og eldmóði. Fjáröflun hefur hins vegar gengið vel og júðódeildin fékk á síðasta

Frá æfingadegi í Sandvík. Hér takast á Helgi Rafn Guðmundsson og Birkir Freyr Guðbjartsson.



Handhafar Íslandsmeistararitla í júdo árið 2013.

ári myndarlegan styrk úr Velferðarsjóði íslenskra barna, sem stofnaður var í þágu barna árið 2000 og Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar veitir forstöðu. Þeir félagar Guðmundur og Björgvin fóru á fund Kára til þess að kynna honum hugmyndafræði júdoeildarinnar og leita eftir styrk. Kári tók vel í heimsókn þeirra félaga og deildinni barst nokkru síðar svo góður styrkur að hægt var að kaupa júdódýnur. Störf Guðmundar hafa vakið athygli á landsvísu, hann var tilnefndur til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins árið 2013 sem hvunndagshetja, var valinn framúrskarandi Íslendingur árið 2013 af JCI (Junior Chambers á Íslandi), auk þess að hafa verið valinn maður ársins á Suðurnesjum af Víkurfréttum árið 2011.



Sóley Þrastardóttir á verðlaunapalli.

Rökstuðningur JCI fyrir valinu á Guðmundi: „Guðmundur Stefán er íþróttakennari og júdokennari í Reykjaneshæ. Hann stofnaði júdófélag á Íslandi og er sérstök fyrir þær sakir að hún hefur eingöngu verið rekin í sjálfboðastarfi og nemendur greiða engin iðkendagjöld. Deildin á fjölda Íslandsmeistara og hefur Guðmundur hjálpað mörgum ungum iðkendum sem eiga ekki í önnur hús að venda, að fóta sig í íþróttinni og hefur hjálpað þeim að tileinka sér betri lífsstíl (Flokkur 7. Störf á sviði mannúðar- eða sjálfboðaliðamála).

Guðmundur hefur þó lagt áherslu á að markmiðið sé ekki að búa til bestu júdomenn í heimi, hann geti hins vegar hjálpað þeim sem sækjast eftir því að ná því markmiðið. Aðalmarkmið Guðmundar er að styrkja iðkendur sem manneskjur og byggja upp og í hans hópi

eru iðkendur sem þegar eru farnir að þjálfra og dæma í íþróttinni, þó deildin sé ung.

Austurlenskt menningarhús

Eftir dvölinu í Reykjaneshöllinni fékk júdóeildin aðstöðu við Íðavelli 12. Nýju dýnunum var komið niður þar og iðkendum fylgjaði um helming, fóru úr rúmlega 80 í rúmlega 160. Í fyrravetur voru skráðir þátttakendur um 170 frá aldrinum 3 til 16 ára. Þar sem júdóeildin er ung að árum eru lítið af eldri iðkendum og erfitt er að byrja seint í júdó. Þó hafa tveir unglingskeppendur, þau Sóley Þrastardóttir og Birkir Freyr Guðbjartsson, náð mjög góðum árangri og urðu Íslandsmeistarar í U21 á þessu ári, Sóley í -70 kg. flokki og Birkir Freyr í -100 kg. flokki. Birkir

vann einnig til bronsverðlauna á Norðurlandameistaramótinu í ár.

Guðmundur hefur átt mjög gott samstarf við Helga Rafn Guðmundsson Taekwondo þjálfara, alveg frá því að Guðmundur fékk inni í húsnæði taekwondo-deildar Keflavíkur, þá á Ásbrú, þegar hann byrjaði júdóþjálfunina með einn iðkandan, son sinn. Helgi Rafn, sem að auki er Brazilian Jiu jitsu þjálfari hefur séð um gólfþjálfunina, því júdó samanstendur af gólfþjálfun og standandi þjálfun, en Guðmundur sér um standandi þjálfunina. Bæði Guðmundur og nemendur hans hafa því einnig keppt í Brazilian Jiu jitsu og Taekwondo og þeir hafa einnig haft aðgang að japönsku íþróttinni Akító, en iðkun hennar fer fram í aðstöðu júdóeildar UMFN. Taekwondo-deildin er einnig með aðstöðu við Íðavelli 12 þannig að segja má að húsnæðið sé orðið að austurlensku menningarhúsi.

Núverandi stjórn Sleipnis:

Formaður: Björgvin Jónsson.

Varaformaður: Egill Steinar Hjálmarsson.

Gjaldkeri: Ásgerður Jóhannsdóttir.

Ritari: Jenný Rut Ragnarsdóttir.

Meðstjórnendur: Helga Atladóttir,

Karen Rúnarsdóttir og Sigurrós

Friðbjarnardóttir.

Tenglar:

www.bjjudo.com

Facebook.com : Júdóeild UMFN



Ungmennafélagsandinn í hávegum hafður



Markmið Júdódeildar Njarðvíkur hefur frá upphafi verið að efla ungmennafélagsandann. Byggja átti upp deilda sem gæti orðið sjálfbær og þar sem öll börn og ungmenni hefðu jafnan rétt til

að stunda íþróttina, hver sem efnahagsleg staða foreldra/forráðamanna væri. Hugmyndin var sú að þjálfarar, foreldrar og börn ynnu saman að því að skapa íþróttafélag, byggt á ungmennafélagsanda og samvinnu. Stofnandinn og yfirþjálfarinn Guðmundur Stefán Gunnarsson þjálfaði fyrstu árin án þess að taka eina krónu fyrir þá gríðarmiklu vinnu sem hann lagði að sér til að deildin gæti vaxið og dafnað.

Fjölmennasta deild Reykjanesbæjar

Nú hefur júdódeild Njarðvíkur verið starfrækt í 3 og hálf ár. Fyrstu önnina æfðu 60 iðkendur hjá okkur en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Í lok síðasta tímabils æfðu 170 júdómenn hjá deildinni og í ár er stefnt á að iðkendur verði 260, og er deildin orðin sú fjölmennasta í Reykjanesbæ með iðkendur frá aldrinum 6 - 18 ára. Allan tímann hefur vaskur hópur sjálfboðaliða haldið gríðarlega vel utan um starfið.

Fyrirmyndarfélag og viðurkenningar

Deildin fékk viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ árið 2012 sem er frábær viðurkenning fyrir svo unga deild. Þá hafði forsvarsmáður ÍSÍ það á orði að greinilegt væri að kraftmikið,

metnaðarfullt og duglegt fólk væri í deildinni. Yfirþjálfarinn og stofnandi deildarinnar fékk svo viðurkenningu frá Junior Chamber International á Íslandi sem „Framúrskarandi Íslendingur árið 2013“ sem og samfélagsverðlaun Fréttablaðsins fyrir starf sitt fyrir deildina.

Bætir einstaklinginn og samfélagið

Eitt af kjörorðum júdó er „að iðkun júdó bætir einstaklinginn og samfélagið í heild“. Íþróttin byggist á aga og einstaklingurinn er byggður upp á jákvæðan hátt. Júdó er í raun miklu meira en bara ástundun og nám í bardagataekni. Júdó er frábært kerfi sem byggir hvern og einn upp á líkamlega, andlega og siðferðislega. Júdó hefur sína eigin menningu, stjórnkerfi, arfleifð, siði og hefðir. Ennfremur smitast gildi Júdó frá keppnisþjálfuninni inn í líf flestra iðkenda og hafa áhrif á fjölskyldu viðkomandi, vini, vinnufélaga og jafnvel ókunnuga.

Það hefur verið einkar gefandi að fá að taka þátt í uppbyggingu júdódeildar UMFN sl. ár. Ég vona að deildin haldi áfram að vaxa og dafna með dyggum stuðningi samfélagsins. Ég efast ekki um að starfið eigi eftir að skila af sér heilbrigðum og góðum einstaklingum sem geta svo gefið til baka til samfélagsins.

Björgvin Jónsson,
formaður júdódeildar UMFN



Fyrsti æfingahópurinn saman kominn.



Frá æfingu í Sandvík, þjálfararnir Helgi og Guðmundur takast á.



Birkir Freyr Guðbjartsson.



Guðmundur Stefán yfirþjálfari júddóeildarinnar.



Frá keppni.



Bjarni Darri Sigfússon.

Húsnæði júddóeildarinnar við Iðavelli gert klárt.



Sögulegar staðreyndir

- Júddókona og júddómaður ársins fyrst valin 2014. Það voru Sóley Prastardóttir og Birkir Freyr Guðbjartsson.
- Fyrstu verðlaun á Norðurlandameistarmóti fékk Birkir Freyr Guðbjartsson árið 2014. Hann lenti í 3. sæti í flokknum -100 kg. Birkir Freyr varð einnig Íslandsmeistari í sínum flokki, U21 á þessu ári.
- Sóley Prastardóttir varð fyrsti Íslandsmeistari kvenna árið 2014 í U21. Hún keppir í flokknum -70 kg. Sóley lenti einnig í 2. sæti í fullorðinsflokki á Íslandsmeistaramótinu 2014. Var það fyrsti verðlaunapeningurinn í fullorðinsflokki hjá júddóeild UMFN.



Rafnkell Jónsson og Þuríður Árnadóttir voru útnefnd þríþrautamaður og þríþrautakona ársins 2013. Rafnkell varð jafnframt þríþrautamaður Reykjanesbæjar 2013.



Járnkarlinn ekki aðalatriðið

Það má með sanni segja að þríþrautadeild UMFN hafi orðið til eftir krókaleiðum. Nokkrir Njarðvíkingar höfðu áhuga á að læra sund fyrir alvöru, fullorðinssund eða garpasund eins og það er kallað í daglegu tali. Í þessum hópi voru m.a. Tyrfingur Ármann Þorsteinsson og Steindór Gunnarsson sem voru fremstir í flokki við stofnun deildarinnar. Ingi Þór Einarsson var fenginn til þess að þjálfra garpana í sundi og var fyrsta námskeiðið haldið í Akurskóla haustið 2010. Fljótlega varð ljóst að flestir þeirra sem voru á sundnámskeiðinu vildu efla sig í sundi vegna áhuga á að stunda þríþraut og höfðu þá fyrir góðan grunn í bæði hlaupi og hjólreiðum, en á þessu þrennu byggir þríþraut.

Góð stemmning myndaðist í hópnunum og æ fleiri iðkendur fóru að tala um að gera þyrfti alvöru úr því að stofna deild utan um þríþrautina. Fljótlega upp úr áramótum 2011 fór Tyrfingur að hafa samband við þá sem sóttu sundnámskeiðið. Markmiðið var að safna fólkinu saman, mynda stjórn og vinna þá grunnvinnu sem þyrfti til þess að stofna þríþrautadeild. Haft var samband við bæði ungmennafélögin í Njarðvík og Keflavík og farvegurinn kannaður. Fólkinu var vel tekið af Stefáni Thordersen formanni UNFN og því var í framhaldið ákveðið að vera innan vébanda Ungmennafélags Njarðvíkur.

Góðir þjálfarar innanborðs

Stofnfundurinn var haldinn 17. febrúar 2011 í íþróttahúsinu í Njarðvík. Á fundinum var, auk hefðbundinna fundarstarfa, fyrsta stjórn deildarinnar kosin. Í henni sátu Tyrfingur formaður, Sigurbjörg Gunnarsdóttir varaformaður,

Þríþraut er íþrótt þar sem keppt er í sundi, hjólreiðum og hlaupi tiltekna vegalengd án hlés, þannig að tíminn milli hvernar greina telst með í heildartímanum.

Steindór Gunnarsson gjaldkeri, Guðbjörg Jónsdóttir ritari og Ævar Örn Jónsson meðstjórnandi. Í varastjórn voru kosnir Kjartan Sævarsson, Ásgeir Snær Guðbjartsson og Haraldur Hreggviðsson.

Markmiðið með stofnun deildarinnar var m.a. að halda úti skipulögðum æfingum fyrir þríþrautarfólk á Suðurnesjum í sundi, hjólreiðum og hlaupi. Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjanesbæjar útvegaði deildinni tíma í Vatnaveröld til sundæfinga og byrjað var að æfa tvisvar sinnum í viku. Þá fékk deildin nýverið úthlutað húsnæði til



Konur hafa verið að koma sterkt inn í þríþrautadeildina, enda þríþraut jafnt fyrir konur sem karla, þrátt fyrir járnkarl.

hjólréiða innanhúss og nota iðkendur sín eigin hjól og setja þau í litlar stöðvar („trainera“) sem halda þeim stöðugum meðan hjólað er og veita einnig viðnám. Hlaupaæfingar fara m.a. fram á upphitun hlaupaþrautinni utan við Vatnaveröld og því er hægt að stunda hlaup við góðar aðstæður allt árið um kring. Æfingaaðstaða þríþrautadeildar UMFN er því ein sú besta á landinu.

Deildin hefur að auki búið svo vel að hafa innanborðs góða þjálfara sem hafa tekið að sér æfingar einstakra íþróttagreina enda ekki úr miklum peningum að spila. Má hér nefna Steindór Gunnarsson, Guðbjörgu Jónsdóttur, Sigurbjörgu Gunnarsdóttur og Klemenz Sæmundsson. Ingi

Þríþrautadeildin heldur árlegt Þorláksmessusund í Vatnaveröld. Fátt er betra en slaka á í heita pottinum að loknu sundi.



Þór Einarsson, sem tók að sér fyrstu sundkennsluna er yfirþjálfari deildarinnar og þjálfari auk þess iðkendur í hjólreiðum. Sigurbjörg hefur verið sundþjálfari og Klemenz hlaupaþjálfari. Deildin býður upp á þjálfun í einstökum greinum þannig að fólk þarf ekki endilega að æfa allar greinarnar þó það vilji gerast aðilar að þríþrautadeildinni. Gamlir sundiðkendur hafa gjarnan iðkað sund innan 3N til að halda sér í formi og enn aðrir vilja einbeita sér að hjólreiðum eða hlaupum, allt eftir áhugasviði hvers og eins.

Um 30 virkir þátttakendur eru innan 3N og um 50 meðlimir en vonir höfðu staðið til að stækka deildina meira og hraðar. Eitthvað hefur járnkarlinn staðið í fólki sem hefur langað til að prófa þríþraut en keppni í járnkarlinum er þyngsta stigið í þríþrautakeppnum og ekki lokamarkmið í sjálfu sér, nema fólk stefni þangað. Til eru margar leiðir í þríþraut og er sprettþrautin gjarnan iðkuð sem fjölskylduþraut, m.a. hjá þríþrautadeild UMFN.

Tvö árleg mót orðin fastur liður hjá deildinni

Boðið er upp á ýmsar útfærslur í keppnum og hefur þríþrautadeild UMFN m.a. boðið upp á fjölskylduþríþraut þar sem fjölskyldan getur skipað lið og skipt með sér þrautum. Tvö mót eru haldin árlega hjá deildinni og orðin að föstum liði. Annað er Reykjanesmótið

Algengustu keppnisútfærslur þríþrautar eru eftirfarandi:

Sprettþraut: 400 m sund, 10 km hjólreiðar, 2,5 km hlaup.

Hálfólympísk þríþraut: 750 m sund, 20 km hjólreiðar, 5 km hlaup.

Ólympísk þríþraut: 1,500 m sund, 40 km hjólreiðar, 10 km hlaup.

Hálfur járnkarli: 1,900 m sund, 90 km hjólreiðar, 21,1 km hlaup.

Járnkarli (e. ironman): 3,8 km sund, 180 km hjólreiðar, 42,2 km hlaup.

í götuhjólreiðum, sem haldið hefur verið í Sandgerði, fyrst að beiðni Hjólreiðafélags Reykjavíkur og var þá haldið af Haraldi Hreggviðssyni og Inga Þór Einarssyni, en nú er mótið alfarið í höndum þríþrautadeildar UMFN. Keppnin hefur notið gífurlegra vinsælda og tóku um 80 manns þátt árið 2012 sem þótti gott, árið 2013 tóku um 100 manns þátt og í ár voru þátttakendur 160 sem var algjör sprengja. Hitt mótið er Sprettþraut 3N sem haldið er helgina á milli Menningarnætur í Reykjavík og Ljósanætur, oft er það síðasta helgin í ágúst. Þetta mót er haldið í Vatnaveröldi, þar sem m.a. er boðið upp á fjölskylduþríþraut. Nota má frjálsa aðferð í sundi, en flestir nota skriðsund, þar sem það gefur besta tímenn.

Rafnkell Jónsson, Jón Oddur Guðmundsson og Bjarni Kristjánsson í þríþrautadeild UMFN hafa náð frábærum árangri í þríþraut. Þeir kepptu

í fyrri í járnkarli í Kalmar í Svíþjóð. Bjarni keppti í Kaupmannahöfn, en gat ekki lokið keppni það árið vegna slyss, en hann lauk keppni í Austurríki nú í sumar. Rafnkell og Jón Oddur náðu mjög góðum árangri í sinni keppni og voru meðal 90 bestu af um 1300 keppendum. Þeir voru fremstir af íslensku keppendum og eru líklega með þeim bestu á Íslandi í þríþraut.

Þó margir hugsi til járnkarlsins er hann ekki útgangspunktur þríþrautarinnar, eins og þegar hefur komið fram og hefði auk þess frekar átt að útleggjast sem járnmaðurinn á íslensku þar sem þríþraut er ekki síður iðkuð af kvenmönnum en karlmönnum. Hjá 3N hafa Guðbjörg Jónsdóttir, Þuríður Árnadóttir og Sólbjörg Gunnbjörnsdóttir verið atkvæðamiklar og lauk Guðbjörg sínum fyrsta hálfu Járnkarli nú í sumar.

Núverandi stjórn 3N:

Formaður: Ægir Emilsson.

Aðrir stjórnarmenn: Sverrir Magnússon, Guðbjörg Jónsdóttir, Rósinkar Ólafsson,

Svanur Már Scheving og

Guðmundur Ingi Guðmundsson.

Varastjórn: Steinþór Gunnarsson og Haraldur Hreggviðsson.

Tenglar:

umfn.is/page/thrithraut

Facebook.com : 3N Þríþrautardeild UMFN



Frá æfingaaðstöðunni í Vatnaveröld.



Tekið á á hjólreiðaæfingu. Fremstir eru Bjarni Kristjánsson og Rafnkell Jónsson.



Við upphaf Reykjanesmótsins í hjólreiðum.



Frá þrjúbrautamóti 3N. Keppandi hvattur við marklínu.



Stefnt er að stækkun deildarinnar

Þrjúbrautardeild UMFN var stofnuð 17. febrúar 2011 og var fyrsti formaður deildarinnar Tyrfingur Þorsteinsson. Á þessum tíma sem deildin hefur starfað hefur henni vaxið talsverður fiskur um hrygg. Núna eru í kringum 45 manns sem eru orðnir virkir iðkendur í þremur æfingahópum, hlaupahóp, hjólahóp og sundhóp.

Deildin hefur mjög góða aðstöðu í Vatnaveröld, þar geta allar hjólaæfingarnar farið fram á veturna ásamt því að allar sundæfingar deildarinnar eru í innlauginni. Deildin er með þjálfara í öllum þeim greinum sem boðið er upp á og mikil metnaður er í stjórnamönnum að stækka deildina og gera hana öflugri.

Undanfarin þrjú ár þá hefur deildin verið með nokkra viðburði sem komnir eru í fastar skorður. Reykjanesmótið í hjólreiðum undir styrki stjórn Haralds Hreggviðssonar er eitt af því. Mót þetta er nú orðið gríðarlega vinsælt og markar yfirleitt upphaf keppnistímabilsins hjá hjólreiðamönnum. Deildin hefur líka haldið þrjúbrautamót í ágúst sem er bæði einstaklings- og fjölskylduþraut sem er orðin mjög vinsæl. Meðlimir deildarinnar hafa líka hlaupið eða hjólað ákveðinn hring að morgni gamlársmóts, „Klemmuna“ sem dregur nafn sitt af upphafsmanni þessa síðs, Klemenz Sæmundssyni sem hlaupið hefur þennan hring undanfarin 18 ár. Þessi hringur er Keflavík - Sandgerði - Garður- Keflavík sem er rúmlega hálf töluráð. Jafnframt hefur deildin haldið hið árlega 1500m sund á Þorlákssmessu.

Ægir Emilsson,
formaður þrjúbrautadeildarinnar



Emelía Rut Hólmarsdóttir Olsen í hnébeygju á Norðurlandamótinu sem haldið var í Njarðvík í ágúst 2014.

Deildin stofnuð til að geta haldið áfram að stunda lyftingar

Kraftlyftingadeild UMFN fagnar senn 20 ára afmæli, en deildin var formlega stofnuð 11. febrúar 1995. Lóðum hafði þó verið lyft af kappi í íþróttahúsinu í Njarðvík frá árinu 1974 og keppnir haldnar án þess að sérstök deild stæði þar að baki, það fyrsta í íþróttahúsinu í Njarðvík 2. febrúar árið 1979 og það á vegum UMFN.

Málum var hins vegar svo komið í Márslok 1994 að til stóð að leigja út aðstöðuna sem lyftingaiðkendurnir höfðu haft afnota. Það var því ekki um annað að ræða en stofna deild til að festa starfseminu í sessi. Þeir sem komu að stofnun deildarinnar og skiptu með sér verkum í fyrstu stjórn hennar voru þeir sem stunduðu kraftlyftingar á þessum tíma. Má hér nefna Björn Jóhannsson, Gunnar Má Eðvarðsson, Hermann Jakobsson, Hauk Guðmundsson, Sigmundur Bjarnason, Kristinn Bjarnason, Frey Bragason, Herbert Eyjólfsson, hjónin Lúðvík Björnsson og Þórdís Garðarsdóttir, Örn Steinar Marinósson, Eyþór Sigmarsson, Ólaf Kristjánsson,

Stefán Björnsson, Helga Rafnsson, Þórð Þórðarson og Reyni Ragnarsson. Mikil samheldni var í hópnum og andi góður.

Gunnar Már varð fyrsti formaður stjórnar en sá sem gegndi því embætti lengst var Hermann Jakobsson, í samtals 14 ár. Haukur Guðmundsson á þó metið í stjórnarsetu, var gjaldkeri í 18 ár samfleytt, frá stofnun til apríl 2013. Helgi Rafnsson var fyrsti ritari Massa. Deildin, sem í fyrstu taldi 25 manns stækkaði fljótt og ekki leið á löngu þar til félagsmenn voru orðnir 300. Á 10 ára afmælinu var þúsundasti félagsmaðurinn boðinn velkominn en nú eru þeir orðnir hátt í 3000. Virkir félagsmenn deildarinnar eru í dag um 500.

Heimasmíðuð tæki og tól

Fyrstu lyftingatækin sem deildin eignaðist voru heimasmíðuð því ekki voru til peningar í sjóði hjá hinni nýstofnuðu deild en lítið hægt að æfa nema réttur búnaður væri til staðar. Eðvarð Bóasson og Örn Agnarsson smíðuðu flest handlóðin sem notuð voru, þeir sem áttu bekkji báru þá inn og menn voru að koma með ýmis tól og tæki sem þeir áttu heima hjá sér til að notast

við. Þetta var það sem lyftingaiðkendur höfðu notað frá 8. áratugnum og þegar deildinni var úthlutaður stærri salur við stofnun voru tækin einfaldlega færð úr litla salnum. Aðstaðan var því nokkuð frumstæð hjá iðkendum til að byrja með og rimlarnir voru óspart notaðir til að taka æfingar. Það er ekki laust við að mönnum finnist nokkur geðveiki hafi verið ríkjandi á þessum tíma, þegar litlið er aftur og ýmislegt rugl verið í gangi. Það hafi hins vegar verið eitt af markmiðum stofnunar lyftingadeildar UMFN, að koma skikkun á hlutina og finna kraftlyftingum réttan farveg. Seinna þegar peningar náðu að safnast upp, m.a. vegna styrkveitinga hjá fyrirtækjum í bænum, var vélsmiðja Steingímssen fengin til þess að smíða tæki og búnað og eitthvað af því er enn í notkun. Kraftlyftingadeildin Massi hefur enn aðstöðu í litla salnum en æfir einnig í stóra salnum inn af sundlauginni, þar sem almennir félagar UMFN sækja sína styrktarþjálfun. Massa nafnið og merkið var samþykkt á fyrsta fundi deildarinnar, samkvæmt tillögu Hauks Guðmundssonar.



Æfingaaðstaða Massa.

Því fé sem safnaðist hjá kraftlyftinga-deildinni var úthlutað til annarra deilda UMFN þar sem lyftingadeildinni fannst ótækt að ein deildin næði að safna upp sjóði, auk þess sem lyftingadeildin hafði notið góðs af styrkjum frá öðrum deildum í upphafi. Þetta var við lýði þar til aðalstjórn UMFN kom að rekstri stóra salarins með Massa.

Kraftlyftingasambandið leitaði mikið til deildarinnar

Kraftlyftingadeildin naut alla tíð sérstöðu vegna þess að frá stofnun var deildin innan Íþróttasambands Íslands (ÍSí). Kraftlyftingasamband Íslands (nú Kraft) hafði nokkru áður gengið úr ÍSí vegna þess að ÍSí vildi taka lyfjapróf á keppendum en nokkrir aðilar innan stjórnar Kraftlyftingasambandsins voru ekki hlyntir lyfjaprófum og sögðu sig því úr ÍSí eftir kosningu innan stjórnar Kraft. Lyftingadeild UMFN fór hins vegar beint inn í ÍSí sem deild innan Ungmennafélags, skráð sem lyftinga- og líkamsræktardeild en ólympískar lyftingar voru þá innan ÍSí. Menn ráku hins vegar upp stór augu þegar ljóst var hversu mikill fjöldi var að stunda ólympískar lyftingar í Njarðvík! Nýtt og endurreist Kraft gekk svo aftur inn í Íþróttasamband Íslands árið 2010 með það fyrir augum að efla kraftlyftingar

með heilbrigði og fagmennsku að leiðarljósi. Upp frá þessu hefur verið stöðug fjölgun iðkenda á landsvísu og telja þeir nú á annað þúsund.

Massi hefur verið leiðandi afl í Kraft frá upphafi með virkri þátttöku í stjórn og mótahaldi. Massi hefur átt fulltrúa innan stjórnar Kraft og nú er Sturla Ólafsson formaður Massa og yfirþjálfari, varamaður Kraft, ásamt setu í landsliðs- og aganefnd kraftlyftingasambandsins. Þá verður að geta þess að á sama tíma hefur Massi eignast fjöldann allan af Íslandsmeisturum og fjöldi Íslandsmeta hafa fallið Massamönnum í skaut. Þá varð Sindri Freyr Arnarsson Norðurlandameistari unglunga árið 2013 og hefur margsinnis komist á verðlaunapall á erlendri grundu. Fjöldi Íslandsmeta og Íslandsmeistaratitla hleypur á nokkrum tugum síðustu árin og lið Massa hefur nokkrum sinnum unnið titillinn „Sterkasta kraftlyftingalið landsins“ á undanförunum árum. Massi hefur þrívægis átt íþróttamann/íþróttakonu UMFN, Ingu María Henningsdóttur árið 2013, Stefán Sturlu Svavarsson 2010 og Lúðvík Björnsson 1996.

Kraftlyftingasambandið leitaði mikið



Hressir keppendur á Reykjanesmótið í Kraftlyftingum 1996 sem haldið var í Félagsbíói. Aftari röð f.v. Halldór Eyþórsson, Völundur Þorbjörnsson, Lúðvík Björnsson og Eyþór Áki Sigmarsson. Fremri röð f.v. Sigmundur Bjarnason, Örn Agnarsson, Haukur Guðmundsson, Jón Randver Guðmundsson og Björn Jóhannsson.

til lyftingadeildar UMFN vegna móta og allmörg Íslandsmót voru haldin í Reykjanesbæ. Hér má m.a. rifja upp mót sem haldin voru í Félagsbíói þar sem sértaka athygli vakti aðbúnaður dómara sem sátu í Lazy Boy stólum uppi á sviði þar sem tekist var á. Þessu höfðu menn aldrei kynnst, enda mótin oftast haldin í skemmmum og ámóta húsnæði. Þetta helgaðist ekki síður af því að innan vébanda lyftingadeildar UMFN voru margir dómarar. Deildin vildi ekki

vera upp á sambandið komið vegna dómaramála og kepptist því við að þjálfar upp og mennta dómara.

Metunum rigndi inn í íþróttahúsið í Njarðvík

Á undanförunum árum hefur Massi alfarið séð um Íslandsmótin í kraftlyftingum og iðkendur UMFN hafa verið að standa sig vel á mótunum. Í sumar sem leið voru tvö Norðurlandamót haldin í Massa, annars vegar í kraftlyftingum og hins vegar í bekkpressu. Sturla Ólafsson formaður Massa og yfirþjálfari segir þetta stærsta viðburð í kraftlyftingasögu Íslands, því aldrei áður hafi umgjörð móts verið með þeim staðli að hægt væri að setja heimsmet á kraftlyftingamóti hérlendis. „Það eru fjölmörg skilyrði sem þarf að uppfylla svo heimsmet fái staðfest. Öll undirbúningsvinnan fyrir mótshaldið gleymdist þegar metunum byrjaði að rigna inn í íþróttahúsið í Njarðvík. Fjöldinn allur af Íslands-, Norðurlanda- og Evrópumetum litu dagsins ljós þessa ógleymanlegu helgi í ágúst og hvorki meira né minna en fjögur heimsmet voru sett. Mótið tókst með eindæmum vel og var það mál manna að öll umgjörð hefði verið eins og best verður á kosið. Stangamenn og aðrir starfsmenn fengu mikið hrós frá alþjóðadómurum, þjálfurum og keppendum fyrir vasklega framgöngu og fagleg vinnubrögð. Þetta sýnir það og sannar að Massafólk er klárlega tilbúið að takast á við verkefni af þessari stærðargráðu í framtíðinni.“



Sindri Freyr Arnarsson glaður með lyftu á Norðurlandamóti í kraftlyftingum 2014.

Massi átti tvo fulltrúa í landsliði Íslendinga, þá Sindra Frey Arnarsson og Hörð Birkisson. Sindri Freyr hampaði Norðurlandameistarattitli í kraftlyftingum og Hörður varð annar á sínu fyrsta alþjóðamóti.

Það er ekki fyrir en í seinni tíð sem



Verðlaunaafhending á Norðurlandamótinu í Massa í ágúst 2014. Sindri Freyr Arnarsson hampar hér bikarnum sem Norðurlandameistari í kraftlyftingum. Honum á hægri hönd er Hörður Birkisson sem var annar á sínu fyrsta alþjóðamóti.



Emelía Rut Hólmarsdóttir Olsen varð stigameistari í stúlknaflökki á Íslandsmeistaramóti í réttstöðulyftu árið 2013.

Massi hefur átt keppendur í ólympískum lyftingum og hefur félagið fagnað því að loksins ætti þetta stærsta aðilarfélag Lyftingasambands Íslands keppendur í ólympískum lyftingum. Þar hafa Emil Ragnar Ægisson og Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir verið fremst í flokki en þau eiga bæði sæti í landsliði Íslands í lyftingum.

Byggja upp unglिंगastarf

Að undanförunu hefur mikil uppbygging átt sér stað í unglिंगastarfi Massa og Sturla Ólafsson aflraunamaður verið ráðinn yfirþjálfari kraftlyftingadeildarinnar. Sturla er jafnframt formaður deildarinnar. Áður fyrr þurftu iðkendur að hafa náð sjálfræðisaldri til að mega stunda kraftlyftingar innan Massa en aldurstakmarkið var lækkað niður í 13 ár fyrir nokkrum árum. Iðkendur voru líka að gera þetta sjálfir hér áður fyrr, skoða blöð og reyna að læra hver af öðrum en nú hefur þjálfunin verið tekin föstum tökum. Mikil vakning hefur líka verið hjá konum að keppa í kraftlyftingum, ekki síður hjá UMFN en öðrum deildum innan ÍSÍ. Guðlaug Olsen hefur drifið konurnar hér áfram.

Núverandi stjórn Massa:

Formaður: Sturla Ólafsson.

Gjaldkeri: Gunnlaug F. Olsen.

Ritari: Ólafur Hrafn Ólafsson.

Meðstjórnendur: Þorvarður Ólafsson og Stefán Sturla Svavarsson.

Tenglar:

umfn.is/is/page/lyftingar

[facebook.com : Massi Lyftingadeild](https://facebook.com/MassiLyftingadeildUMFN)

UMFN



Hörður Birkisson, elsti keppandinn á Norðurlandamótinu í kraftlyftingum 2014 að gera sig klárann í lyftu.



Lúðvík Björnsson var kjörinn íþróttamaður ársins hjá UMFN árið 1996. Hér er Lúðvík ásamt Rósu Magnúsdóttur, Steindóri Gunnarssyni og Kristbírni Albertssyni.

Komst á heimsmeistaramót öldunga

Einn af þeim keppendum sem náð hafa bestum árangri hjá lyftingadeild UMFN er Lúðvík Björnsson, sem hóf að æfa kraftlyftingar af kappi árið 1994, þá um fimm tugt til að vinna á þrálátum bakverk. Áður hafði Lúðvík stundað lyftingar í líkamsræktarstöðinni Perlunni frá 1984, en færði sig yfir til Njarðvíkur til að komast í heitu pottana og gufuna eftir æfingar. Lúðvík náði

fljótt góðum árangri, setti t.a.m. þrjú Íslandsmet árið 1996. Það ár var hann kjörinn íþróttamaður ársins hjá UMFN og lenti í 3ja sæti í vali á Íþróttamanni Reykjanesbæjar. Hann var lyftingamaður ársins hjá Reykjanesbæ árin 1997 og 1999 en það ár hafði hann keppt á tveimur heimsmeistaramótum öldunga bæði í Brasilíu og Argentínu og náði á móti í Sun City sínum besta árangri á ferlinum,

silfri í bekkpressu og bronsi í hnébeygju og réttstöðulyftu. Þórdís Gardarsdóttir eiginkona Lúðvíks átti einnig farsælan lyftingaferil, en hún smitaðist af lyftingaáhuga Lúðvíks og hóf að æfa árið 1988. Hún var kjörin lyftingamaður ársins hjá Reykjanesbæ árið 2000 og tilnefnd sem íþróttamaður ársins hjá UMFN árið 2001.



Keppendur á fyrsta móti Massa í íþróttahúsi Njarðvíkur. Aftari röð f.v. Lúðvík Björnsson, Eyþór Áki Sigmarsson, Björn Jóhannsson, Örn Steinar Marinósson, Haukur Guðmundsson, Freyr Bragason, Jón Jóhannsson. Fremri röð f.v. Gunnar Már Eðvarðsson, Valur Björnsson, Eyjólfur Leósson og Magnús Einarsson.



Frá Reykjanesmótinu í kraftlyftingum í Félagsbíói 1996. Herbert Eyjólfsson, og Guðjón Svavarsson eru í viðbragðsstöðu hjá Lúðvík Björnssyni í bekkpressu.



Lúðvík að æfa fyrir heimsmeistaramót í Argentínu og Þórdís að keppa í réttstöðulyftu í Sun City.



Sindri Freyr og Sturla að skipta um gólfefni í Massa í ágúst 2014.



Fyrsta Norðurlandamótið heppnaðist vel

Massi er og hefur verið eini vettvangur Suðurnesjafólks sem hefur viljað keppa í lyftingum, hvort heldur kraftlyftingum eða ólympískum. Þetta er sérstaða Massa og hrepparígrur er víðs fjarri þegar fólk úr öllum byggðarlögum Suðurnesja sameinast sem lið undir merkjum UMFN/Massa. Massi hefur alla tíð verið það félag sem önnur lyftingafélög á landinu hafa horft upp til þar sem fagmennska í rekstri og samheldni félagsmanna er eitthvað sem einkennt hefur Massa alla tíð. Þessi samheldni og góði andi hefur fært keppnisliðum Massa ófáa titlana sem sterkasta liðið enda er það eitt af markmiðum Massa að eiga ekki bara sterkustu einstaklingana heldur sterkt og samhellt lið sem getur borið höfuðið hátt undir merkjum síns félags.


Massi hefur markað sér þá stefnu að kynna kraftlyftingar fyrir hinum almenna borgara, enda nýtast kraftlyftingar hvort heldur er til að styrkja sig fyrir aðrar íþróttir eða bara sem partur af almennri líkamsrækt og jafnvel vekja upp áhuga fólks til að taka skrefið og keppa í kraftlyftingum. Margir vita ekki að kraftlyftingar er ein fárra keppnisíþróttar þar sem kynslóðirnar keppa saman og til marks um það þá er yngsti Massa keppandi rétt fimmtán ára og sá elsti kominn vel á sextugsaldurinn og enn að bæta sig! Eitthvað er um að feðgar, mæðgur og feðgin séu saman á kraftlyftingaæfingum sem er kannski lýsandi fyrir sérstöðu Massa og kraftlyftinga.

Massi hefur frá upphafi verið hliðhollur alls kyns kraftaíþróttum og mætti nefna keppni í greypastyrk, drumbalyftum og hálandagreinum. Massi hefur staðið fyrir fjölda aflraunamóta í gegnum tíðina. Nokkrir Massamenn hafa gert það gott í aflraunamótum á landsvísu og mætti þar helst nefna Frey Bragason, Hannes Þorsteinsson og Sturlu Ólafsson sem fimm sinnum vann titillinn um sterkasta mann Suðurnesja og var sterkasti maður Íslands í -105kg flokki árin 2009 og 2010. Einnig varð Sævar Borgarsson margfaldur Íslandsmeistari í fitness

að ógleymdum glæsilegum ferli í kraftlyftingum.

Þegar horft er til framtíðar er nauðsynlegt að staldra við og horfa um öxl með það fyrir augum að læra af fortíðinni svo að framtíðin hafi gagn af. Sem betur fer hefur alltaf verið einhver stígandi hjá okkur í Massanum og metnaður fyrir

því að aðstaðan og tæki og tól væru eins og best verður á kosið miðað við það húsnæði sem við höfum úr að spila. Auðvitað væri stóri draumurinn að komast í stærra húsnæði svo að hægt væri að margfalda iðkendafjöldann í



Mótshaldarar Norðurlandamótsins í kraftlyftingum og bekkpressu 2014 í Njarðvík, Guðlaug Olsen og Sturla Ólafsson.

kraft- og ólympískum lyftingum en þrátt fyrir allt höfum við alla tíð verið að skila glæsilegum keppendum í alls konar kraftiþróttum sem segir okkur það að stærðin á aðstöðunni er ekki allt heldur er það andinn í félaginu sem skilar okkur



Góður hópur Massamanna og kvenna á Íslandsmeistaramóti í réttstöðulyftu 2013 á Ísafirði.

glæsilegum fulltrúum í keppni innan lands sem utan.

Sem formaður Massa get ég ekki annað en notað þetta tækifæri til að þakka meðstjórnendum mínum og þeim meðlimum Massa og UMFN sem hafa látið sig starfið varða með því að vera til staðar fyrir Massa hvort heldur í mótahaldi, viðhaldi á sal eða tækjum og tólum. Mér ber lukka til að konan mín Gunnlaug Olsen stendur mér við hlið sem gjaldkeri Massa og hefur í starfi sínu náð mjög góðum árangri í erfiðu árferði með botnlausri vinnu og útsjónarsemi. Af öllum öðrum ólöstuðum á Gulla risastóran hluta af skipulagningu Norðurlandamótanna og var vakin og sofin yfir því verkefni í talsverðan tíma sem skilaði sér í flottasta kraftlyftingamóti sem Ísland hefur séð og miklu hrósi frá öllum sem að komu og óhætt að segja að þessi árangur hafi opnað á enn frekara mótahald á alþjóðastaðli.

Að lokum vill ég hvetja alla til að kynna sér aðstöðuna sem Massi hefur upp á að bjóða í íþróttahúsi Njarðvíkur og jafnvel kynna þeim góða anda sem þar ríkir því það er nú þannig að eitt sinn Massi ávallt Massi.

Sturla Ólafsson formaður kraftlyftingadeildarinnar, Massa

Körfuknattleiksdeild

Tók tíma að krækja í fyrsta Íslandsmeistaratitilinn



Ljósmynd: Karfan.is

Njarðvíkingar hófu að spila körfubolta á 6. áratug síðustu aldar með bandarískum starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli. Árið 1951 stofnuðu íslensku starfsmennirnir Íþróttafélag Keflavíkurflugvallar (ÍKF) og höfðu þeir æfingaaðstöðu í íþróttahúsi Varnarliðisins. ÍKF hampaði fyrsta Íslandsmeistaratitilinum í körfubolta árið 1952 og tók Njarðvíkingurinn Ingi Gunnarsson fyrirliði við bikarnum. Liðið tók þrívægis við bikarnum eftir þetta. Liðsmenn ÍKF æfðu einnig knattspyrnu og kepptu við hin knattspyrnuliðin á Suðurnesjum. Árið 1969 gekk félagið inn í nýstofnaða körfuknattleiksdeild UMFN að frumkvæði Guðmundar Snorrasonar formanns UMFN. Þá hafði Ungmennafélagið komið upp aðstöðu til íþróttaiðkunar í Krossinum og það hyllti í byggingu íþróttahúss.

Það þarf ekki að fjölyrða um þann kraft sem innganga ÍKF inn í körfuknattleiksdeild UMFN hafði í för með sér fyrir framgang íþróttarinnar í Njarðvík. Sú reynsla sem körfuknattleiksmennirnir komu með til Ungmennafélagsins gerði það að verkum að markviss uppbygging hófst sem skilaði góðum árangri áður en langt um leið. Af þessum liðsmönnum áttu þrír eftir að verða viðloðnir körfuboltann í Njarðvík lengst af og leiða uppbygginguna, þeir Bogi Þorsteinsson, Hilmar Hafsteinsson og Ingi Gunnarsson. Bogi leiddi auk þess uppbyggingu minniboltans á Íslandi



Fyrstu Íslandsmeistarar UMFN í körfu 1975. Aftari röð: Hilmar Hafsteinsson þjálfari, Sigurður Björgvinsson, Ómar Hafsteinsson, Pétur Ægir Hreiðarsson, Svavar Herbertsson, Torfi Smári Traustasson og Bogi Þorsteinsson formaður UMFN. Fremri röð frá vinstri: Jón Viðar Mattíasson, Lárus Ingi Lárússon, Árni Lárússon, Sigurgeir Þorleifsson og Jóhann Sævar Kristbergsson.

sem hófst árið 1970 og ekki leið á löngu þar til markviss unglingsþjálfun hófst hjá UMFN, m.a. undir stjórn Inga og Hilmars.

Árið 1975 kom fyrsti Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik í hús og voru þar að verki drengir í 3. flokki undir stjórn Hilmars Hafsteinssonar. Árangrinum var ekki síst að þakka þeirri áherslu sem lögð hafði verið á þjálfun yngri iðkenda því á næstu árum hampaði UMFN Íslands- eða bikarmeistaratitli í einum eða fleiri af yngri flokkunum á hverju ári. Góðir þjálfarar og leiðbeinendur skiptu ekki síður máli og

má hér nefna Hilmar Hafsteinsson, Inga Gunnarsson og Júlíus Valgeirsson, svo nokkrir séu nefndir. Helgi Bjarnason blaðamaður hafði þetta um unglingsstarf UMFN að segja í Skinfaxa árið 1981, 1. tbl., að lokinni sögulegri stund í Njarðvík: „Ef fjöldi yngri flokka í Íslandsmóti er notaður sem mælikvarði á áhuga fyrir íþróttinni í viðkomandi bæjarfélagi er UMFN enn efst á blaði með þátttöku í fimm yngri flokkum og kemur nú engum á óvart árangur þeirra elstu þegar höfð er í huga uppbyggingin frá byrjun.“



Meistaraflokkur karla árið 1971. Aftari röð frá vinstri: Hans M. Hafsteinsson, Gunnar Þorvarðarson, Jón B. Helgason, Haukur Guðmundsson, Guðjón Helgason og Kristbjörn Albertsson. Fremri röð f.v. Hallgrímur Guðjónsson, Steindór Gunnarsson, Hilmar Hafsteinsson og Sigurður P. Hafsteinsson. Ljósmynd: Myndasafn Reykjanesbæjar.

Kosturinn við körfuboltann er að hægt er að æfa mikið einn

Æðsta merki UMFN gullmerki með lárviðarsveig var í fyrsta sinn veitt á aðalfundi árið 2011. Það féll í skaut Hilmar Hafsteinssyni en hann hefur leikið knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik með UMFN, ásamt því að sinna stjórnunarstörfum og þjálfað körfuknattleik með góðum árangri. Hilmar var ein af drifjöðrunum í stofnun körfuknattleiksdeildar UMFN og lék körfuknattleik bæði með Íþróttafélagi Keflavíkurflugvallar (ÍKF) og UMFN. Hann hefur markað stór spor í sögu deildarinnar því fyrsti Íslandsmeistaratitillinn kom í hús undir hans stjórn og þá hófst jafnframt mikil sigurganga UMFN í körfuknattleik. Kristján Jóhannsson settist niður með Hilmar og ræddi um árin í körfuboltanum.

Hilmar hóf að æfa körfuknattleik með Íþróttafélagi Keflavíkurflugvallar (ÍKF) árið 1961. Liðið var þá skipað íslenskum starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli. Á þessum árum var enginn körfubolti iðkaður í Njarðvík nema hvað litlar körfur höfðu verið settar upp í Krossinum og nokkrir strákar fóru að



Hilmar og Bogi afslappaðir í íþróttahúsinu.

spila, bæði jafnaldrar og eldri strákar eins og Ólafur Gunnarsson (Óli á Stað), Bjarni Snæland Jónsson, Guðjón Helgason og fleiri. „Ég var 15 eða 16 ára þegar ég fór að æfa með ÍKF. Vandamálið var hins vegar það að það voru engar eiginlegar æfingar hjá félaginu. Við gátum fengið að vera í íþróttahúsinu uppi á velli en við gátum ekki fengið húsið

til að æfa. Það var það sem háði þessu alltaf. Jú, við vorum að æfa körfubolta en ekki sem lið, því það vantaði fastar æfingar og þannig var það allan tímann. Körfuboltaíðkunin byrjaði ekki skipulega fyrr en við komumst í Krossinn af því að þetta var allt svolítið laust í reipunum,“ sagði Hilmar.

Engir þjálfarar voru í körfunni á þessum tíma, að sögn Hilmars. Ingi Gunnarsson, sem var fyrirlíði ÍKF og einn af forsprökkum að stofnun þess var í vaktavinnu á þessum tíma og því var ekki hægt að tala um eiginlegar æfingar. „Þjálfunin fólst aðallega í því að taka þátt í mótum á vellinum, þar sem hinar ýmsu deildir kepptu, allt upp í 20 lið. Þetta voru ýmsir starfsmenn á Vellinum og í þessu fólust æfingarnar, að vera eitt svona lið og taka þátt í mótunum. En þú getur ekki búið til lið svoleiðis.“

Miklar framfarir í 40 ára sögu íþróttahússins

Fljótlega eftir að ungu mennirnir fengu aðgang að Krossinum fóru hlutirnir að gerast. Guðmundur Snorrason, sem þá var formaður UMFN vakti máls á því

að ÍKF gengi inn í Ungmennafélagið og þar voru til peningar til þess að stofna deild og byggja upp. Samruninn átti sér stað árið 1969 og körfuknattleiksdeildin varð til. „Menn voru farnir að sjá að þetta gengi ekki upp á velli þó svo að Guðmundur þyrfti að standa í ströngu við að ná þessu í gegn. Á endanum sáu menn þó að þetta var rökrétt þróun.“

-Urðu straumhvörf eftir sameininguna?

„Þá förum við fyrst að æfa skipulega, en það var ekki mikið um yngri flokka. Það var hins vegar ekki fyrr en við fengum íþróttahúsið í Njarðvík sem yngri flokkastarfið hófst fyrir alvöru. Það var í upphafi árs 1974. Þetta var einmitt síðasti veturinn sem ég spilaði. Ég spilaði nokkra leiki þarna, síðan ætlaði ég nú bara að þjálfra yngri flokka, en þá komu þeir að máli við mig Gunnar Þorvarðarson og fleiri og spurðu hvort ég væri ekki tilbúinn að taka að mér þjálfun á meistarflokknum, sem og varð og ég hætti bara sjálfur að spila. Bæði var ég orðinn ónýtur í löppunum og svo var ég og er á þeirri skoðun að þú eigir ekki að gera bæði í einu, spila og þjálfra. Mig langaði alltaf til að þjálfra og stefndi að því en ekki endilega meistaraflokk.“

Hilmar sagði mikið vatn hafa runnið til sjávar á þessum 40 árum frá því íþróttahúsið var vígt, það megi tala um að himinn og haf skilji þar vegna þeirra miklu framfara sem orðið hafi. „Við getum sagt þetta svona: Þegar ég var að æfa yngri flokkana til að byrja með þá voru tvær æfingar í viku, 50 mínútur í senn. Þessir krakkar núna eru að æfa fjóra daga í viku, svo eru þau á skotæfingum og æfa utanhúss á körfum. Körfur utanhúss voru varla til fyrr en ég kom af þjálfaranámskeiði 1978 frá Kaliforníu. Þá stoppaði ég í Ameríku í þrjár vikur og sá að það eru körfur utan á öllum húsum. Þegar ég kem heim fæ ég Jón Borgarson til að smíða fyrir mig 20 körfuboltahringi, mjög vandaða. Þetta gaf ég strákunum í Njarðvík sem voru að æfa hjá mér, með því skilyrði að þetta yrði sett upp heima hjá þeim, að foreldrarnir myndu skaffa spjaldið til að festa körfurnar á, þeir fengu þetta ekkert fyrr. Ég setti líka einn hring upp í bakgarðinum hjá mér og þar var skotið allan daginn þó völluminn væri ekki stór. Svo kom þetta víðar um bæinn. Kosturinn við körfuboltann er sá að þú getur æft þig svo mikið einn. Ég hugsaði þetta þannig, hafandi bara 50 mínútur tvisvar sinnum í viku, að þá æfði ég skottækni og boltameðferð og svo getur þú æft þig endalaust heima. Þetta er bara eins og að læra á hljóðfæri, þú færð grunnatriðin hjá kennararnum, svo getur

Hilmar dæmdur í þriggja leikja bann og til að greiða 10.000 kr.

Í FYRRAKVÖLD kvað aganefnd KKI upp úrskurð í Hilmar málinu svonefnda. Var Hilmar Hafsteinsson dæmdur í þriggja leikja bann sem þjálfari og liðsstjóri UMFN og Njarðvíkingum gert að greiða 10.000 króna sekt, sem greiðist fyrir næsta leik UMFN.

Málsatvik voru þau, að Hilmar Hafsteinsson veittist að dómurum leiks UMFN og Vals í 1. deild Íslandsmótsins á dögnum. Sýndi þá Guðmundur Sigurðsson Hilmar rauða spjaldið og þar sem atgangur Hilmars hélt áfram, þá sýndi Jón Otti Ólafsson, sem dæmdi þennan leik í forföllum Erlendar Eysteinsonar, Hilmar rauða spjaldið tvívegis.

Þar sem brot Hilmars þótti mjög gróft, þá var aðilum leyfður munnlegur málflutningur, og þótti málið það viðkvæmt að nefndin ákvað að halda málflutninginn fyrir luktum dyrum. Eftir tveggja og hálf klukkutíma skraf var loks dómur kveðinn upp og hljóðar hann á þá leið, að Hilmar Hafsteinssyni er meinað að stjórna liði sínu, UMFN, næstu þrjá leiki í Íslandsmóti 1. deildar. Þá er Ungmennafélag Njarðvíkur gert að greiða 10.000 króna sekt til KKI, sem greiðist fyrir næsta leik UMFN.

Hilmar var sjálfur staddur við dómsuppkvaðningu og var á honum að sjá að honum þótti dómurinn þungur. Hann vildi sem minnst tjá sig um úrslitin en sagði

að „þótt illa hafi gengið þá mun sólin rísa aftur á morgun og ekki þýðir að örvænta. Njarðvíkingar eru einhuga um að krækja Íslandsmeistarátitlinum frá Reykjavíkingum.“

- Hilmar Hafsteinssyni þjálfara meistarflokks UMFN í körfuknattleik var farið að þyrsta í Íslandsmeistartitil í meistarflokki en 3. flokkur UMFN hafði þá komið með titil í hús. Hilmar var heitt í hamsi á leik UMFN og Vals í baráttunni um Íslandsmeistarátitilinn og fékk að líta rauða spjaldið í þrígang. Það þýddi þriggja leikja bann sem þjálfari og liðsstjóri, auk 10.000 króna sektar. Samkvæmt fréttinni hafði Hilmar þetta um málið að segja: „Þótt illa hafi gengið þá mun sólin rísa aftur á morgun og ekki þýðir að örvænta. Njarðvíkingar eru einhuga um að krækja Íslandsmeistarátitlinum frá Reykjavíkingum.“

MBL. 18.1.78.

þú verið að æfa þig heima.“

Eftir vígslu íþróttahússins jókst geta körfuknattleikslíðanna mikið enda bylting í þjálfunaraðstöðu. Þess var ekki langt að biða að fyrsti Íslandsmeistarátitillinn kæmi í hús. Hilmar byrjaði að þjálfra haustið 1974, m.a. hinn fræga 3. flokk sem varð Íslandsmeistari vorið 1975. Strax ári eftir varð UMFN Íslandsmeistari í 2. flokki og þannig tókst að byggja upp sterkan meistarflokk sem síðar tók á móti Íslandsmeistartitli ári eftir. Á þessum árum var þjálfunin sjálfböðavinna því

allir peningarnir sem deildin átti voru nýttir í keppnisferðir.


-Hvað með liðin á þessum tíma, fljótlega voru Ármann og KR komnir með amersíska leikmenn, þarna 75, 76, Jimmy Rogers og fleiri. Hamlaði þetta Njarðvík?

„Já, auðvitað gerði það það. Við vorum ekki eins sterkir. Þar að auki voru þeir sennilega með sterkari íslenska leikmenn. Við vorum bara að fikra okkur áfram. Við sáum náttúrulega að við gætum ekki gert þetta í einu skrefi. Þeir höfðu bara miklu meiri og lengri þróun en við, einnig ÍR og Valur. Þegar ég var hættur

Helgi Rafnsson í baráttu undir körfunni.



að spila þá ræddum við þetta í góðu tómi, ég, Ingi, Bogi, Guðjón Helgason og Kristbjörn Albertsson og við tókum bara meðvitaða ákvörðun um það; við verðum sjálfir aldrei nógu góðir til að veða að þessum liðum, þessum stóru klúbbum. Við verðum að búa þetta til. Það varð



Bogi og Hilmar með fyrsta Íslandsmeistarabikarinn.

til þess að ég fór að taka efnilegustu strákana og búa til lið, Kristinn Einars, Hreiðar, Teit, Ísak og fleiri, sem urðu svo burðarásinn í þessu liði. Við sáum að þetta var bara ekki hægt öðruvísi. Svo fengum við jógoslavneskan þjálfara haustið 1977, sem hét Markovich. Hann var að þjálfra alla flokka og var út af fyrir sig að gera marga ágæta hluti en samskiptin voru erfið. Ég held að hann

hafi ekki skilið okkar aðstæður. Þá var ég formaður deildarinnar og steig bara til hliðar. Þeir vildu þetta, drengirnir vildu gera þetta, en á endanum ráku þeir hann.“

Vandræðaár hjá meistaraflokki þar til trúin á getu varð sterk

Hilmar kom aftur að þjálfuninni vorið 1978 þegar liðið var á leið í bikarúrslitaleik þjálfaralausir og kláraði með þeim leiktiðina. Andstæðingarnir í bikarúrslitunum voru KR og Njarðvíkingar töpuðu með eins stigs mun.

–Í minningunni voru erfiðir tímar þarna, 1979-1981 þegar fyrsti Íslandsmeistartitill meistaraflokks féll Njarðvík í skaut. Hvað gekk á þarna á þessum tíma?


„Við vorum búnir að vera að dingla í þriðja og fjórða og svo öðru sæti þarna í bikarkeppninni trekk í trekk. Svo fáum við Ameríkanann Ted Bee haustið '77, ágætis leikmann, en hann var samt ekki nógu sterkur leikmaður og það verða eiginlega vatnaskil í lok tímabilsins. Þeir ákveða það Ingi og Bogi að ráða hann annað árið í röð og ég segi að þetta sé röng ákvörðun. Við vorum í þeirri aðstöðu að við trúðum því aldrei að við gætum unnið þetta, en við áttum alveg

að geta unnið þetta, en strákarnir trúðu því ekki sjálfir og það gerðist ekki. Ég taldi rangt að endurráða Ted Bee, það snérist ekkert um hann en það var túlkað þannig og það urðu leiðindi og ákveðin vatnaskil.“

Eftir þessa ákvörðun hætti Geir Þorsteinsson í liðinu og um áramótin var Stefáni Bjarkasyni boðið yfir til Keflavíkur sem hann þáði. Hilmar sagðist hafa stigið til hliðar í þessu máli og enn voru Njarðvíkingar að tapa, enda Tim Dwyer liðsmaður og þjálfari Vals nær ósigrandi sem gerði Ted erfiðar fyrir. Um haustið 1980 var ákveðið að fá Danny Shouse, sem spilað hafði með Ármanni um skeið, yfir til Njarðvíkur, bæði sem þjálfara og leikmanni. Hann leiddi meistaraflokk til sigurs vorið 1981 með Gunnar Þovarðarson sem fyrirliða og Inga Gunnasson sem liðsstjóra.

–En það gekk rosalega mikið á í deildinni hjá Njarðvík við að ná titli, menn reyndu alveg út í æsar?

„Jú, menn vildu gera alveg það sem hægt var. Ég held að það hafi verið aðallega Ingi sjálfur og Viðar Kristjánsson sem var formaður á þessum tíma. Þeir sáu að það þurfti eitthvað róttækt að gera og réðu Danny, einhvern sem leiddi okkur áfram. Stundum vantar þig mann í lið sem gerir hlutina, setur boltann ofan í. Danny kom þarna og hann starði bara ef boltinn fór ekki ofan í, bara trúði því ekki. Hann gat þetta. Ég verð sem sagt ekki þjálfari þarna fyrsta árið sem Danny kom og þá fór ég að þjálfra Val. Kannski hefðum við getað unnið þetta hjá Val, en við vorum óheppnir, vorum í Evrópukeppni, ég rak fyrsta leikmanninn og næsti fótbrotnaði en ég fann Brad Mailey og við urðum bikarameistarar en Njarðvíkingar urðu Íslandsmeistarar. Árið eftir vildi Njarðvík fá mig sem þjálfara og við urðum Íslandsmeistarar það árið aftur og þá með Danny innanborðs. Þá opnast þarna flóðgátt, þó við höfðum verið slakir árið 1983, en það voru smá vandamál þá og við í fallhættu. Svo 1984, þegar bann var á komið á ameríska leikmenn, þá ákvað ég að hætta og Gunnar Þovarðar tók við og hann gerði þá að Íslandsmeisturum með glæsibrag. Þá var kominn þessi trú að við gætum þetta,“ sagði Hilmar að lokum.



Íslandsmeistarar UMFN 1981

Stór stund og ólýsanleg stemmning í bænum

Það var stór stund í Ljónagryfnum í sumarbyrjun árið 1981 þegar UMFN hampaði fyrsta Íslandsmeistarabikarinn í meistaraflokki en á toppinn hafði verið stefnt um hríð. Þar með hófst löng og ströng sigurganga körfuknattleiksdeildar UMFN sem hvergi sér fyrir endann á, þó vissulega hafi skipst á skin og skúrur. Liðið hafði verið mjög sterkt þennan vetur og því vel að sigrinum komið. Sigursins var m.a. getið í Skinfaxa árið 1981, þar sem saga deildarinnar var auk þess rakin í stórum dráttum og farið yfir það helsta hjá ungmennafélögum landsins í körfuknattleik. Áður nefndur Helgi Bjarnason lét þessi orð falla um UMFN í úrvalsdeildinni: „Umf. Njarðvíkur heldur uppi merki ungmennafélaganna í úrvalsdeildinni nú sem fyrr og er félagið, nú þegar þetta er ritað, efst af sex liðum úrvalsdeildarinnar og því óumdeilanlega besta körfuknattleiksfélag Íslands um þessar mundir.“

Danny Shouse var þjálfari þessara fyrstu Íslandsmeistarara en hann gekk til liðs við UMFN árið 1980 og spilaði með meistaraflokknum til ársins 1982. Koma Danny var mikill fengur fyrir liðið, enda gríðarlegur skotmaður og öflugur bakvörður. Áður hafði Bandaríkjamaðurinn Ted Bee leikið með meistaraflokki, frá 1978, en hann var fyrsti erlendi leikmaðurinn sem ráðinn

var til körfuknattleiksdeildar UMFN. Ted hafði undirbúið jarðveginn fyrir Íslandsmeistarana vel, m.a. með þjálfun yngri flokkanna með góðum árangri.

Vísir fjallaði um fyrsta Íslandsmeistaratitil UMFN í meistaraflokki í opnu þann 24. febrúar 1981. Þar segir blaðamaðurinn Gylfi Kristjánsson skemmtilega frá: „Svo alvarlega taka Njarðvíkingar þessari íþrótt, að við verðlaunaafhendinguna sáu stár tár víða renna úr augum manna og kvenna, og voru þar ósvikin gleðitár á ferðinni. Sungið var og trallað á áhorfendapöllum og leikmennirnir kysstir og knúsaðir inni á gólfinu á eftir. Eftir að íþróttafélaginu höfðu verið afhentar ýmsar gjafir, var haldið í samkomuhúsið Stapann, þar sem tekið var til við framhald sigurlátanna, og var ekkert gefið eftir. Þar skáluðu menn í góðum veigum og fögnuðu langþráðu takmarki. Íslandsbikarinn var loksins kominn til Njarðvíkur, þessi langþráði gripur, sem leikmenn félagsins hafa svo oft áður verið nálægt því að hreppa, en ekki tekist fyrr en nú.“

Sigurvissir Haukar þurftu að sjá á eftir titlinum til Njarðvíkur

Gunnar Þorvarðarson var fyrirliði meistaraflokks árið 1981 og tók því á móti þessum fyrsta Íslandsmeistaratitli. Hann sagði í viðtali að tilfinningin hafi



Gunnar Þorvarðarson með Íslandsmeistarabikarinn.

verið ólýsanlega og í raun geti enginn ímyndað sér það nema þeir sem reyna. „Við vorum búnir að vera í öðru og þriðja sæti í mörg ár, leiddum oft deildina þangað til tveir, þrír leikir voru eftir og þá runnum við bara á rassinn. Við komumst ekki yfir þennan þröskuld en um leið og menn hafa upplifað sigurinn

NJARÐVÍKINGAR ÍSLANDSMEISTARAR Í KÖRFUKNATTLÉIK



„Svaru þarfa“, Denny Shouse, hefur verið stórkostlegur liðmaður UMFN í vörð. Hér er hann með Íslandsbikarinn og leikur við heimilingskepp ferðastofu Korféttisliðsambandsins.



„Ljónagryfjan“ var þjáttast af venju og fjögurum mikill þar á þekkingu. er verðlaunin vore ást.



Gunnar „gamli“ Þorvarðsson kemur Íslandsbikarinn fyrir í hana útgáfu stöðungsins í „Gryfjunni“. — Válmeyndir: Friðbjólfur og Kristján.



„Lokinn, eftir 40 þessi ár...“ — Gunnar Þorvarðsson hefur lokinn bikar Íslandsbikarinn, sem hann vörð Válmenn af handi Stofnans í gegnum venju. — Válmeyndir: Friðbjólfur og Kristján.

„Ljónagryfjan“ nöttraði af fagnaðarlátum

Þráttátt. Njarðvíkingar hefur meðhöfðir er greidd undir nafni „Ljónagryfjan“ og er ekki eftirlit að tryggja sér ávarðing. Áskrifendur þar þykja einhverju hluti áhrifanna og hafa áhuga, sem þekktast hafa á landi og aðrir eru þeir þjáttast og kærir og þegar áhrifast. Íslenski félaginn er þar að samna að meðhöfðingum sínum. Þessir kærabókarnir áttu eftir það öðru fremur að vera til þessa í „Ljónagryfjunni“, og þar hafa þeir reyndar verið tekur óþökkum tókum í vörð.

Hinn íslenski drömmur UMFN um Íslandsmeistarastöðunni eftir með þá, hefur náttúra náttúra. Korféttisliðsbandsins eignast með miklum styrkum í úrvalsdöðunni í vörð, hefur repuldar tryggst sér lítilsum língna öðru en kappinninn leik og engin spurning um það, að þangað gæti þetta að fara.

Sí í flutningsvöldi leik UMFN áhústa hrik síni í úrvalsdöðunni að þessa áttu, og voru áttu stöðungsir líð Ármann, sem þegar var falli í, ogði eftir áttu.

veru í úrvalsdöðunni. Áttu var formennir að þessa þessum lík, en einn og vörðingur töðru lílu áttu. „Ljónagryfjan“ og líttu sína menn, sem sínu að sjálfstjórn stjórnar.

Lokinn!

Ög svo var komið að þess áttu, sem margir Njarðvíkingar hafa söðu spegnir eftir áttu saman, að Íslandsbikarinn væri áttu þetta sínu línu í hendur þar þessi síðla lagfátta, formatur. Korféttisliðsbandsins hafa, í lokinni vörðingur fagnaðarlát og þar var „gamli“ Þorvarðsson. Gunnar hafa vörðingur, sem vörðingur höfum vörðingur, og var ekkert gefið eftir. Þar áttu þessi menn í göðum vörðingum og fjögurum liðsmönnum tókum. Íslandsbikarinn var líttu kominn til Njarðvíkingar, þessi íslenski gryfja, sem þessi íslenski hafa svo eftir áttu vörðingur þar að þessu, en ekki leiki lýr en en.



Texti: Góli Kristjánsson



Ungir þjáttast af UMFN gegna framtyr. „gölu sína“ og öðru þessu til þessu þessu og töluna.



Íslandsmeistarar Njarðvíkingar í korfuknattléik 1981, ósmátt líttu, stjórnmáttinn og Þorvarðsson, formanni félagsins, sem er þangað til þessu í áttu sínu.



Leikmenn UMFN hlæpa hefur þessu í „Gryfjunni“, hafa þessu.



Í Stapanum ósmátt dæðing og þar sínu leikmenn UMFN um fjóru sínu og „Trottaðir vörðingur“.

þá koma yfirleitt margir á eftir, menn verða vanir spennustiginu. Bæjarstjórnin hér í Njarðvík var meira að segja búin að kaupa bikar einhverjum árum áður og ætluðu að veita okkur en hann þegar við yrðum Íslandsmeistarar því við vorum svo lengi á þröskuldinum. En svo komumst við yfir þennan þröskuld og allt bæjarfélagið fór á hvolf bara þegar þetta skeði. Ég mað að það var haldin sigurhátíð í Stapanum og þar var auðvitað kjaffullt og ólýsanleg stemmning í húsinu.“

Njarðvíkingar voru reyndar duglegir að fagna fyrstu Íslandsmeistaratitlunum og Gunnar sagði að þegar titill var kominn í hús 1984 hafi verið haldin fjögurra daga sigurhátíð í bæjarfélaginu, frá fimmtudegi til sunnudags. Hann var þá spilandi þjálfari og andstæðingarnir Valsmenn. „Það voru svolítið sérstakar aðstæður þarna og menn voru jafnvel búnir að spá því að við myndum ekki hafa þetta. Það var mikil endurnýjun í liðinu, mikið af 16 og 17 ára strákuum að koma upp í meistaraflokk. Ástþór Ingason, Ísak Tómasson, Helgi Rafnsson og fleiri og við lentum í áfalli með tvo leikmenn. Valur Ingimundarson, sem hafði verið lykilmáður í liðinu, fótbrotnaði undir lok deildarkeppninnar og var því ekki með í úrslitarimmunni.

Þá snéri Kristinn Einarsson sig illa í úrslitakeppninni við Val þannig að þetta leit ekki vel út. Við höfðum þó sigur og

annan úrslitaleikinn í Hafnarfirði, en andstæðingar okkar í úrslitakeppninni voru Haukar. Við töpuðum fyrsta

Félag	Titlar	Ár
ÍR	15	1954, 1955, 1957, 1960, 1961, 1962, 1963, 1964, 1969, 1970, 1971, 1972, 1973, 1975, 1977
KR	13	1965, 1966, 1967, 1968, 1974, 1978, 1979, 1990, 2000, 2007, 2009, 2011, 2014
Njarðvík	13	1981, 1982, 1984, 1985, 1986, 1987, 1991, 1994, 1995, 1998, 2001, 2002, 2006
Keflavík	9	1989, 1992, 1993, 1997, 1999, 2003, 2004, 2005, 2008
ÍKF	4	1952, 1953, 1956, 1958
Grindavík	3	1996, 2012, 2013
Valur	2	1980, 1983
IS	1	1959
Ármann	1	1976
Haukar	1	1988
Snæfell	1	2010

Íslandsmeistaratitlar í korfuknattléik karla 1952 – 2014. Af is.wikipedia.org

það var sannarlega ástæða til að fagna.“ Þá hafi stemmningin í kringum Íslandsmeistaratitlinn 1985 verið all sérstök og lesa má úr umfjögnum fjölmiðla á þessum tíma að það var eitthvað sem einkenndi úrslitarimmuna öðru fremur. „Aldrei hefur spennan verið meiri í Ljónagryfjunni,“ sagði Magnús Gíslason í DV grein 25. mars 1985 og tók fram að húsíð hafi fyllst klukkutíma fyrir leik og færri hafi komist að en vildu. „Það sem gerðist hér er að við urðum grimmir þegar við fórum í

leiknum hér í íþróttahúsinu, þeir unnu okkur óvænt hér heima. Við fórum síðan inn í Hafnarfjörð að spila leik númer tvö og þá var fyrirkomulagið þannig að lið þurfti einungis að vinna tvo leiki, ólíkt því sem er núna. Það fyrsta sem við sjáum þegar við komum inn í íþróttahúsið við Strandgötu er að þar er allt fullt af kampavini og blómum því að þá voru þeir bara að gera sig klára að taka á móti titlinum. Þetta hleypti illu blóði í okkur og þessi leikur fer í framlengingu. Þetta var mikil dramatík, Haukar hefðu getað

sígrað þetta með vítaskoti þegar ein eða tvær sekúndur voru eftir af venjulegum leiktíma, en viðkomandi brennir af vítaskotinu sem hann fékk og þá rennur tíminn út. Haukanir eru einu stigi yfir þegar einhverjar 15 sekúndur eru eftir af framlengingunni og eru með boltann. Þeir hittu ekki úr skotinu sem þeir fengu og ég man eftir því að ég grýtti boltanum fram völlinn og Valur Ingimundar skorar bara um leið og klukkan gellur og við vinnum með eins stigs mun. Það voru 1200 manns í húsinu. Svo er þriðji leikurinn hér í Njarðvík og hann vinnum við eftir mjög jafnan leik, 67- 61.“ Eftir þessa rimmu ákvað Jónas Jóhannesson að leggja skóna á hilluna, en hann þótti eiga hvað mestan þátt í sigrinum á Haukum.

Vorið 1986 voru Haukar enn á ný andstæðingar UMFN í úrslitarimmi Íslandsmeistarans og þá var burst. „Við unnum hana með svo fádæma yfirburðum, við unnum með 30, 40 stiga mun í báðum leikjunum.“

Keflvíkingar taka að ógna Njarðvíkingum

Njarðvíkingar þurftu að sjá á eftir Íslandsmeistaratitlinum til Vals árið 1983, þeir voru einfaldlega ekki í nógu góðu formi, að sögn Gunnars, en komu þá grimmar til leiks og náðu titlinum aftur í hús árið 1984 og næstu ár þar á eftir undir stjórn Gunnars. Keflvíkingar höfðu á þessum tíma náð að byggja upp sterkt körfuboltalið í meistaraflokki og hófu að ógna nágrönnum sínum, sem höfðu skipað besta lið allra Suðurnesjaliðanna, að mati blaðamanna. Í fjölmiðlum var farið að tala um sigurgöngu Íslands- og bikarameistaranna úr Keflavík eftir að þeir höfðu haft Íslandsmeistarabikarinn í sinni vörslu í tvö ár, árin 1992 og 1993, náðu honum af Njarðvíkingum sem höfðu hann í vörslu sinn að nýju 1991 eftir fjögurra ára fjarveru. Veturinn '93/ '94 komu Njarðvíkingar grimmar til leiks og náðu titlinum „aftur heim“ árið 1994, eins og þeir höfðu orð á sjálfir. Þetta var þó ekki byrjunin á nágrannslag Keflavíkur- og Njarðvíkurliðanna. Liðin mættust í fyrsta sinn í úrvalsdeild í október árið 1982 og hefur rígurinn því staðið í rúm 30 ár. Fátt þykir skemmtilegra en úrslitaleikir milli liðanna.

Kvennaflokkur

Eftir mikla og harða baráttu í körfuknattleik karla, sem endaði með sigri í úrvalsdeild, smitaðist áhuginn



1. deild kvenna UMFN 1982. Aftari röð f.v. Katrín Eiríksdóttir, Guðbjörg Lilja Jónsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Þorleifsdóttir, Ásdís Hlöðversdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Fremri röð f.v. Hulda Lárusdóttir, Sigríður Guðbjörnsdóttir og Ragnhildur Ingólfsdóttir.

á körfubolta yfir til ungra kvenna í Njarðvík. Stúlkur byrjuðu að iðka körfuknattleik árið 1979 undir stjórn Stefáns Bjarkasonar. Nokkrar stúlkur höfðu komið að máli við hann, m.a. mágkona hans Kolbrún Garðarsdóttir, og óskað eftir að hann kenndi þeim undirstöðuatriði í körfubolta. Á Íslandsmeistaramótinu árið 1981 var lið UMFN eitt þriggja liða sem kepptu í 2. flokki og ekki leið á löngu áður en stúlkurnar höfðu fyrsta Íslandsmeistaratitlinum en það var árið 1983. Stúlkurnar í Njarðvík hafa jafnan verið mjög öflugar í minniboltanum sem og í yngri flokkunum, enda mikið og gott starf sem þar fer fram.

Árið 2007 gerðist tvennt í körfuknattleik kvenna, 1. deild kvenna varð Úrvalsdeild kvenna og UMFN tókst að tefla fram meistaraflokki kvenna, en talsvert hlé hafði verið á keppni í þeim flokki hjá félaginu. Liðið hefur að mestu

verið skipað stúlkum úr stúlknaflökki, sem eru 16 og 17 ára og hafa gefið sig allar í körfuboltann. Þær æfa stift yfir sumarið líka, stunda styrktaræfingar og srengríftsþjálfun og sagði Friðrik Ingi Rúnarsson þjálfari meistaraflokks að gott væri fyrir yngri iðkendur að alast upp í þessu umhverfi. Mikil gróska sé auk þess í starfinu og gott starf unnið í félaginu og hjá unglingaráði. Iðkendaföldinn í kvennaboltanum hefur vaxið mikið að undanförunu og hefur aldrei verið meiri en nú.

Árið 2012 var gott ár hjá körfuboltakonum í Njarðvík. Meistaraflokkur náði sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli og höfðu einnig bikarameistaratitli eftir veturinn og stúlknaflakki UMFN náði þeim áfanga að verða fyrstur yngri flokka kvenna hjá UMFN sem hampar Íslandsmeistaratitli og bikarameistaratitli sama árið.

Einar Árni Jóhannsson er þjálfari



Ljósmynd: Oddgeir Karlsson.

stúlknaflökks og hafa þeir Friðrik unnið náði saman í kvennboltanum.

Búningasaga UMFN

Fyrstu búningar körfuknattleiksdeildarinnar voru í félagslitunum, aðalbúningurinn blár með hvítum stöfum og varabúningurinn hvítur með bláum stöfum. Búningarnir voru einkenndir liðinu með UMFN yfir brjóstið. Árið 1973 voru búningarnir orðnir lúnir og fyrir lá að það þyrfti að endurnýja aðalbúningana og það var kostnaðarsamt. Gunnar Þorvarðarson þekkir búningasögu UMFN vel og segir svo frá: „Um haustið fórum við Brynjar Sigmundsson, sem vorum í stjórn deildarinnar til Bandaríkjanna að spila með ungmennaliði og vorum þar í 5 vikur. Þar var líka Stefán Bjarkason leikmaður með Val, en það hafði verið í umræðunni að Stebbi kæmir yfir í Njarðvík. Ég var gjaldkeri stjórnarinnar og okkur býðst að kaupa búninga frá heildsala mjög ódýrt. Við óðum náttúrulega ekki í peningum þá frekar en nú og við sáum okkur leik á borði, því búningarnir okkar voru að syngja sitt síðasta og við vorum að horfa á það að kaupa bara eitt sett, ekki varasett. Þá þurftum við að finna lit sem ekkert annað lið í deildinni var í. Íþróttafélag stúdenta var í bláu og ÍR í hvítu, þannig að við þurftum alltaf að eiga varasett ef við ætluðum að vera í bláu búningunum. Það voru 3 litir sem komu til greina, sem ekkert lið var í, og þar sem við vorum allir þrír Boston Celtics aðdáendur þá



UMFN í Hagkaupslitunum.

völdum við þennan græna. Við keyptum því þennan búning og komum með heim. Síðan hefur þessi litur verið á búningunum.“

Þetta var haustið 1973 og Gunnar telur líklegt að búið hafi verið að merkja búningana og gera þá klára í ársbyrjun 1974. Grænu búningarnir hafa því verið notaðir í 40 ár hjá félaginu, að einni keppnistíð undantekinni, 1989-90 en þá



UMFN og ÍBK í baráttu. Erna Hákonardóttir fer hér fyrir Njarðvíkurstúlkum. Ljósmynd: Karfan.is

lék meistaraflokkur í appelsínugulum búningum. Það er líka saga á bak við það: „Þá samdi deildin við Hagkaup sem aðalstyrktaraðila og þá var tekin ákvörðun um að breyta til og fara yfir í Hagkaupslitina. Þetta stóð í eitt ár og fólk var almennt ekki ánægt með þetta, þannig að þeir komu aftur í grænu næsta tímabil á eftir,“ sagði Gunnar. Þetta var þó ekki í eina skiptið sem Hagkaup var aðalstyrktaraðili deildarinnar en þá var látið nægja að prenta einkennismerki verslunarinnar á grænu búninga með appelsínugulri umgjörð.

Saga Nettómótsins

Árið 1991 stóð unglingaráð UMFN fyrir fjölldamóti í minnibolta og var það hugsað sem óopinbert Íslandsmót þar sem að KKÍ hafði ekki haldið slíkt áður. Undirbúningsnefnd fékk styrktaraðila til þess að kosta mótið og var það fyrsta árið nefnt Íslandsbankamótið. Ákveðið var að halda mótið í aprílmánuði og voru þátttakendur í mótinu um 150 talsins. Fyrstu tvö árin var mótið haldið undir merkjum Íslandsbanka og UMFN, en á því varð breyting árið 1993 en þá var ákveðið að leyfa Keflvíkungum að taka þátt í undirbúningi og skipulagningu og var sú aðstoð vel þegin þar sem að mótið hafði stækkað svo um munaði með hverju árinu. Mjólkursamsalan var fengin sem aðalstyrktaraðili mótsins undir merkjum Kókómjólkur og var því nefnt Kókómjólkurmótið, en því nafni gegndi mótið næstu 10 árin.

Árið 2002 tók Samkaup (nú Nettó) við sem styrktaraðili og var þá mótið búið

að skipa sér sess sem stærsta fjölldamót sem haldið var í minnibolta á Íslandi en



Körfuboltaskóli UMFN árið 1990.

þátttakendur voru þá áætlaðir um 436. Frá árinu 2002 hefur mótið ávallt verið haldið fyrstu helgina í marsmánuði og eru tölur yfir þátttakendur búnar að margfaldast og fjölgar með hverju árinu. Árið 2014 var met sett þar sem 1254 þátttakendur tóku þátt, spilaðir voru 500 leikir í 8 íþróttahúsum víðsvegar á Suðurnesjunum í tvo daga.

Til að halda mót af þessari stærðargráðu þarf gríðarlegt magn af sjálfbodaliðum. Hýsa þarf börnin og sjá skólarnir á svæðinu um það, einnig þarf að fæða þau og bjóða þeim upp á afþreyingu á milli leikja, s.s. bíó. Ekki má gleyma dómgæslu, fararstjórn, eftirliti og fleira. Mótið endar svo ár hvert með verðlaunaafhendingu og pizzuveislu þar sem að allir ganga sáttir frá borði eftir að hafa tekið þátt í leikjum helgarinnar.

Frá upphafi er áætlað að um 15 þúsund þátttakendur hafi tekið þátt og verður að segjast að Nettómótið er langlífasta og lang stærsta fjölldamót á Íslandi og á eflaust eftir að stækka enn meira.

Faðir körfuboltans í Njarðvík



Bogi Þorsteinsson

Af öðrum mönnum ólostuðum verður Bogi Þorsteinsson að teljast á einstaklingur sem markaði dýpstu sporin í sögu körfuknattleiks, ekki bara í Njarðvík, heldur Íslandi öllu og hann gjarnan kallaður „faðir körfuboltans“. Hann var einn af forystumönnum körfuknattleiksins, stofnaði Íþróttafélag Keflavíkurflugvarllar (ÍKF) árið 1951 og formaður þess fyrstu árin. Hann beitti sér síðan fyrir því að ÍKF gengi inn í UMFN við stofnun þeirrar deildar árið 1969. Bogi var einnig fyrsti formaður Körfuknattleikssambands Íslands, stýrði Minniboltanum þegar hann var tekinn upp hér á landi árið 1970 og tók það ár við formennsku í stjórn UMFN. Árið 1985 var Bogi kjörinn heiðursfélagi körfuknattleiksdeildar UMFN no. 1 og heiðursfélagi Körfuknattleikssambands Íslands sama ár. Bogi lést árið 1998. Fundaraðstaðan Boginn í íþróttahúsi Njarðvíkur er Boga Þorsteinssyni til heiðurs.



Hreiðar Hreiðarsson og Ívar Webster í baráttu

Hnefarnir voru á lofti í Höllinni

- Þegar Valur sigraði UMFN í Úrvalsdeildinni í körfuknattleik 92:79

Það var víða slagið í Laugardalehöllinni í gærkvöldi er leik Vals og UMFN, í Úrvalsdeildinni í körfuknattleik, var að ljúka. Slagsmálið byrjaði á skortendapóllum rétt fyrir leikslok og þar slóust áhængendur liðanna. Í leiklok tóbust slagsmálið inn á gölf Hallarinnar, og reyndu margir að komast að dómurum til að veita þeim ráðningu. „Körstjóri“ Njarðvíkinganna á leikjum þeirra í vetur náði til annars dómars og lamið hann í andlit og komur rakari í Reykjavík kastaði einum áhængenda Njarðvíkinga heldur betur í Hallargölf-

ð, er Njarðvíkingurinn reyndi að ná til dómara. Og slagsmálið lögðu víða í Höllinni og segja ma að þar hafi allt verið á submarki.

Njarðvíkingarnir urðu einu sinni að setja sig við að missa af Íslandsmeistarátíð, þriðje árið í röð, mjög næmlega. Valsmenn sigruðu 92:79 eftir að hafa haft yfir í hálfleik 43:34. Fram að þeim tíma hafði leikurinn verið snjfn, en Valur skoraði 9 síðustu síg fyrri hálfleiksins.

Þessu forskoti sínu héldu Valsmenn áfram síðari hálfleik, og munurinn varð mestur 15 stig. Undir lokin var heklur betur kominn hli í menn, og þá dró til tilbáða á völlum.

Eftir að brotið hafði verið á Tim Dwyer Valsmanni sló hann með ónhögnum beint í andlit Arna Lárussonar, Njarðvíkings, og þá saði uppúr. Geir Þorsteinsson Njarðvíkingur fékk gula spjaldid og sömuleiðis Hilmar Hafsteins-son, hjálfi UMFN, sem var kominn inn á völlum og var búinn að setja sig í bardagastellingar á móti Dwyer.

En Kristbjörn Albertsson milliríkjadómari stál þó snenni. Hann þeysti inn á völlum og eftir að hafa átt orðaskipti við Guðbrand Sigurðsson, dómara sé Guðbrandur sig tilneyddan að visa milliríkjadómaramanur úr höndu.

En ef við snúum okkur frá slagsmálanum og að leiknum sjálfum þá sigraði þetta liðið í Höllinni í gærkvöldi. Valsmenn léku geygilega sterkan varnarleik. Bestu menn Vals voru Tim Dwyer sem átti mjög góðan leik að venja, en galli er á leik hans ívessa mikið hann slær um sig með ónhögnum og kemst upp með það ó-veitur.

Á öðrum völluminnum Vals má nefna Ríkha-b Hrafnkelsson og Guðlaf Guðstafsson, sem voru báðir mjög góðir, „n annars var liðið jafnt og stækt.“

Njarðvíkurliðinu ætlar að ganga illa að vinna sigur í Íslandsmóli, og enn sjá þeir á eftir tillinum. En það er eins og laugarleiksmannur ein forðamaða liðsins bregðast alltaf þegar mest ribur á, og svo var í gær. Stefán Bjarkason átti sinn besta leik í vetur fyrir UMFN og hliti mjög vel, og Jónas Johannesson átti góða kafla. Gunnar Þorvarðarson var nokkub minkstur, og Teóðóó komst ekkí almennlega í gang í leiknum.

Stíghæstir Valsmanna voru Dwyer með 37 stig, Ríkhaður Hrafnkelsson 18 og þeir Guðlaf og Torfi Magnússon 10 hvor. — Hljá UMFN voru stíghæstir Stefán Bjarkason með 22 stig, Teóðóó 18 og Gunnar Þorvarðarson 16. Dómara voru Þráinn Skúlason og Guðbrandur Sigurðsson. Þeir dæmdu hvorki betur eða verr en væntulega, en dómaramáli yfir höfuð eru stórt vandamál í körfuknattleikum í dag.



Kristbjörn Albertsson dómari skundar inn á völlum. Ákveðin í að ræða máli við dómara...



Hér hann mættir á stöðun og er greinilega mikið níðri fyrir...



...en Guðbrandur Sigurðsson dómari er ekki lengi að ákveða sig og snýr Kristbjörn við há svarasta...



...níðurlátur yfirgefur Kristbjörn völlum, og Guðbrandur bendir honum að koma sér á húsinu. Valsmennir Friðbjóur

Kristbjörn Albertsson fyrsti milliríkjadómariinn

Kristbjörn Albertsson var fyrsti og lengi eini milliríkjadómariinn í körfubolta hjá FIBA, alþjóða körfuboltasambandinu. Hann dæmdi lengi í íslenskum körfubolta og þótti bera af. Hann gegndi auk þess formennsku í Körfuknattleikssambandi Íslands, KKÍ og sinntir mörgum trúnaðarstörfum innan UMFN og var formaður félagsins 1995 til 2004. Kristbjörn markaði því stór spor í sögu körfuboltans og Ungmennafélags Njarðvíkur.

Kristbjörn tók dómgæsluna mjög alvarlega líkt og meðfylgjandi frétt gefur til kynna. Þarna hefur dómariinn yfirtekið áhorfandann og áhugamanninn á hliðarlínunni og æðir inn á völlum til að hafa afskipti af gangi mála í leik UMFN og Vals undir lok keppni í úrvalsdeildinni árið 1979.



Fyrirliði fyrsta íslenska landsliðsins

Ingi Gunnarsson var einn af forystumönnum körfuknattleiksins hér á landi. Hann var einn af stofnendum Íþróttafélags Keflavíkurflugvallar (ÍKF), lék bæði með liðinu og þjálfaði, auk þess að taka þátt í stofnun körfuknattleiksdeildar UMFN og samruna ÍKF við deildina. Ingi starfaði lengi innan UMFN, stóð m.a. að uppbyggingu yngri flokanna UMFN með góðum árangri og var liðsstjóri meistaraflokksins þegar hinn langþráði sigur vannst í úrvaldsdeildinni árið 1981. Ingi var fyrirliði fyrsta íslenska landsliðsins í körfuknattleik og fyrirliði fyrstu Íslandsmeistaranna, ÍKF árið 1952. Hann hóf að leika körfuknattleik með bandarískum starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli á 5. áratugnum. Ingi var sæmdur gullmerki ÍSÍ árið 1990. Ingi Gunnarsson lést árið 2006.



Vonandi er maður að hafa góð áhrif á unga leikmenn



Íslandsmeistarar 1998.

Friðrik Ingi Rúnarsson hefur nýhafid sitt þriðja þjálfaratímabil hjá Njarðvík. Hann er yngsti þjálfarinn sem þjálfað hefur meistaraflokk hjá körfuknattleiksdeild UMFN en hefur að auki mikið þjálfað yngri flokka bæði í kvenna- og karlaflokki. Friðrik var um skeið landsliðsþjálfari karlaliðs Íslands í körfuknattleik, ásamt því að þjálfja lið Grindavíkur og KR. Hann þjálfar nú bæði meistaraflokk karla og kvenna. Kristján Jóhannsson tók hús á Friðriki og þeir ræddu um körfuna frá upphafi ferilsins til dagsins í dag.

Áhugi Friðriks á þjálfun byrjaði snemma og hann var hvorki hár í lofti né gamall í árum þegar hann tók forystu í að setja saman lið, bæði körfubolta- og fótboltalið þar sem hvert lið átti sinn eigin búning. Seinna hóf hann að þjálfja yngri flokkana í minniboltanum og hann var orðinn einn af lykilleikmönnum meistaraflokks karla þegar hann var beðinn um að taka að sér þjálfun meistaraflokks. „Ég held að ég sé ekki

nema 18 eða 19 ára þegar ég þjálfja meistaraflokk kvenna og það var auðvitað mjög sérstök aðstaða. Í dag þætti þetta kannski bara klikkun, þetta dytti engum í hug í dag, að biðja 18, 19 ára óharnaðan ungling um að þjálfja meistaraflokk. En þetta var mjög skemmtilegur skóli að þjálfja þessa skemmtilegu leikmenn og skemmtilegu karaktera svem voru í liðinu, Siddý, Sigríði Gunnarsdóttur, Þórunni Magnúsdóttur, Maju, Maríu Jóhannesdóttur og fleiri. Þetta voru miklu eldri konur, frá 3 - 4 árum upp í 10, þannig að þetta var mjög þroskandi. Þetta mótaði mann talsvert og maður þurfti að læra mjög hratt. Á sama tíma var ég sjálfur að æfa, hjá Gunnari Þorvarðarsyni og Hilmari Hafsteinssyni þegar ég var í yngri flokkum. Svo var Valur Ingimundar líka að þjálfja, þannig að maður var að æfa hjá góðum mönnum sem höfðu mikil áhrif á mig, það er engin spurning. Svo var maður að æfa með meistaraflokki og fá að æfa með mönnum eins og Jónasi Jóhannessyni,

Gunna Þorvarðar, Júlla Valgeirs, Vali Ingimundar og Ísaki Tómasyni. Þetta var mikill skóli og mikill innblástur,“ sagði Friðrik.

Óx hratt inn í þjálfunina

Haustið 1990 er Friðrik beðinn um að taka að sér þjálfun meistaraflokks karla, þegar ljóst þótti að sá sem ráðinn var til verksins féll það ekki. Friðrik hafði séð um æfingar flokksins yfir sumarið og leikmönnum og stjórn UMFN líkaði vinna Friðriks vel. „Þarna var Rondey Robinsson nýbúin að gera mig að varafyrirliða liðsins [meistaraflokks] og Hreiðar fyrirliða. Árin tvö á undan hafði ég spilað ágætis rullu í liðinu og allt stefndi að því að ég gæti átt ágætis feril framundan sem leikmaður. Nema svo fæ ég þessa spurningu og ég fæ einhverja daga til að hugsa þetta. En ég man hins vegar að ég sagði einhvern tímann við Önnu, sem þá var kærastan mín en kona mín í dag, ég hef á tilfinningunni að ég verði beðinn um að taka við liðinu.“

-Ég held að það hafi ekkert komið mönnum á óvart, ekki þeim sem þekktu þig að minnsta kosti.

„Hreiðar Hreiðarsson, Kristinn Einarsson, Teitur Örlygson og félagarnir Ástþór Ingason og Ísak Tómasson sem voru tveir elstu leikmenn liðsins voru á því að ég tæki þjálfunina. Þeir voru hins vegar á því að það væri ekki vænlegur kostur að gera hvoru tveggja æfa og þjálfá, þar sem ég væri svo ungur. Þannig að ég þurfti smá tíma til að átta mig á þessu og þetta var ekki auðveld ákvörðun að sumu leyti, fyrir ungan leikmann sem hélt sig vera ágætis leikmann, leikmann sem átti kannski langan feril framundan. En það er svo ótrúlegt, það er eins og mér hafi verið stjórnað, því á endanum, þegar ég lít til baka, var þetta ekki svo erfið ákvörðun þegar upp er staðið. Ég ákveð einhvern veginn að verða „all in“ og hafði alveg ofboðslega gaman að þessu og þetta var alveg ofboðslega mikill skóli. Og ég segi það fullum fetum að hópurinn sem við vorum með, og höfum oft verið með síðan, og samfélagið allt var svo sterk eining og leikmennirnir voru alveg 100% á bak við mig og þeir voru velflestir eldri en ég. Það var bara einhvern veginn þannig, ég bara fann það og það er alveg með ólíkindum. Ég óx bara hratt inn í þetta, þó svo ég viti það þegar ég horfi til baka, auðvitað kunni maður ekki allt, guð minn góður, ekki svo gamall. Þetta var líka svo spennandi verkefni af því að liðið hafði ekki orðið Íslandsmeistari í 4 ár, en bikarmeistari í þriggung.“

Snéru tapi í sigur á stuttum tíma

Friðrik sagði það ekki síður hafa verið góðan skóla að hafa þjálfað körfuknattleikslið KR og Grindavíkur, inn á milli þess sem hann hefur þjálfað í Njarðvík, verið landsliðsþjálfari og framkvæmdastjóri Körfuknattleikssambands Íslands. Alla þá reynslu hafi hann tekið með sér þegar hann kom aftir til að þjálfá meistaraflokk karla og kvenna sl. haust.

Þegar Friðrik kom að þjálfá meistaraflokk Njarðvíkur í annað sinnið haustið 1997 voru breytingar í Njarðvík. Margir af eldri spílurunum voru að hætta, Teitur Örlygsson kom til liðsins að nýju eftir ársdvöl í Grikklandi og nokkrir kornungir spílarar voru að koma upp í meistaraflokk, s.s. Logi Gunnarsson og Örlygur heitinn Sturluson, báðir 16 ára gamlir. Friðrik sagði að við þessar aðstæður hafi ekki verið raunhæft að stefna að Íslandsmeistaratitli. „En andrúmsloftið í liðinu var æðislegt og við höfðum þá trú að við værum alltaf að verða betri og betri, þó svo að við



Friðrik að ljúka æfingu með meistaraflokki kvenna.

værum ekki endilega að vinna alla leiki en þá fannst okkur alltaf öllum við verða betri frá einni viku til annarar og frá einum mánuði til þess næsta, sem sagt stöðugar framfarir en það vantaði oft herslumuninn að við værum að vinna suma af þessum leikjum.“ Ég man að um áramótin var liðið með rétt um 50% sigurhlutfall.

Liðið hélt áfram að styrkjast eftir áramótin og smátt og smátt vann liðið á og snéri tapi í sigur. Við það tekur liðið enn meira stökk að sögn Friðriks og á endanum halda liðinu

við bara höldum áfram og það endar með því að við vinnum KFÍ í átta liða úrslitum, Keflavík í svaka rimmu, eins og oftast er þegar þessi félög mætast, í undanúrslitunum minnir mig 3-2 og svo halda okkur engin bönd og við vinnum KR, sem var á þessum tíma talið með betra lið en við og við vinnum þá 3-0 og við áttum ekki heimavallarréttinn. Við byrjum á því að koma með látum strax í fyrsta leik, svo aftur heima og svo innfrá í síðasta leik. Þetta var 1998.“

Hélt sér alltaf við í



Hópefli í æfingarlok.

engin bönd. „Við verðum massívari og massívari og stemmningin í hópnum var alveg ótrúlega góð og leikmenn farnir að blandast vel saman. Þeir ungu voru farnir að læra mjög hratt á lífið og tilveruna í þessu og aðdáunarvert hvað eldri leikmennirnir voru farnir að taka utan um þessa ungu leikmenn, þannig að keppnistímabilið var alveg ofsalega gott. Og það gerist eitthvað og

Þjálfunarfræðunum

Áfallið við fráfall Örlygs í ársbyrjun 2000 var þungt og það sem eftir var af leiktímabilinu var afar erfiður tími. Friðrik kaus að stíga til hliðar þó einn vetur væri eftir af samningstímanum. Hann þjálfaði þá landsliðið í 2 ár, fór aftur til Grindavíkur en gerðist síðan

framkvæmdastjóri KKÍ frá 2006 til 2014. Þó Friðrik hafi ekki þjálfað neitt á þessu átta ára tímabili sagðist hann hafa haldið sér vel við í þjálfunarfræðunum.

„Það sem ég geri er að samhlíða framkvæmdastjórastarfinu er ég fenginn af sambandinu til að vera svolítið mikið í landsliðsmálunum, þannig að ég vinn mikið með landsliðsþjálfurunum og á þátt í því að móta starfið og áhersluatriði og vann mjög náið með flestum þjálfurunum og þar á meðal sænska þjálfaranum, Peter Ökvist. Ég var því í miklum tengslum og mikið í fræðunum þegar landsliðstímabilið varði, á vorin og fram að hausti, var alltaf að velta fyrir mér taktíkinni og var að spá í það með, var í raun handbendi afreksnefndarinnar við landsliðsþjálfarana og svo við leikmennina. Ég átti stóran þátt í því að móta starfið sem var í gangi, þannig að tengsl mín við leiki voru alltaf mikil. Fyrir utan þetta þá var ég alltaf mikið í samskiptum við erlenda þjálfara, vini mína, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu og var alltaf að skiptast á hugmyndum

yfir alnetið, á nýjum straumum og þælingum, nýjum leikreglum og hvað breyttist í leiknum og svona. Einnig tók ég þjálfaranámskeið á netinu og var að versla mér þjálfaraefni, bæði í bókum og dvd diskum, þannig að ég var alltaf öllum stundum að stúdera fræðin.“

Friðrik sagði það góða tilfinningu að þegar hann snéri sér aftur að þjálfuninni sl. sumar þá hafi honum liðið eins og hann hafi aldrei hætt. Hann sagðist auðvitað hafa þurft að sanna sig, stúlkurnar í meistaraflokki kvenna hafi t.a.m. ekki þekkt þjálfarasögu hans. „Vonandi er maður bara að hafa góð áhrif á þessa ungu leikmenn, bæði stelpur og stráka, sem ég er að æfa í dag og mér finnst alveg æðislegt að þjálfá báða þessa hópa. Ég þjálfá bæði meistaraflokk karla og kvenna og mér finnst góður andi í félaginu, leikmenn eru ofboðslega duglegir og viljugir að læra og verða betri og mér finnst mjög gaman að vinna í því umhverfi og mér finnst gaman að kenna. Og svo er auðvitað frábært að Teitur kemur inn í þetta með mér. Við erum

búnir að vera félagar frá því að við vorum guttar og vinnum vel saman.“

-Og hvernig er framtíðin, hvernig verður tímabilið og hvert stefnir þú?

„Við stefnum að því að vera með lið í toppbaráttu og þá á ég bæði við meistaraflokka karla og kvenna. Njarðvík er stór klúbbur í sögulegu samhengi og við stefnum á að vera með góð lið sem spila með hjartanu, spilar af krafti og spilar skemmtilegan en jafnframt árangursríkan körfubolta. Takist það, þá er ég ekki í neinum vafa um að við verðum í þeim aðstæðum að spila um eitthvað, þ.e.a.s. að gefa okkur tækifæri til þess að ná á toppinn, en þangað er auðvitað vegur sem þarf að fara og það eru ýmsir ranghalar á leiðinni,“ sagði Friðrik að lokum.

Iðkendur komnir yfir þrjúhundruð

Körfuknattleiksdeild UMFN hefur verið starfandi síðan 1969 og rekur meistaraflokka karla og kvenna. Unglingastarfsemi körfuknattleiksdeildar UMFN hefur verið rekin með aðskildum rekstri, svokölluðu unglingaráði, frá árinu 1988. Innan unglingaráðs eru starfræktir yngri flokkar fyrir börn upp að 18 ára aldri. Iðkendur hjá félaginu eru komnir yfir þrjúhundruð þegar taldir eru bæði yngri flokkar og fullorðnir.

Körfuknattleiksdeildin hefur lagt mikið kapp á að bæta stöðugt sín vinnubrögð, gera það sem hefur verið gert vel, enn betur og líta á það sem betur má fara sem sóknartækifæri. Með þetta að leiðarljósi getum við alið upp betri einstaklinga og sterkari liðsheit. Mikil áhersla er lögð á að iðkendur félagsins temji sér góðan aga og heilbriggt lífni.

Félagið vill standa vörð um það að allir fái tækifæri til þess að verða besta útgáfan af sjálfum sér. Þess vegna er reynt að finna öllum jákvæðan og góðan

farveg í starfi félagsins.

Unglingaráð hefur stuðst við ákveðna kennsluskrá síðan árið 2002 þar sem koma fram markmið þjálfunar í hverjum flokki fyrir sig. Allir þjálfarar félagsins styðjast við þessa kennsluskrá en kennsluskráin hefur verið í uppfærslu og stefnt er að því að hún verði gefin út endurbætt á þessu hausti. Yfirþjálfari deildarinnar hefur umsjón með því að þjálfarar vinni eftir kennsluskrá og fylgi stefnu félagsins. Með kennslu- og æfingaskrá er tryggt að unnið sé markvisst að markmiðum félagsins og einnig er lögð áhersla á að allir þjálfarar styðjist við sömu vinnureglur, s.s. taki eins á agamálum svo eitthvað sé nefnt. Félagið er einnig að vinna með forrit frá Sideline Sports sem heldur utan um æfingar og taktík og stefnt er að því að búa til stóran gagnabanka fyrir vinnu framtíðarinnar.



Í þjálfaramálum höfum við markvisst unnið að því undanfarin ár að fá til starfa menntað fólk. Deildin hefur jafnframt greitt námskeiðsgjöld fyrir þjálfara. Í dag starfa 13 þjálfarar hjá deildinni en þjálfari meistaraflokkanna er Friðrik Ingi Rúnarsson og yfirþjálfari yngri flokka er Einar Árni Jóhannsson. Þeir hafa unnið að því að leggja drög að áframhaldandi vinnu við að efla starfið enn frekar og munu gera áfram.

Starfið hjá körfuknattleiksdeild er orðið allt árið um kring. Meistaraflokkarnir hafa nýtt sumartímamann vel á síðustu árum enda erum við með ung lið í höndunum. Aðstaðan og aðbúnaður fyrir leikmenn í Ljónagryfjunni hefur batnað þó húsið sé í það minnsta fyrir það mikla starf sem á sér stað. Aðstaða til styrkarþjálfunar er orðin betri og körfuknattleiksdeild hefur



Elvar Már Friðriksson sem nú spilar körfubolta í New York samhliða námi.

haft Ólaf Hrafn Ólafsson í vinnu við styrktarþjálfun síðustu tvö árin og er sú þjálfun núna fyrir meistaraflokka og eldri flokka beggja kynja, niður í 9. bekk. Óhætt er að segja að aðsókn sé góð og sú vinna sem hefur verið unnin þar er að skila sér í starfið.

Sumaræfingar hafa verið vel sóttar undanfarin ár og þá er starfræktur afrekshópur unglíngaráðs á sumrin. Þar eru efnilegir leikmenn félagsins á séræfingum hjá yfirþjálfara og öðrum þjálfurum félagsins og þau taka einnig þátt í þjálfun yngri leikmanna.

Þessi vinna hefur skilað okkur flottum kjarna ungra leikmanna upp í meistaraflokkana og þá hefur UMFN átt fulltrúa í öllum yngri landsliðum beggja kynja á undanförunum árum. Það er til merkis um gott starf, en yngri flokkarnir hafa einnig verið sigursælir þegar að titlum kemur.

UMFN hefur í samstarfi við Keflavík haldið minniboltamót í mars ár hvert og er Nettómótið stærsta körfuboltamót á Íslandi. Þar eru vel á annað þúsund iðkenda auk þjálfara og foreldra sem koma saman í Reykjanesbæ.

Körfuknattleiksdeild mun að sjálfsögðu halda áfram að vinna hörðum höndum að því að búa til efnilega leikmenn fyrir félagið enda eitt af aðalsmerkjum félagsins frá fyrstu tíð verið góður kjarni heimamanna. Félagið hefur ósjaldan gefið ungum leikmönnum tækifærin til þess að blómstra og sama gildir um þjálfunina. Meginþorri þjálfara félagsins eru uppaldir og hafa margir þeirra fengið tækifæri ung í þjálfun hjá UMFN.

Þjálfarar hjá körfuknattleiksdeild UMFN í vetur eru þrettán talsins auk styrktarþjálfara: Agnar Mar Gunnarsson, Brenton Birmingham, Bylgja Sværrisdóttir, Einar Árni Jóhannsson, Erna Hákonardóttir, Eygló Alexandersdóttir, Friðrik Ingi Rúnarsson, Gísli Gíslason, Jóhannes Kristbjörnsson, Lárus Ingi Magnússon, Nikitta Gartrell, Ólafur Hrafn Ólafsson (styrktarþjálfun), Teitur Örylgsson og Örvar Þór Kristjánsson.

Fyrir hönd körfuknattleiksdeildar UMFN,
Einar Árni Jóhannsson og
Friðrik Ingi Rúnarsson

Núverandi stjórn körfuknattleiksdeildarinnar:

Formaður: Gunnar Örn Örylgsson.
Varaformaður: Jakob Hermannsson.
Gjaldkeri: Eva Stefánsdóttir.
Ritari: Jóhannes Albert Kristbjörnsson.
Meðstjórnendur: Bjarki Már Viðarsson,
Hjörtur Guðbjartsson, Hulda Björk Stefánsdóttir.

Unglingaráð Körfuknattleiksdeildar UMFN

Formaður: Alexander Ragnarsson.
Gjaldkeri: Halldóra Lúthersdóttir .



Logi Gunnarsson á hraðferð upp völlum.



Fyrstu körfuknattleiksstúlkurnar í Njarðvík. Aftari röð f.v. Vigdís Thorisdóttir, Guðrún Þorleifsdóttir, Katrín Axelsdóttir, Hulda Örlygsdóttir, Ingunn Ingvarsdóttir, Ásta Einisdóttir og Hulda Dagmar Lárusdóttir. Fremri röð f.v. Kolbrún Garðarsdóttir, Sigrún Alda Jensdóttir, Stefán Bjarkason, þjálfari, Guðrún Guðmundsdóttir og Sigríður Pálína Arnardóttir.



Íslandsmeistarar ÍKF 1952. Aftari röð f.v. Bandarískur þjálfari, Rósmundur Guðmundsson, Kristján Júlíusson, Bogi Þorsteinsson, Runólfur Sölvason, Jóhann Guðmundsson og bandarískur þjálfari. Fremri röð f.v. Guðmundur Pétursson, Hjálmar Guðmundsson, Ingi Gunnarsson fyrirliði, Friðrik Bjarnason og Helgi Jakobsson.




Ingi Gunnarsson og Bogi Þorsteinsson taka við viðurkenningu úr hendi bandaríks yfirmanns.



Danny Shouse í ham.



John Cramer var mikill stuðningsmaður UMFN í körfuknattleik. Hann kallaði mikið og hátt af áhorfendapöllumum og hvatti sína menn áfram.



Þrír bræður, Sturla, Teitur og Gunnar Örlygssynir.



Leikmenn 3. flokks árið 1976 afslappaðir utan vallar með þjálfara sínum, Hilmari Hafsteinsyni.

Sögulegar staðreyndir


- Árni Þór Lárusson var fyrri liði fyrstu Íslandsmeistara UMFN í körfuknattleik, 3. flokks árið 1976. Hann átti eftir að fagna fleiri Íslandsmeistaratitlum áður en sá stóri kom í hús, í meistaraflokki árið 1981. Árni Þór og Jón Viðar Matthíasson voru einu leikmenn UMFN sem hömпуði allra fyrsta Íslandsmeistaratitlinum og fyrsta Íslandsmeistaratitli meistaraflokks.
- Árið 1987 var sögulegt fyrir meistaraflokk UMFN í körfuknattleik. Liðinu tókst það sem engu körfuknattleikslíði hafði áður tekist, að vinna öll mót sem liðið tók þátt í á tímabilinu. Lið UMFN varð Suðurnesjameistari, úrvalsdeildarmeistari, Íslandsmeistari og bikarmeistari.
- **Af hverju ljónagryfjan?** Vegna þess að liðum þótti erfitt að koma til Njarðvíkur að keppa vegna styrks körfuknattleikslíðsins og vegna dyggra stuðningsmanna sem fjölmenntu á pallana og létu vel í sér heyra.



Frá lokahófi körfuknattleiksdeildar UMFN 1978. Aftari röð f.v. Sigurgeir Þorleifsson, Kári Marísson, Geir Þorsteinsson, Gunnar Þorvarðarson, Jón Viðar Matthíasson, Valur Ingimundarson og Hinrik Valgeirsson. Fremri röð f.v. Guðbjörn Jóhannesson, Kristinn Einarsson, Már Hermannsson, Jóhannes Kristbjörnsson, Ísak Tómasson, Teitur Örlygsson og Gunnar Örlygsson fremstur.



Rondey Robinson og Valur Ingimundarson fagna góðum árangri.



Árið 1970 hófst minnibolti á Íslandi undir forystu Boga Þorsteinssonar. Markmið minniboltans var að þjálfa börn í þátttöku í hópíþróttum, var hann frá upphafi sniðinn að körfuknattleik. Notaðir voru léttari boltar, körfur lækkaðar og keppendum skipt niður í aldurshópa.



Föngulegur hópur handboltakvenna í UMFN. Aftari röð f.v. Sigurjón Guðbjörnsson liðsstjóri, Katrín Hafsteinsdóttir, Guðríður Hafsteinsdóttir, Jenný Lárusdóttir, Hugrún Helgadóttir, María Sigurðardóttir, Auður Ingvarsdóttir og Þorbjörg Garðarsdóttir. Fremri röð f.v. Hulda Karen Danielsdóttir, Jóhanna Þórmarsdóttir, Sigurlaug Hauksdóttir, Matthildur Hafsteinsdóttir, Þóra Guðmundsdóttir, Jónína A. Sanders og Kristín Hilmarsdóttir. Ljósmynd: Myndasafn Reykjanesbæjar.


Konur ruddu brautina

Handknattleikur var stundaður af Njarðvíkingum allt frá árdögum Ungmennafélagsins. Aðalþjálfarinn þá var Aðalsteinn Hallsson barnakennari, en hann hafði boðist til þess að sjá um íþróttþjálfun yngri flokka. Seinna kom Ólafur Thordersen að þjálfun handknattleiksíðkenda en hann lagði auk þess grunninn að stofnun og uppbyggingu handknattleiksdeildar UMFN. Sjálfur hafði Ólafur æft handbolta með FH en þaðan flutti hann til Njarðvíkur á 6. áratugnum og hóf að beita sér í þágu samfélagsins. Handknattleiksdeild UMFN var stofnuð árið 1968 en handknattleikur var þá sú íþróttgrein sem naut mestra vinsælda innan Ungmennafélagsins, ásamt knattspyrnu.

Í árdaga íþróttarinnar léku Njarðvíkingar handknattleik utandyra, aðallega á Njarðvíkurvelli, þar til Krossinn var innréttaður til íþróttaiðkunar árið 1967. Það var því einungis hægt að æfa handknattleik 2-3 mánuði á ári. Bæði var keppt í stúlkna- og drengjaflokkum en

framan af voru stúlkurnar sterkari í íþróttinni. Handknattleikslíð kvenna í meistaraflokki UMFN varð Íslandsmeistari í annari deild í apríl árið 1970 og bæði 2. flokkur og 3. flokkur kvenna stóð sig vel á Íslandsmótinum, höfnuðu í 2. sæti. Þrjár af stúlkunum úr meistaraflokki voru valdar í landsliðið, þær Matthildur Hafsteinsdóttir, Jenný Lárusdóttir, María Sigurðardóttir og Jóhanna Þórmarsdóttir. Ólafur Thordersen þjálfari lét hafa eftir sér í

viðtali árið 1981 að valið hafi verið besta viðurkenningin sem hann hafi fengið fyrir starf sitt á þessum árum. Upp úr 1971 tók gengni stúlkanna að dala. Stúlkur í 3. flokki náðu þó þeim góða árangri árin 1986 og 1988 að verða Íslandsmeistarar. Margar þeirra æfðu og kepptu með íslenska landsliðinu undir 16 ára. Meðal bestu leikamanna á þessum árum voru Margrét Blöndal og Ingibjörg Þorvaldsdóttir.



Íslandsmeistarar í 3. fl. kvenna 1987-88.



Mynd 1: Hópurinn stillir sér upp fyrir utan flugvélina áður en haldið er af stað til Oslóar. Mynd 2: Keppnishópurinn í Osló ásamt Ólafi Thordersen þjálfara. Mynd 3: Jóhanna og Þorbjörg slappa af á milli leikja.

Keppnisferð til Noregs eftir Íslandsmeistaratitil

Haldið var í 10 daga keppnisferð til Oslóar sumarið eftir Íslandsmeistaratitilinn og í leiðinni spilaðir æfingaleikir í Kaupamannahöfn. „Óli Thord átti systur í Kaupamannahöfn og hann hafði undirbúið keppni við dönsk lið. Við flugum til Oslóar, dvöldum yfir helgi en sigldum síðan til Kaupmannahafnar og til baka aftur með Dronning Elizabeth og Kong Olaf. Þetta var stórmót með þátttöku margra handknattleikslíða. Við náðum góðum árangri þarna, (eins og kom fram í greininni í Vísi) lentum í 2. sæti og sjónvarpið beið okkar við heimkomun og tók viðtal. Við vorum ekkert mjög brattar í viðtalinu, enda bara smástelpur,“ sögðu þær og hlógu enda gaman að rifja upp árin og skoða myndir frá ferðinni. Þar eru m.a. fylumynd af Jennýju og Matthildi þar sem Njarðvíkurstúlkunum, sem og Ólafi þjálfara og Sigurjóni liðsstjóra, bar saman um að dómgæslan

hefði ekki verið réttlát og að þær hefðu átt að vinna keppnina.

Æfingar og leikir utanhúss, á möl, grasi og malbiki í árdaga handboltans tóku á og sagði Jóhanna að ekki hafi alltaf verið kræsilegt að keppa við þessar aðstæður. „Maður var stundum með svöðusár eftir leikina. Eina húsið sem keppt var í á þessum tíma var Hálogaland í Reykjavík, sem seinna var lokað vegna leka. Þarna lékum við stelpurnar við mörg stórveldin í boltanum, s.s. FH, Fram og Val og unnum þær.“ Þær kepptu einnig oft við Keflavíkurstelpurnar í handboltanum og þar var sami rigurinn og seinna varð svo einkennandi í körfuboltanum. Þær eru sammála um að þær hafi verið býsna góðar í boltanum, fjölmiðlaumfjöllunin segir sitt um það, auk þess sem þær spiluðu í 1. deild í meistarflokki eftir að hafa unnið sig upp í hana. Eftir það góða gengi voru stúlkurnar, ásamt Matthildi Hafsteinsdóttur, valdar í landsliði Íslands í handbolta. „Markmiðið var alltaf að komast í 1. deildina og við vorum voðalega ánægðar með okkur.

Við fengum hins vegar aldrei tækifæri til þess að keppa í landsliðinu. Það voru bara ekki neinin leikir þennan vetur, 1970/1971, sem var eini veturinn okkar í landsliðinu. En við fórum á allar æfingar, oftast með rútu og svo gangandi eða með strætó í Laugardalshöllina. Það sem meira er, við þurftum að borga þetta allt sjálfar, því að á þessum tíma var verið að byggja upp körfuboltann og allir peningarnir fóru í það. En þetta var mikil reynsla fyrir okkur og ekki síður viðurkenning.“

Stúlkurnar voru að í nokkur ár í viðbót, en síðan fór gengi þeirra að dala. Nýliðun var lítil, Ólafur Thordersen hafði snúið sér til annarra starfa og stúlkurnar fóru að eignast börn og stofna fjölskyldur. Einnig fóru kraftar ungra kvenna að dreifast á fleiri íþróttir, því um þetta leyti, seint á 8. áratugnum, fóru ungar stúlkur að æfa körfubolta í Njarðvík, þó handboltinn hafi alls ekki lognast út af og nokkrir Íslandsmeistaratitlar áttu eftir að koma í hús.

Krossinn mikilvægur fyrir íþróttafólk

María sagðist muna eftir þeirri byltingu sem varð þegar Krossinn var innréttaður sem íþróttahús árið 1967. Henni fannst miklu máli skipta að fá leikfimikennslu en aðstaðan hafði ekki síður mikil áhrif á gengi stúlkanna í handboltanum, sem sigldu hraðbyri uppá við eftir að geta æft allt árið innanhúss. Þessi staðreynd var rakin í tímaritinu Njarðvíkingi árið 1970 þegar fyrsti Íslandsmeistaratitillinn var í höfn: „Hafi einhverjir verið á móti því að innrétta gamla „Krossinn“ sem íþróttahús á sínum tíma, eru þær raddir nú hljóðnaðar, enda hefur saga þessa byggðarlags sýnt, að þar var ekki verið að

kasta fjármunum á glæ.

Nú, þegar íþróttahús þetta hefur verið starfrækt í þrjá vetur aðeins, hefur einn af Íslandsbikurum handknattleikssambandsins þegar hafnað í Njarðvíkum, en eins og öllum mun kunnugt, sigrðu stúlkurnar frá Njarðvíkum í 2. deild meistarflokks í Íslandsmótinu 1970. Handknattleiksferill þeirra stúlkna, er mynda kjarna þessa liðs, hefst þó nokkru fyrir, en flestar þeirra munu hafa hafið æfingar 11 ára gamlar, en fyrstu árin var aðeins unnt að æfa utanhúss yfir sumartímann í 2-3 mánuði. Strax fyrsta veturinn og unnt var að æfa innanhúss, ákvað stjórn U.M.F.N. að taka

þátt í Íslandsmótinu innanhúss (1968) í 2.fl. kvenna (16 ára og yngri), en þá voru stúlkurnar flestar 14 ára gamlar. Miðað við aldur þeirra, var frammistaðan mjög góð, en þær urðu um miðjan sinn riðil. Á Íslandsmótinu innanhúss 1969 töpuðu þær engum leik, en gerðu jafntefli við Val, sem síðan komst í úrslit á hagstæðara markahlutfalli. Í útimótinu 1969, sem haldið var á Neskaupstað, sigruðu stúlkurnar í sínum riðli, en í þeim riðli voru öll Reykjavíkurfélögin, þ.á.m. Íslandsmeistararnir innanhúss, Fram. Léku þær síðan til úrslita við Völsunga frá Húsavík og töpuðu. Höfðu þær þá ekki tapað leik í eitt ár...“



Íslandsmeistarar í 4. fl. 1981: Aftari röð f.v.: Ólafur Thordersen þjálfari, Birgir Sanders, Jón Magnússon, Guðjón Hilmarsson, Þórður Ólafsson, Teitur Örylgsson og Guðný Thordersen fararstjóri. Fremri röð f.v. Hreiðar Hreiðarsson, Reynir Kristjánsson, Ólafur Ó. Thordersen fyrirliði, Kristinn Einarsson, Guðbjörn Jóhannesson og Ómar Ellertsson.

Gerðu garðinn frægann í Danmörku

Karlaliðið atti kappi í meistaraflokki karla í fyrsta sinn leiktímabilið 1974-1975 og svo ekki aftur fyrr en 1984. Karlarnir höfðu þá verið að sækja í sig veðrið árið á undan undir stjórn Ólafs Thordersen og árið 1980 gerður ungir Njarðvíkingar garðinn frægann á alþjóðlegu handknattleiksmóti í Danmörku þegar þeir sigruðu með yfirburðum en keppendur voru 850 frá 7 löndum, Danmörku, Færeyjum, Noregi, Sviss, Svíþjóð og Þýskalandi, auk Íslands. (Úrklippa). Drengirnir endurtóku leikinn á mótinu tveimur árum seinna og höfðu auk þess orðið Íslandsmeistarar í 4. flokki árið 1981. (mynd af liðinu með Ólafi Thordersen þjálfara og Guðnýju Thordersen fararstjóra. Sex leikmenn liðsins, þeir Guðbjörn, Þórður, Guðjón, Hreiðar, Ólafur og Reynir voru í framhaldi valdir í úrvalslið liða af Norðurlöndum til að leika við úrvalslið liða í Þýskalandi og margir þeirra áttu farsæla framtíð í handbolta, körfubolta og fótbolta innan raða UMFN. Ólafur Thordersen eldri var gerður að heiðursfélaga

nr. 1 leiktímabilið á uppskeruhátíð handknattleiksdeildarinnar árið 1987. Meistaraflokkur hafði þá náð að vinna sig upp í 2. deild og héldu sig þar næstu árin. Sínum besta árangri náði liðið árið 1990, lenti í 3. sæti eftir harða baráttu við Selfoss um sæti í 1. deild. Ein leikmanna liðsins, línumaðurinn Magnús Már Þórðarson, var síðar meir valinn í íslenska landsliðið í handknattleik og spilaði nokkra A landsleiki, ásamt því að taka þátt í Norðurlandamóti og Evrópumóti

Eftir nokkur erfið ár í handboltanum vaknaði sú hugmynd árið 1991 reyna að koma upp úrvalsdeildarliði í handknattleik og í því skyni voru deildirnar í Keflavík og Njarðvík sameinaðar undir merkjum HKN. Dæmið gekk ekki upp starfsemin lagði upp laupana árið 1994. Enn var reynt að auka veg handboltans í Reykjanesbæ og árið 2010 var Handknattleiksfélags Reykjanesbæjar, HKR, stofnað. Alls 5 flokkar þjálfna nú í vetur.

Dagana 18. til 22. júlí s.l. tóku drengir úr U.M.F. Njarðvíkur þátt í alþjóðamóti unglinga, sem haldið var í Dronninglund við Álborg í Danmörku. Þátttakendur voru á annað þúsund frá 8 þjóðum.

Fyrir tveimur árum tóku þessir drengir þátt í þessu sama móti og sigruðu með yfirburðum í sínum aldurstlokki sem þá kallast drengjaflokkur og útméndu Danir þá heimsmeistara drengja. Nú kepptu þeir í flokki sem kallast Herre Junior (16 ára og yngri) og sigruðu nú með enn meiri yfirburðum en áður. Ad launum hlutu þeir áletraðan kristalsvasa, og hver þátttakandi auk þess gullpening og íþróttatösku.



Skinfaxi 1.6.87.



Sáttur við að hætta á toppnum

Magnús Már Þórðarson var eins og hver annar peyi í Njarðvíkunum á 8. og 9. áratugnum, lærði á hljóðfæri og spilaði í lúðrasveit í Tónlistarskóla Njarðvíkur og æfði körfubolta, fótbolta og handbolta jöfnum höndum. Strákarnir áttu reyndar erfitt með að ná saman í lið í körfuboltanum og þeir voru ungir farnir að spila upp fyrir sig. Það sama gerðist í handboltanum og 18 ára var Magnús Már farinn að spila með meistaraflokki UMFN í handbolta. Nú var komið að því að velja sér íþróttagrein og stemningin í handboltanum var þannig að hann varð ofan á.

Þó Magnús Már hafi ekki spilað mörg ár með meistaraflokki UMFN í handbolta þá var hann sá iðkandi sem náði lengst í íþróttinni. Hann var valinn í landsliðið árið 1999, þá orðinn leikmaður með Aftureldingu. Handboltagrúnninn hefur hann þó úr Njarðvík og hann segist oft hugsa hlýlega til þess þjálfara sem honum fannst bestur á iðkendaárunum hjá UMFN, Friðriks Rúnarssonar. „Frikki Rúnars var frábær þjálfari og hann þjálfaði mig líka í körfuboltanum í yngri deildunum. Hann leggur svo mikla tilfinningu og ástríðu í þjálfunina og það er það sem skiptir svo miklu máli,“



sagði Magnús Már í samtali við Kristján Jóhannsson.

Magnús Már var 18 ára þegar þegar hann hóf að leika með meistaraflokki í handbolta árið 1990, fór úr því að vera skytta á línuna. Þá hafði Hannes Leifsson verið ráðinn þjálfari liðsins og skemmtileg stemning myndaðist í kringum handboltann. Magnús, sem hafði jöfnum höndum verið í körfubolta og handbolta, tók nú handboltann framyfir. „Já ég datt í liðið þetta ár og einhvern veginn er enginn staða fyrir mig í körfuboltanum, til að spila virkilega,

þannig að ég er bara í handboltanum eftir þetta. Heimir Karlsson og Erlingur Hannesson eru búnir að vera að þjálfra og liðið hafði náð að komast upp úr 3. deild í 2. deild og Hannes er ráðinn til að koma okkur upp í 1. deild. Það hafðist þó aldrei. Meira að segja var erlendur leikmaður fenginn til liðsins.“ Með Magnúsi í meistaraflokknum voru m.a. Ólafur Thordersen, Guðbjörn Jóhannesson, Guðjón Hilmarsson, Arinbjörn Þórhallsson, Snorri Jóhannsson, Jón Kr. Magnússon, Einar Benediktsson, Valtýr Guðbrandsson.

Veturinn 1990/1991 er eini veturinn sem Magnús spilar með meistaraflokki UMFN því um mitt sumar 1991 sameinast handboltadeildir Njarðvíkur og Keflavíkur undir merkjum HKN. Veturinn 1991/1992 spilar Magnús með HKN en fangar þá athygli Gunnars Einarssonar þjálfara ÍR í leik HKN og ÍR í deildarkeppninni. „Sumarið 1992 er Gunnar ráðinn til Stjörnunnar og hann bauð mér að koma að spila með liðinu sem ég og þáði. Þarna var einhver kominn sem bauð mér að spila í fyrstu deild, tilbúinn að láta mig hafa aksturspeninga og þá er eiginlega ekki aftur snúið.“ Magnús spilaði með Stjörnunni í tvö ár, reyndar sem varamaður þar sem Skúli Gunnsteinsson



Magnús í varnarstöðu.

var línumaður í Stjórnunni og Magnús sagðist hafa fengið leið á því og færði sig því um set yfir til ÍR. „Ég spilaði með ÍR þrjú tímabil, 1994 til 1997 og fer þá yfir til Aftureldingar. Ég sagði það þegar ég fór í Aftureldingu, því ég var að yfirgefa vini mína í ÍR, að ég ætlaði að verða Íslandsmeistari áður en ég hætti. Það var of langt í það hjá ÍR.“

Nær að verða Íslandsmeistari áður en hann hættir

Í apríllök 1999 velur Þorbjörn Jenson Magnús Mór í landsliðið og verður hann eini nýliðinn það árið. Geir Sveinsson var þá að hætta í liðinu og Magnús kemur í hans stað. Eins og síður er í landsliðinu þurfti Magnús Mór að halda á boltapokanum þegar liðið hélt til Noregs á Norðurlandamót fljótlega eftir innkomu Magnúsar. Magnús fór að auki með landsliðinu á Evrópumót í Króatíu. Valið í landsliðið kom í kjölfar mikillar velgengi með liði Aftureldingar. „Veturinn 1998/1999 verð ég Íslandsmeistari með Aftureldingu. Þetta var rosalegt lið; Bjarki Sigurðsson, Einar Gunnar Sigurðsson og Sigurður Sveinsson hornamaður og ég var þarna á línunni. Svo vorum við með þrjá erlenda leikmenn, tvo Litháa og einn Rússa og þetta var hörkulið, með þeim betri sem maður hefur séð á Íslandi. Við unnum allt, urðum deildarmeistarar, bikarmeistarar og Íslandsmeistarar. Við urðum svo deildarmeistarar árið eftir en klúðruðum þá undanúrslitunum á móti Haukum og það er enn að sárt að hugsa um það þegar maður lítur til baka.“

Meðfram handboltanum lauk Magnús námi í Verkfræði frá Háskóla Íslands



Magnús með félagum sínum í Aftureldingu.

og sagðist alla tíð hafa stefnt að því að mennta sig, þó honum hafi boðist atvinnumennska í handbolta, íbúð og bíll og ágætis laun bæði í Þýskalandi og á Spáni. „Ég ætlaði mér aldrei að verða íþróttastjarna, þó vissulega hefði verið fint að læra þýsku og spænsku og koma heim með það. Það sem ég er að gera núna er það sem ég ætlaði að gera. En það var gott að vera hjá Aftureldingu með háskólanáminu því það var haldið svo vel utan um mann, bæði stuðningur og greiðslur sem hjálpaði til með skólann

og öll umgjörðin hjá félaginu var frábær.“ Magnús lenti í meiðslum árið 2000, þá á hátindi ferilsins eftir frábæran vetur með Aftureldingu og fljótlega eftir það tók hann þá ákvörðun að hætta alfarið í handboltanum. Hann var sáttur við að hætta á toppnum, en leiddi oft og leiðir enn hugann að því, að hann hefði átt að velja körfuna og ná að taka titla með UMFN. „Engin eftirsjá en það hefði verið ljúft að taka titla með því fólki sem ég ólst upp með.“

Magnús Mór

tryggði jafnteflið.

LANDSLIÐ Íslands og Ítalíu skildu jöfn, 20:20, í vináttulandsleik í handknattleik í gærkvöldi. Þetta var fyrsta viðureign sex þjóða handknattleiksmóts í borginni Haarlem í Hollandi, sem hófst í gær með þremur leikjum. Ítalir höfðu frumkvæðið nær allan tímann í gærkvöldi í leik sem einkenndist fyrst og fremst af sterkum varnarleik. Línumaðurinn Magnús Mór Þórðarson skoraði síðasta mark leiksins og tryggði Íslendingum jafntefli. Íslendingar leika við Rúmena í kvöld, en þeir töpuðu fyrir liði heimamanna í gærkvöldi.

Það má segja að leikurinn hafi verið í járnnum allan tímann, en Ítalir voru þó nær alltaf með yfirhöndina.“ sagði Þorbjörn Jenson landsliðshjálfari við Morgunblaðið eftir leikinn í gærkvöldi. „Það má því kannski segja að við getum gert okkur ánægða með jafnteflið – þeir höfðu þriggja marka forystu í leikhléi.“ bætti Þorbjörn við.

Landsliðshjálfarinn sagði að varnarleikur hefði verið í hávegum hafður hjá báðum liðum og hvergi hefði verið gefið eftir. Til marks um það hefði staðan enn verið markalaus er um sjö mínútur voru liðnar af leiknum.

Magnús Mór jafnaði af línunni og þeir fengu nokkrar sekúndur í síðustu sóknina, en náðu ekki að skora sigurmarkið.“ sagði Þorbjörn.

Allir útileikmenn með

Allir fimmtán leikmenn íslenska landsliðshópsins voru á skýrslu í gærkvöldi og allir fengu að spreyta sig, utan Reynir Þór Reynisson markvörður. Sebastian Alexanderson lék í íslenska markinu í fyrri hálfleik og Bergsveinn Bergsveinsson í þeim síðari.

Magnús Mór Þórðarson, leikmaður Aftureldingar, var markahæstur í íslenska liðinu með fimm mörk, en ÍR-ingarnir Ragnar Óskarsson og Inezimundur Inezimundarson komu

sem leika erlendis eru ekki með á mótinu í Hollandi. Þá gat Bjarki Sigurðsson, leikmaður Aftureldingar, ekki tekið þátt vegna meiðsla.

Minningar frá Austurríki

Ítalir hafa hingað til verið ýkja hátt skrifaðir í alþjóðlegum handknattleik, en Þorbjörn segir að lið þeirra njóti þess að litlar manna-breytingar hafi orðið á undanföllum árum.

„Þegar ég tók við stjórn landsliðsins árið 1995 var fyrsta verkefni mitt að halda með liðið á alþjóðlegt mót í Austurríki. Þar lékum við m.a. við Ítalíu og höfðum nauman sigur í hörkuleik, 23:20. Margir sem léku með Ítölum þá eru mættir hér í Haarlem og hafa tekið framförum síðan þá. Það segir sig sjálf að samæfing í handknattleik skiptir gríðarlegu máli og Ítalir njóta hennar svo sannarlega. Aðalatriðið var þó að minir menn fengu alvöru mótspyrnu, en sumir voru að leika sinn fyrsta landsleik.“ sagði Þorbjörn.

Í kvöld tekur við leikur gegn Rúmenum, en þeir töpuðu sínum fyrsta

Brotið á Alexander

MBL. 16.12.99.



Fyrsti handboltaleikurinn fór fram á Njarðvíkurtúni, þar sem skruðgarðurinn er nú 10. september 1951 þar sem þessi mynd var tekin, sennilega af Áka Gränz. Aftari röð f.v. Hilmar B. Þórarinnsson, Karl Oddgeirsson, Ógmundur Karvelsson og Rúnar Guðmundsson. Fremri röð f.v. Haukur Guðbjartsson, Ólafur Kristjánsson og Lárus Guðbrandsson.



Frá 17. júní móti á Stapatúni, UMFN-FH, sem lauk með sigri UMFN. Ólafur Thordersen tekur við bikar úr hendi Ellerts Skúlasonar.



— Ferðasaga.
 Haldið var af stað frá Kef. flv. kl. 21.30. hinn 10. júlí.
 Þar komið var í loft brá mönnum mekkubí á brún, þegar
 það uppgötvaðist að Teitur sat við neyðarútgöngudyrnar og
 var þegar farinn að spekulera í læsingunni. Var hann
 þegar í stað færður til og létti mönnum mjög við
 það. Lent var í Kastrup 10 mínúturna á undan áætlan.
 Gekk vel að komast í gegnum toll og útlendingaefirlit
 og er úr flugstöðinni var komið hófust samningar
 við leigubílsstjóra, þar sem danskar leigubílar taka
 ekki nema 4 farþega en við vorum 13. Var samið um
 að 3 bílar skyldu taka þessa þar sem mekkubí
 hópnur væru smávaxnir. Þar sem farangur var mekkubí

Fyrir tíma tölvutækni. Ólafur Thordersen hjálpari skrifaði
 ferðasögu í sigurfærð 4. flokks til Dronninglund í Danmörku
 árið 1981. Hann handskrifaði ferðasögu upp á 36 bladsíður.
 Þessi eru upphafsorð sögunnar: „Haldið var af stað frá Kef.
 flv. kl. 21.30 hinn 10. júlí. Er komið var á loft brá mönnum
 nokkuð í brún, þegar það uppgötvaðist að Teitur [Órlygsson]
 sat við neyðarútgöngudyrnar og var þegar farinn að spekúrlera
 í læsingunni. Var hann þegar í stað færður til og létti mönnum
 mjög við það. Lent var í Kastrup 10 mínútur á undan áætlan.
 Gekk vel að komast í gegnum toll og útlendingaefirlit og er úr
 úr flugstöðinni var komið hófust samningar við leigubílar
 þar sem danskir leigubílar taka ekki nema 4 farþega en við
 vorum 13. Var samið um að 3 bílar skyldu látnir duga þar sem
 nokkrir í hópnur væru smávaxnir...“



Meistaraflokkur karla 2014.

Knattspyrna leikin um allan bæ

Knattspyrnulið urðu formlega til hér á landi árið 1907 og voru fyrstu knattspyrnulið Íslands KR og ÍR. Í þá daga var talað um að leika fótbolta, en byrjað var að nota orðið knattspyrna hér á landi árið 1910.

Knattspyrnan í ungmennafélagi Njarðvíkur á sér nokkuð langa sögu og voru fyrstu æfingarnar, bæði óformlegar og formlegar, háðar á túninu þar sem nú er skrudgarður Njarðvíkinga. Reyndar var fótbolta leikinn á öllum grasblettum sem fundust og þá skipti engu í hvernig ástandi þeir voru. Seinna var Njarðvíkurvöllur reistur, sem var grasvöllur og fór vígsla hans fram þann 16. júní árið 1957. Völlurinn var einn sá fyrsti hér á landi og sá fyrsti á Suðurnesjum. Þess má geta að Þjóðarleikvangurinn okkar sjálfur Laugardagsvöllur var vígður þann 8. júlí 1957 með leik Íslands og Noregs. Nánar um Njarðvíkurvöllinn framarlega í blaðinu. Vígsluleikurinn var háður á vellið við lið Garðbúa sem tapaðist 1-5. Lið Njarðvíkinga var þannig skipað;



Lið UMFN sem lær vígsluleikinn. Aftari röð f.v. Sigurður Steindórsson sem var dómari leiksins, Sævar Helgason, Pétur Borgarsson, Ólafur Gunnarsson, Heiðar Snorrason, Sólmundur Einarsson, Eðvald Bóasson og Bjarni Jónsson. Fremri röð f.v. Valur Símonarson, Friðþjófur Óskarsson, Árni Júlíusson, Elías Jónsson og Bjarni Valtýsson.



Formlegar knattspyrnuæfingar hjá ungmennafélaginu hófust í kringum 1960 og var Ólafur Gunnarsson (Óli á Stað) fyrsti þjálfari félagsins. Á þeim tíma var félagið ekki orðið deildaskipt eins og síðar varð og er enn þann dag í dag og fólk þekkir.

Ólafur sagði að ÍKF hafi í upphafi hafið óformlegar knattspyrnuæfingar en þó var ÍKF betur þekkt sem körfuboltalið. Það voru þeir Bogi Þorsteinsson og Ingi Gunnarsson sem voru nokkurskonar aðalbrautryðjendur boltageina á þessum tíma. Óli byrjaði 14 ára að leika sér í fótbolta og voru þá allir grasblettir í Njarðvík notaðir til að æfa sig. Þegar Óli var 18 ára byrjaði hann að þjálfra. Ungmennafélagið hafði sent Ólaf á Laugarvatn í þrjá mánuði í læri hjá þeim Karli Guðmundssyni og Óla B Jónssyni, en hann þjálfaði lið Keflvíkinga þegar þeir urðu Íslandsmeistarar hér á

Njarvíkurvelli árið 1964. Þeir Karl og Óli voru virtustu knattspyrnuleiðbeinendur (þjálfarar) á þessum tíma.

Þegar Óli kom frá Laugarvatni reynslunni ríkar fór hann að þjálfra jafnaldra sína hér í Njarðvík á grasblettinum þar sem í dag er skruðgarður Njarðvíkinga og á malarvellingum. Á þessum tíma var Ólafur Sigurjónsson formaður ungmennafélagsins og var Óli á Stað að þjálfra á þess vegum og það að sjálfsögðu í sjálfbodaðavinnu eins og allt starf var unnið á þessum tímum. Hér höfðu Keflvíkingar forræði yfir grasvellingum þar sem þeir voru í efstu deild og voru komnir talsvert lengra á leið með yngri flokkana einnig. Keflvíkingar sáu nánast alfarið um grasvöllinn eða þar til þeir byggðu sinn eigin grasvöll.

Nær eingöngu var leikið við Víði í Garði, Reyni frá Sandgerði og Grindavík. Einstaka sinnum við Keflavík. Það má segja að Suðurnesjamótíð hafi byrjað í kringum þennan tíma sem til langs tíma var nokkurs konar undirbúningsmót fyrir Íslandsmótíð hjá þessum félögum. Óli fór líka með fótboltalið út á land, Siglufjörð og Akureyri að leika og það þótti mikið ævintýri, að sögn Óla.

Stundum var það þannig að ekki fengu allir strákarnir leyfi hjá foreldrum til að fara í þessar keppnisferðir og oftast en ekki þurftu Óli og Hulda að grípa inn í og sannfæra foreldrana um mikilvægi ferðanna jafnhliða því að um ævintýri væri að ræða og einstaka upplifun fyrir fótboltastrákana. Á þessum tíma var æft þrisvar sinnum í viku, að sögn Óla.

Ólafur þjálfaði í Njarðvík í fjögur ár eða þar til hann flutti til Hafnarfjarðar og hóf pípuþjálfningarnám. Frá Hafnarfirði hélt Óli til Bandaríkjanna en stoppaði þar stutt og fluttist aftur til Njarðvíkur og hófs störf sem pípuþjálfningarmeistari.

Það má með sanni segja að Óli sé faðir knattspyrnunnar í Njarðvík, þar sem hann ruddi brautina og kom á bæði formlegum og óformlegum knattspyrnuæfingum. Ólafur á miklar þakkir skyldar fyrir framlag sitt fyrir ungmennafélagið og þá sérstaklega knattspyrnuna.

Eins og allir vita fór Óli í hestamennskuna og hefur hann helgað sig því áhugamáli í áratugi og er bæði virtur og þekktur sem mikill hestaáhugamaður.

Viðtal við Árna Júlíusson

Mikilvægt að fá að hjálpa til

Árni var einn af þeim fjölmörgu ungu strákum sem í kringum 1955 léku sér í fótbolta út um allan bæ. Það var líka spennandi fyrir unga stráka á þessum tíma að fá að hjálpa til við uppbyggingu grasvallarins en Árni segir að áhugasamir strákar á þessum tíma hafi fengið að taka þátt í uppbyggingu á mönunum við grasvöllinn.

Árni lék sem kunnugt er vígsluleikinn á Njarðvíkurvelli og var í markinu. Árni sagðist hafa fengið á sig fjögur mörk og það var ekki nægilega gott. Reyndar átti hann engan þátt í mörkunum og kennir vörninni um að hafa ekki haft nægilega góðar gætur á sóknarmönnum Víðis.

Árni dvaldi ekki lengi við fótboltann eins og hann sagði sjálfur í viðtali og árið 1958 fór Árni yfir til Keflavíkur að leika handbolta. Handbolti var þá ekki leikinn í Njarðvík og þar sem áhuginn var mikill fyrir íþróttinni var hann tilneyddur að fara yfir til Keflavíkur og leika þar, eins og hann komst að orði. Árni sagðist bara hafa „gutlað“ í fótboltaum eins og hann orðaði það, aldrei tekið hann alvarlega þar sem áhuginn var ekki til staðar. Handboltinn átti huga hans. Árni hafði þó lúmskt gaman af fótboltaum og minnst margra



góðra stunda sem hann átti með félögum sínum í Njarðvík.

Árni rifjaði upp vígsluleikinn. Hann sagði mikla stemmningu hafa skapast í kringum leikinn og að vígsludagurinn hafi verið merkisdagur að mörgu leyti eins og annarsstaðar kemur fram í blaðinu. Talsverð spennan hafi myndast og eftirvænting að fá tækifæri á að leika á vellingum. Mikið af fólki kom til að

„Það má með sanni segja að Óli sé faðir knattspyrnunnar í Njarðvík, þar sem hann ruddi brautina og kom á bæði formlegum og óformlegum knattspyrnuæfingum. Ólafur á miklar þakkir skyldar fyrir framlag sitt fyrir ungmennafélagið og þá sérstaklega knattspyrnuna.“

„Vinna deildarinnar í kringum 17. júní hátíðarhöld var ein af aðalfjáröflunarverkefnum hennar á þessum tíma.“

fylgjast með og flestir áhorfendur voru þrúðbúnir í tilefni dagsins.

Árni stóð upp í miðju viðtali til að horfa út um gluggann því hann sér yfir svæðið sem áður var íþróttasvæði. Árni býr í dag við Vallarbraut þar sem öll aðstaða knattspyrnudeildarinnar var til fjölda ára.

Árna er minnisstætt atvik úr vígsluleiknum þegar þjálfarinn kallaði inn á völlinn að gefa boltann á Sóla en skilaboðin voru misskilin og sá leikmaður sem átti að gefa boltann sólaði þess í stað upp allan völlinn. Árna og félagum fannst þetta ansi skondið enda stendur þetta eftir frá leiknum og lifir alltaf í minningunni.

Árni heldur áfram og segir að Aðalsteinn Hallsson íþróttakennari hafi þjálfað liðið á þessum tíma og ekki bara það heldur tók Aðalsteinn virkan þátt í uppbyggingunni á íþróttarvöllinum og svæðum þar í kring. Árni man það vel þegar strákarnir í liðinu voru fengnir til að vinna við manirnar við völlinn og það þótti þeim skemmtilegt og upphefð að fá að taka þátt í uppbyggingunni í kringum íþróttavöllinn. Aðalsteinn dvaldi þó aðeins í skamman tíma í Njarðvík og fluttist á brott fljótlega eftir vígsluleikinn.

Árni var líka í róðrakeppninni á þessum tíma sem þótti afskaplega vinsæl keppnisgrein.

Árni kom svo aftur til okkar Njarðvíkinga um það leyti sem handboltinn er stofnaður í ungmennafélaginu. Árni var mikill handboltaáhugamaður og minnst þess þegar liðin frá Njarðvík fóru í keppnisferðir erlendis og svo auðvitað þegar keppt var á landsmótum ungmennafélags Íslands. Þar var Árni ávallt með í för.

Viðtal við
Einar Jónsson



Eftirminnilegir leikmenn og þjálfarar

Einar Jónsson, (Einar Berg) var formaður knattspyrnudeildarinnar árin 1975 og 1976. Einar hafði leikið með yngri flokkum félagsins um nokkurt skeið og minnst þess að hafa leikið með Einari Gunnarssyni í 4. flokki sem síðar gerði garðinn frægan með Keflavík eins og fólk eflaust man eftir. Eftir að hafa leikið með meistaraflokki í mörg ár var Einar hvattur mjög til að taka að sér formennsku í knattspyrnudeildinni sem hann og gerði eftir mikinn þrýsting frá leikmönnum meistaraflokks. Einar nefndi sérstaklega Benjamín Friðriksson (Benni Sæla) sem lagði allt í sölurnar til að fá Einar til að stjórna deildinni. Í stjórninni með Einari voru t.a.m. Guðmundur Sighvatsson, Gunnar Þórarinsson, Einar Aðalbjörnsson, Benjamín Friðriksson o.fl. Einar þjálfaði einnig nokkra yngri flokka UMFN á þessum árum.

Einar rifjaði upp í stuttu spjalli eitt og annað bæði sem leikmaður og formaður knattspyrnudeildarinnar. Hann nefndir að þeir Hilmar Hafsteinsson og Kristján Kristjánsson séu alltaf minnisstæðir úr leikmannahópnum á sínum tíma og þá sérstaklega fyrir þær sakir að oft var erfitt að eiga við þá þar sem þeir voru „skaphundar“ miklir. Einar sagði þá engu að síður hafa verið góða leikmenn og áraðna mjög og betra hafi verið að vera með þeim í liði en ekki.

Einar sagði að leiðinlegustu leikirnir að spila hafi verið á móti Keflvíkingum en þeir voru talsvert betri og höfðu nánast allt betur á knattspyrnuvöllinum. Skemmtilegast sagði Einar hafa verið að leika gegn Reyni Sandgerði en það voru oft miklir baráttuleikir og hvergi gefið eftir.

Eftirminnilegustu þjálfararnir sem Einar rifjaði upp voru þeir Hólmbert Friðjónsson og Þórhallur Stígsson. Hallur var dálítið eftirminnilegur fyrir þær sakir að hann var gjarn á að skipta sjálfum sér inn á í leikjum ef leikmenn stóðu sig ekki á vellinum.

Einar minntist á fjáröflunarverkefni deildarinnar þar sem á þessum tíma þurfti virkilega að hafa fyrir hlutunum og vera á tánum við að afla tekna til að fjármagna starf deildarinnar. Vinna deildarinnar í kringum 17. júní hátíðarhöldin var ein af aðalfjáröflunarverkefnum hennar á þessum tíma. Dreifing bóka fyrir Almenna bókafélagið var einnig fjáröflun á þessum árum og tóku allir leikmenn þátt enda stórt verkefni sem gaf vel til deildarinnar. Leikmenn tóku þátt í fjáröflunarverkefninu af fullum krafti og Einar minntist þess að allir leikmenn tóku bækur og báru í hús. Deildin var með öll Suðurnesin að dreifa bókunum. Í eitt skipti skiluðu bækur sér ekki og Einar fór því að rannsaka málið og kom þá í ljós að einn leikmaðurinn hafði safnað þeim öllum saman heima hjá sér. Einar varð því að taka bækurnar og bera þær út eins og deildin átti að gera til að standa við þær skuldbindingar sem deildin var búin að taka að sér.

Þess má einnig geta að margir af knattspyrnuönnnum félagsins urðu síðar formenn knattspyrnudeildarinnar og má þar nefna Þórð Karlsson, Hauk Örn Jóhannesson, Bjarna Sæmundsson og Einar Jónsson, eins og að ofan greinir.

Ævintýri fyrir ungan strák

Eðvald Bóasson (Deddi) var aðeins 15 ára þegar hann lék vígsluleikinn á Njarðvíkurvelli. Hann var viðloðandi fótboltann á þessum árum en átti þó ekki langan fótboltaferil eins og hann lýsti sjálfur. Hann var þó eitthvað að sprikla í fótboltanum eins og flestir ungir strákar gerðu á þessum tíma. Deddi sagði að Óli á Stað hafi stjórnað æfingum á þessum árum og m.a. farið með liðið út á land í keppnisferðir sem þóttu ævintýri á þessum árum.

Deddi talaði um að sá tími sem hann var í boltanum hafi verið mjög þessi eftirminnilegur í alla staði. Af liðsfélögum sínum sagði Deddi að Guðjón (Gutti) hafi borið af hvað varðaði boltatækni en hann var einstaklega leikinn með knöttinn. Deddi bætti við að Óli á Stað og Sævar hafi verið ótrúlega grimmir og fastir fyrir og ekki fyrir alla að komast fram hjá þeim. Í sjálfu ungmennafélagsstarfinu sagði Deddi að eftirminnilegasti einstaklingurinn hafi verið Ólafur Sigurjónsson. Hann

hafi verið ótrúlega vinnusamur og áhugasamur um allt starfið í kringum ungmennafélagið.

Það þóttu forréttindi að þekkja Óla og mikið ævintýri og upphefð að vinna fyrir hann. Dedda er mjög minnisstætt þegar Óli bað hann um að vinna í fatahenginu í Krossinum gamla, en þá gat Deddi laumað sér inn og fylgst með dansleikjunum sem

var mikið ævintýri fyrir ungan strákinn. Deddi nefndi einnig dæmi um það hvað Óli var vinnusamur, en hann var mættur fyrir utan Krossinn eldsnemma á sunnudagsmorgnum að þrifa bæði úti og inni eftir dansleikina sem voru gjarnan á laugardagskvöldum. Dugnaðurinn var ólýsandi og Deddi sagði að allir hafi



borið mikla virðingu fyrir Óla. Ólafur Sigurjónsson var heiðursmaður og það var mikill missir fyrir samfélagið í Njarðvík þegar Ólafur lést af sárum eftir bílslys á Reykjanesbrautinni, aðeins 54 ára að aldri.

Knattspyrnan innan UMFN

Knattspyrnudeildin hefur aldrei náð þeim áfanga að leika í efstu deild karla en náð upp í þá næst efstu. Framan af lék liðið í neðstu deild en alltaf var hugur í mönnum að gera betur og nokkrar atlögur gerðar. Það kom svo að því að sigur vannst í 3. deildinni eftir úrslitaleik við Einherja á Njarðvíkurvelli árið 1981.

Njarðvík lék síðan í 2. deild (nú 1. deild) frá 1982 til 1986 og fyrstu tvö árin 1982 og 83 lenti liðið í 6. sæti af 10, sem er besti árangur liðsins til þessa. Liðið féll í 3. deild árið eftir og frá 1989 lék það í 4. deild (sem varð 3. deild árið 1996). Þá tók við vera í neðstu deild sem stóð yfir til ársins 2001. Njarðvíkurliðið náði inn í úrslitakeppni 4. deildar (þá 3. deild) alls sjö sinnum á árunum 1993 til 2001, en árið 2001 lenti það í 3. sæti eftir taplaust Íslandsmót. Þriðja sætið átti þó eftir að verða dýrmætt því laust sæti myndaðist í 2. deild árið 2002 eftir að Dalvík og Leiftur sameinuðust. Liðið nýtti þetta tækifæri vel og mætti vel undirbúið til leiks. Það endaði í 2. sæti og tryggði sér jafnframt sæti í 1. deild. Þarna eignaðist liðið eitt metið, upp um tvær deildir



Deildarbikarmeistarar 2003.

á einu ári. Þessu fylgdi mikill kraftur í starfinu og liðið náði að jafna metin frá 1982 og 83 og enduðu í 6. sæti. Liðið sigraði einnig deildarbikarkeppni KSÍ í neðri deild árið 2003, eftir úrslitaleik við Breiðablik.

Liðið féll í 2. deild á markatölu árið 2004 og við tók flakk á milli 1. og 2. deildar, en liðið náði að komast upp árin 2006 og 2009 en frá 2011 hefur liðið verið í 2. deild í toppbaráttunni þar, fyrir utan

tvö sl. ár. Árið í ár var sérstaklega erfitt þrátt fyrir að spámenn hafi talið liðið vera eitt það besta í deildinni. Leikmenn náðu sér á strik í seinni umferðinni og tryggðu liðinu 8. sætið í lokaumferðinni.

Njarðvíkurvöllur

Njarðvíkurvöllur var vígður þann 16. júní árið 1957 eins og áður hefur komið fram. Völlurinn átti sér ansi

merkilega sögu. Hann var byggður af mikilli hugsjón og félagsmenn horfðu til framtíðarinnar. Keppnislið félagsins nýttu völlinn að sjálfsgöðu mest og undir það síðasta má segja að völlurinn hafi verið sterkasti heimavöllur landsins, því tapleikir meistaraflokks voru fáir á þeim árum.

Keflvíkingar tryggðu sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitill á Njarðvíkurvelli árið 1964 og Vestmannaeyjar léku heimaleiki sína á Njarðvíkurvelli gosárið 1973. Þess má svo geta í framhjáhlaupi að Jóhannes Eðvaldsson fyrrverandi landsliðsmaður, atvinnumaður og leikmaður Vals um árabíl fékk sitt fyrsta rauða spjald einmitt á Njarðvíkurvelli þegar Valsmenn heimsóttu lið Keflvíkinga.


Það var mörgum eftirsjá af íþróttasvæðinu sem á sér nokkra merka sögu eins og áður hefur komið fram. Það má með sanni segja að Njarðvíkurvöllur hafi þjónað íslenskri knattspyrnu og knattspyrnumönnum í tæplega 50 ár.

Þann 29. september 2006 var Njarðvíkurvöllur kvaddur með svokölluðum stjórnuleik sem háður var á milli meistaraflokks og 2. flokks gegn gömlum hetjum og stjórnnum Njarðvíkinga, sem gerðu garðinn frægan hér fyrir á árum.

Árið 2007 flutti knattspyrnudeildin með alla sína starfsemi á nýtt íþróttasvæði við Afreksbraut. Svæðið er um 22.000 fermetrar af grasi. Svæðið er tvískipt, annars vegar keppnis- og æfingasvæði og hins vegar aðal keppnisvöllur. Keppnisvöllurinn er flokkaður sem C völlur en ekki vantar mikið uppá að hann uppfylli þau skilyrði að vera B völlur þannig að hægt sé að leika á honum í efstu deild. Áhorfendastúkan tekur 499 manns í sæti en hún var byggð árið 2010. Nýtt vallarhús var byggt á svæðinu 2007 upphaflega hugsað til bráðabirgða. Aðstaðan á nýja svæðinu er mjög góð og kemur bara til með að batna á næstu árum.

Vígsla sparkvallar í Innri-Njarðvík

25. ágúst 1990 var einn af stóru dögnum hjá knattspyrnudeildinni þegar sparkvöllur var vígður í Innri-Njarðvík. Þessi viðburður var talsvert merkilegur fyrir þær sakir að knattspyrnudeildin fékk til sín engan annan en Ásgeir Sigurvinsson til að vígja sparkvöllinn með bæði glæsilegum og formlegum hætti. Mikill fjöldi fólks fylgdist með athöfninni og að lokinni vígslu var að sjálfsgöðu leikinn vígsluleikur þar sem yngstu keppendurnir tóku þátt. Að leik



Íþróttasvæðið við Afreksbraut. Ljós. Oddgeir Karlsson.

loknum var haldið í vallarhúsið við Vallarbraut þar sem knattspyrnudeildin hélt kaffisamsæti fyrir gesti og leikmenn.

Það þótti vel við hæfi að fá Ásgeir Sigurvinsson einn besta knattspyrnumann landsins fyrr og síðar til okkar að vígja sparkvöllinn þar sem hann lék með Eyjamönnum þegar þeir léku sína heimaleiki á Njarðvíkurvelli árið 1973.

Sparkvöllurinn breytti miklu fyrir stráka og stelpur í Innri-Njarðvík sem höfðu áhuga á fótboltanum. Mikil ánægja ríkti með þetta framtak bæjarins og knattspyrnudeildarinnar að koma á knattspyrnuaðstöðu fyrir íbúa Innri-Njarðvíkur. Stefán Bjarkason, sem þá var íþróttafulltrúi Njarðvíkurbæjar, var einn af aðalfrumkvöðlunum að því að koma þessu verkefni á laggirnar og á hann miklar þakkir skyldar fyrir. Þess má einnig geta að afar gott samstarf var á milli knattspyrnudeildarinnar og íþróttafulltrúa bæjarins.

Það verður ekki sagt frá aðstöðumálum deildarinnar án þess að nefna Reykjaneshöllina. Hún var eitt mesta framfaraspor í íslenskri knattspyrnu. Í kjölfarið hafa nokkrar hallir litið dagsins ljós víða um land, stórar og smáar. Knattspyrnudeildin hefur frá upphafi nýtt þessa aðstöðu eins vel og hægt er og er hún stór þáttur í framförum knattspyrnuliðs UMFN frá árinu 2000.

Yngri flokka starfið hjá knattspyrnudeildinni

Frá árinu 1990 má segja að gjörbylting hafi orðið í yngri flokka starfi á Íslandi. Félög fóru að leggja mikla vinnu í allt yngri flokka starf. Mikill viðsnúningur varð á þessum málum hjá UMFN á þeim

tíma sem Einvarður Jóhannsson var ráðinn til starfa. Einar náði frábærum árangri með strákana í þau tvö ár sem hann starfaði hjá deildinni svo eftir því var tekið. Árið 1993 kom Freyr Sverrisson til starfa hjá félaginu og starfaði sem yfirþjálfari til lok sumars



Ásgeir Sigurvinsson og Stefán Bjarkarsson við vígslu sparkvallarins.

árið 2006, þegar hann færir sig yfir til Hauka þar sem hann starfar enn í dag. Rafn Vilbergsson tók síðan við keflinu af Frey og starfaði hjá deildinni þar til í fyrravetur.

Fyrir utan þátttöku á Íslandsmótum yngri flokka tekur deildin þátt í öllum helstu yngri flokka mótum sem haldin eru hérlendis á sumrin hjá Stjórnunni í Garðabæ, á Akranesi, Akureyri, Vestmannaeyjum og víðar. Framfarir knattspyrnuíðkenda deildarinnar hafa komið berlega í ljós á undanföllum árum í sigri á öllum þessum mótum. Hefur það oftar en ekki komið á óvart þegar stærri félögin hafa verið lögð að velli á leið til sigurs. Í dag er Knattspyrnudeild Njarðvíkur einn af stærstu mótshöldurum á Íslandi en Njarðvíkurmótin í Reykjaneshöllinni í upphafi árs eru vinsæl. Á síðustu árum hafa keppendur verið um 1.500.



Árin sem Freyr stýrði starfsemi yngri flokka eru eflaust þau árangursríkustu, enda hefur náðst að ala upp leikmenn sem hafa leikið með meistaraflokki. Þá hafa leikmenn UMFN einnig gengið til liðs við önnur lið hérlendis. Það er á engan hallað þegar tveggja er getið sem Njarðvík hefur alið upp og náð hafa hvað lengst, þeirra Ingvars Jónssonar og Óskars Arnar Hauksónar. Ingvar leikur í dag með Stjörnunni sem á dögum tryggði sér Íslandsmeistarattitilinn í Pepsi-deild karla með því að bera sigurorð af liði FH í hreinum úrslitaleik. Ingvar átti stórkostlegt tímabil og var valinn leikmaður Íslandsmeistaratsins í Pepsi deild karla og er vel að þeirri viðurkenningu kominn. Óskar hefur undanfarin ár leikið með KR og hefur bæði orðið Íslands- og bikarmeistari með félaginu, ásamt því að leika nokkra Evrópuleiki.

Óskar hefur náð að leika með A landsliði Íslands og Ingvar á leiki með yngri landsliðum eins og Óskar. Óskar reyndi fyrst fyrir sér á erlendri grund þegar hann fór til Molde í Noregi þegar hann var aðeins 16 ára gamall en þá hafði hann þegar leikið með meistaraflokki UMFN.

Ingvar og Óskar eru stoltir af því að vera Njarðvíkingar og þegar viðtöl við þá birtast í fjölmiðlum kemur gjarnan fram að þeir séu uppaldir í Njarðvík og stoltir af því. Ingvar lét nýverið hafa þetta eftir sér í viðtali við Víkurfréttir, þegar hann var valinn leikmaður ársins í Pepsi deildinni í framhaldi af Íslandsmeistarattitli Stjörunnar. Í dag einbeitir Ingvar sér að landsliðinu sem kunnugt er og góðar líkur eru á því að hann fari út í atvinnumenskuna. Óskar gerði hinsvegar nýlega þriggja ára samning við KR og mun að öllum líkindum ljúka sínum knattspyrnuferli í

Vesturbæ Reykjavíkur. Bæði Ingvar og Óskar fengu mjög gott uppeldi og þjálfun hjá knattspyrnudeild Njarðvíkur, en Freyr Sverrisson þjálfaði þá báða á sínum tíma.

Þess má einnig geta að alls 11 leikmenn frá Njarðvík hafa leikið á árunum 1999 til 2014 alls 51 landsleik með yngri landsliðum Íslands. Fyrsti leikmaður UMFN til að leika í landsliði var Einar Sigurjón Oddsson árið 1999. Margir gera sér ekki grein fyrir þessari staðreynd, en deildin er stolt af öllum þessum leikmönnum Einnig er þetta mikil viðurkenning fyrir starf deildarinnar og ungmennafélagið nýtur góðs af þessum einstaklingum.

Uppeldisstefna knattspyrnudeildar í barna- og unglingsþjálfun var sett fram árið 2010. Markmiðið með stefnunni er að skapa framtíðarskipulag ásamt því að móta til lengri tíma allt starf yngri flokkanna með þátttöku stjórnar deildarinnar, foreldra og félagsmanna. Deildin er einnig fyrirmyndardeild ÍSÍ.

Í gegnum tíðina hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til að halda úti stúlknaflökum en það hefur bara því miður ekki borið þann árangur sem vænst var.

Dómgæslan

Það má ekki gleyma því þegar fjallað eru um boltaiþróttir að félögin verða að eiga dómara og í gegnum tíðina hafa margir einstaklingar tekið að sér dómgæslu fyrir UMFN. Í dag á félagið knattspyrnudómara í fremstu röð, Gylfa Má Sigurðsson. Gylfi Már sem er fæddur 1987 kom til félagsins frá Keflavík í 5. flokki og lék með UMFN upp í 2. flokk. Hann fór að dæma leiki í yngri

flokkum og fljótlega fór hann að stíga upp í dómara-stéttinni hér á landi. Hann hefur í nokkur ár verið aðstoðardómari í efstu deild á Íslandi, ásamt því að dæma Evrópuleiki og landsleiki erlendis. Gylfi Már var aðstoðardómari með Kristni Jakobssyni á Celtic Park í Skotlandi í október sl. þegar Celtic tók á móti liði FC Astra frá Rúmeníu í Evrópudeild UEFA.

Gylfi Már er gott dæmi um einstakling sem sá að hann myndi ekki ná langt í knattspyrnunni en helgaði sig þess í stað dómgæslu. Hann sér því leikinn og er þátttakandi alveg á sama hátt og þeir sem ná langt sem atvinnumenn í knattspyrnu.

Ungmark

Vorið 2006 stofnuðu fyrrum knattspyrnuhettjur Njarðvíkinga, þeir Þórður Karlsson, Guðmundur Sighvatsson, Sævar Júlíusson, Gunnar Þórarinnsson og Oddgeir Karlsson minningarsjóð til minningar um knattspyrnuþjálfarann Kristinn Stannojev, eða Mile eins og hann var gjarnan kallaður af knattspyrnumönnum. Markmið sjóðsins er að efla unglingsstarf knattspyrnudeildar UMFN. Stofnendur



Tími fyrir nestið á fótboltamóti.

lögðu sjóðnum til stofnfé sem er án nokkurs vafa kemur að góðum notum í forvarnar-, ræktunar- og uppeldisstarfi ungra knattspyrnumanna um ókomin ár.

Þess má og geta að Gunnar Þórarinnsson og Mile voru mikilir vinir og var það að tilstuðlan Gunnars að Mile kom til starfa hjá knattspyrnudeildinni á sínum tíma. Gunnar Þórarinnsson á afar farsælan feril hjá deildinni sem leikmaður og síðar stjórnarmaður. Gunnar og konan hans Steinunn, sem á sínum tíma átti m.a. sæti í aðalstjórn félagsins, hafa með myndarlegum hætti komið að stjórnarstörfum hjá ungmennafélaginu í gegnum áratugin. Gunnar og Steinunn hafa einnig stutt vel við félagið með ýmsum hætti og framlag þeirra hjóna til ungmennafélagsins hefur verið ómetanlegt í gegnum tíðina.

Allt starf deildarinnar hefur styrkst mikið

Leifur Gunnlaugsson hefur verið viðloðandi knattspyrnudeildina síðan 1991. Leifur tók sæti í stjórn deildarinnar sem ritari það ár, varð formaður árið eftir og gegndi því til ársins 2005. Árið 1997 hóf Leifur störf sem framkvæmda- og vallaarstjóri í fullu starfi og gegnir því enn.

Hvernig var starfið þegar þú byrjaðir að starfa fyrir deildina fyrir 20 árum?

„Þegar ég tók sæti í stjórninni sem ritari var meistaraflokkur í 4. deild (nú 3. deild) og búinn að vera í þeirri deild í nokkur ár. Deildin var með yngri flokka upp að 4. flokki karla og var æft aðeins einu sinni yfir vetrartímamann. Það voru mjög efnilegir strákar við æfingar á þessum tíma undir stjórn Einvarðs



Liðsmynd frá árinu 1981.

Jóhannssonar en hann var þjálfari hjá deildinni í tvö ár. Freyr Sverrisson kom svo í kjölfarið til deildarinnar en hann tók við yngri flokkunum og bætti síðan meistaraflokki við sig í eitt ár.“

Hvað finnst þér vera eftirminnlegast í starfinu í þessi 20 ár?

„Þróunin í starfinu er eftirminnlegust, en allt starf deildarinnar hefur styrkst mikið á þessum tíma. Mikill metnaður verið settur í starfseminna meðfram meiri kröfum til hennar. Árin sem við vorum með meistaraflokkinn í úrslitakeppnum næstu deildar voru oft ótrúleg. Einnig

þegar óvæntir sigrar náðust á yngri flokkamótum sem menn áttu ekki von á. Svo núna síðasta tímabil að vera í basli með alltof gott lið til að falla um deild, en enda svo í áttunda sæti og fá tvo landsliðsmenn í 19 ára landsliðið. Ekki síður sá heidur fyrir starf okkar að tveir uppaldir leikmenn skyldu vera verðlaunaðir, Ingvar Jónsson markvörður Stjórnunnar var valinn leikmaður ársins í Pepsi-deildinni á liðnu sumri og Óskar Örn Hauksson leikmaður KR prúðasti leikmaður Pepsi-deildarinnar.“

Hverjir eru eftirminnlegustu einstaklingarnir sem þú hefur starfað með hjá félaginu?

„Það er erfitt að gera upp á milli einstaklinga, en margir hafa skilað gríðarlega miklu starfi fyrir deildina. Það hafa margir litríkir einstaklingar mætt til leiks hjá okkur í gegnum árin, það er óhætt að segja.“

Hverjir eru eftirminnlegustu þjálfararnir?

„Við höfum notið þess að margir af okkar þjálfurum hafa átt langan feril hjá okkur. Sporin hans Freys Sverrissonar eru ennþá sýnileg hér hjá okkur. Allir yngri flokka þjálfararnir hafa markað sín spor líka og lagt sitt til, enda hafa þeir allir orðið langan feril sem þjálfarar hjá okkur.“

Í meistaraflokki á Helgi Bogason stóran þátt í að byggja upp þá umgjörð sem er utan um liðið enn í dag, en hann tók skrefið uppá við með liðið og starfaði hjá okkur í átta ár. Þá má einnig nefna Helga Arnarson sem var með í fyrstu uppbyggingu liðsins og hefur verið trúr félaginu sínu hvað sem gengið hefur á.“

Hverjir eru eftirminnlegustu leikmennirnir?

„Það er erfitt er að nefna einhver nöfn þar sem svo margir koma til greina. Þeir leikmenn sem hafa alist upp hjá félaginu og hafa verið til fyrirmyndar í starfi og



leik, ásamt þeim fjölmörgu sem komið hafa úr öðrum félögum og hafa orðið miklir félagsmenn. Vandræðagemlingar hafa átt erfitt uppdráttar hjá okkur. Það er alltaf gaman þegar maður rekst á fyrrverandi leikmenn, og jafnvel þá sem voru aðeins með í yngri flokkum og hættu snemma, hvað þeir eiga flestir góðar minningar frá veru sinni hjá okkur.“

Hvað telur þú vera besta árangur knattspyrnudeildarinnar?

„Ég held að besti árangurinn sé sá hvað deildin hefur vaxið og dafnað á undanförunum árum og bara það að starfsemin er ennþá öflug þrátt fyrir hinu mörgu áföll sem hafa orðið í umhverfinu okkar. Margt sem knattspyrnudeildin hefur verið að gera hefur vakið athygli og deildinni hefur verið hrósað víðs vegar fyrir gott starf.“

Hvernig er aðstaða knattspyrnudeildarinnar í dag?

„Aðstaða deildarinnar í dag er mjög góð, í raun fyrsta flokks og allt til staðar til að gera enn betur. Við erum með topp aðstöðu til vetraræfinga sem er mjög mikilvægt. Þegar ég var að stíga mín fyrstu spor hjá knattspyrnudeildinni þá var deildin með æfingar í íþróttahúsinu í Njarðvík með einn tíma fyrir hvern flokk í viku á laugardagsmorgnum frá 9-12 á veturnar. Í dag getum við veitt öllum okkar flokkum þrjár æfingar í viku í Reykjaneshöllinni. Flest allar æfingar hjá yngri flokkunum eru búnar um kl. 18 sem hentar öllum mjög vel.“

Við þökkum Leifi fyrir spjallið og óskum honum og knattspyrnudeildinni alls hins besta á komandi tímum.

Viðtöl, myndir og textagerð:
Haukur Örn Jóhannsson.

Viljum byggja upp samkeppnishæft keppnisfólk



Á 70 ára afmælisári Ungmennafélags Njarðvíkur eru samanlagt um 150 iðkendur við æfingar í öllum flokkum karla hjá knattspyrnudeildinni, en kvennaflokkar hafa því miður ekki verið starfræktir um nokkurt skeið. Næg verkefni eru fyrir skráða iðkendur enda erum við þátttakendur á öllum helstu knattspyrnumótum hér á landi. Til gamans má geta þess, að reikna má með því að hver virkur iðkandi mæti á um 170 æfingar á ári og leiki rúmlega 30 mót- og æfingaleiki, sem gerir rúmlega 1000 æfingar á ári og 210 leiki samtals, á alla starfandi flokka deildarinnar. Þessi tala leikjafjölda er eflaust aðeins hærra enda keppa yngri flokkarnir talsvert fleiri leiki en 30 á hverju ári.

Í dag eru starfandi þjálfarar hjá deildinni í yngri flokkum þeir Guðni Erlendsson, Ingi Þór Þórisson, Snorri Már Jónsson og Þórir R. Hauksson, Guðmundur Steinarsson þjálfar meistaraflokk og Helgi Arnarson 2. flokk. Knattspyrnudeild UMFN er „Fyrirmyndadeild ÍSÍ“.

Starfsár yngri flokka er frá 1. október ár hvert og stendur yfir til loka ágústmánaðar næsta árs, en getur lengst allt eftir hvað teygist á verkefnum. Starfsár meistar- og 2. flokks er frá 1.



Styrmir Gauti Fjelsted, leikmaður ársins 2014 ásamt Arngrími Guðmundssyni, formanni.

nóvember og fram undir septemberlok næsta árs.

Aðstaða deildarinnar í dag telst vera mjög góð miðað við sambærileg félög hér á landi. Knattspyrnudeildin flutti starfsemi sína af gamla Njarðvíkurvöllinum yfir á nýtt svæði við Afreksbraut sumarið 2007. Aðstaðan við Afreksbraut til keppni og æfinga er rúmlega 20.000 fermetra grasvallarsvæði. Talsverðar breytingar voru gerðar á svæðinu árið 2010 þar sem því var skipt upp í keppnisvöll og æfingarsvæði. Keppnisvöllurinn er í svokölluðum C-flokki, en lítilliga vantar uppá til þess

að hann geti flokkast sem B-völlur. Yfir vetrarmánuðina er aðallega notast við Reykjaneshöllina til keppni og æfinga ásamt íþróttasalnum í Akurskóla.

Framtíðarsýn deildarinnar er í raun sú sama og verið hefur undanfarin ár. Unnið hefur verið eftir þeim formerkjum sem frekast er unnt, en mestu ræður að aðlaga sýn okkar til framtíðar á þeirri uppbyggingu og aðstæðum sem fyrir hendi eru. Að byggja upp samkeppnishæft keppnisfólk er og verður endalaust verkefni. Því höfum við höfum ávallt lagt mikla áherslu á að ráða til okkar færa þjálfara fyrir yngri flokka deildarinnar og jafnframt reynt að hafa þarfir hvers og eins að leiðarljósi. Á því verður engin breyting. Þá stefnum við að því að halda áfram að bæta og viðhalda aðstöðu deildarinnar efir því sem kostur er.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar UMFN, Leifur Gunnlaugsson

Núverandi stjórn knattspyrnudeildarinnar:
Formaður: Arngrímur Guðmundsson.
Varaformaður: Guðmundur Sæmundsson.
Framkvæmdastjóri: Leifur Gunnlaugsson.

Tenglar:
umfn.is/is/page/knattspyrna2
Facebook.com : Njarðvík, knattspyrnudeild



Ungir knattspyrnuíðkendur árið 1991.



Gamli íþróttavöllurinn í Njarðvík.



Jón Páll á 40 ára afmælishátíð UMFN í desember 1984.



Formleg opnun félagsaðstöðu á annari hæð árið 2004, Kristbjörn, Hafsteinn og Stefán.



Bygging sundlaugar fyrir landsmótið 1984.



Sundfólkið Eðvarð Þór og Ragnheiður Runólfsdóttir.

„Fór troðnar slóðir í síðasta leik mínum“

— sagði Jónas Jóhannesson, Njarðvík, sem er ákveðinn í að hætta

„Mér fannst ég ekki geta lagt skóna á hilluna nema með sigri,“ sagði hinn hávaxni og gamansami Jónas Jóhannesson, sem að margra dómi átti mestan þátt í sigri UMFN gegn Haukum, um leik og hann setti skóna sína upp í hillu á heimili sínu í Njarðvík, „en ég vildi ekki fara ótroðnar slóðir í leiknum og „tróð“ því tvisvar og meira að segja skoraði ég allra síðustu körfuna á mínum langa ferli á þann máta.“

Jónas átti sinn langbesta leik í vetur í lokastríðinu við Hauka. „Já, eins og þú sérð auglýsum við fyrir Oslam, þetta er búið að vera blikkandi hjá mér í vetur en nú, þegar spennan náði hámarki, þá kviknaði á perunni hjá mér í dag.“

Eftir frammistöðu Jónasar í „seinasta leiknum“ geta Njarðvíkingar illa sætt sig við að hann skuli vera hattur og við erum reyndar efins um það, og því spurðum við Brynjar Sveinsson ljósmyndari hvort við ættum ekki að koma aftur í haust og vera viðstaddir þegar hann blési rykið af skónum og tæki þá fram að nýju. „Það er óþarfi, í fyrsta lagi er ég hattur og í öðru lagi verður ekkert ryk á þeim — ég dusta það af daglega.“

emm

• Sjá allt um úrslitaleikinn á bls. 30—31.

„Nú legg ég skóna á hilluna“, Jónas ákveðinn í að hætta.

DV-mynd Brynjar Gau



Mynd 1: Hressar sunddrottningar.

Mynd 2: Sindri Freyr að keppa í Prag árið 2013.

Mynd 3: Ungir leikmenn knattspyrnudeildar standa heiðursvörð í heimsókn frú Vigdísar Finnbogadóttur, forseta Íslands til Njarðvíkur. Vinstra megin niðri: 4. flokkur karla í handknattleik án taps 35 leiki í röð. (Vikurféttir 9.4.81).

Hægra megin niðri: Ein af rimum UMFN og ÍBK í kvennakörfunni árið 1986 sem lauk með sigri Njarðvíkur. (Vikurféttir 20.2.86).



Njarðvík Íslandsmeistarar í 4. fl. karla í handknattleik Hafa leikið 35 leiki í röð án taps

Helgina 28. og 29. marz sl. fór fram úrslitaleikur í 4. fl. karla í handknattleik, og var leikið í Garðabæ. Í þessum flokki tóku þátt 26 lið og höfðu 7 lið unnið sér rétt til þess að leika í úrslitum: Ármann, Breiðablik, Stjarnan, UMFN, Valur, Þór Akureyri og Þór Vestmannaeyjum.

Njarðvíkingar sigruðu glæsilega, hlutu 11 stig af 12 mögulegum, unnu 5 leiki og gerðu eitt jafntefli. Breiðablik varð í öðru sæti, hlaut 9 stig og Þór Ak. hafnaði í þriðja sæti með 8 stig.


Í undankeppninni höfðu Njarðvíkingar leikið 15 leiki, unnið 12 og gert 3 jafntefli. og

hlotið 27 stig af 30 mögulegum. Næsta lið í þeirra liði, Þór Vestmannaeyjum, hlaut 19 stig.

Drengirnir léku því 21 leik í landsmótinu, unnu 17 og gerðu jafntefli og skoruðu 218 mörk gegn 144, eða plús 74.

Kjarni þessa liðs tók þátt í alþjóðamóti unglinga í Danmörku sl. sumar og sigruðu þar með glæsibrag.

Þjálfari drengjanna frá upphafi hefur verið Ólafur Thordersen, en ásamt honum þjálfað Karvel Hreiðarsson drengina einn vetur, og hefur öll þjálfur verið sjálfboðavinna.



Íslandsmeistarar UMFN í 4. fl. karla. Fremri röð f.v.: Jón R Magnússon, Teitur Örylgsson, Kristinn Einarsson, Ólafur Thordersen (fyrirliði), Reynir Kristjánsson, Þórður Ólafsson, Ómar Ellertsson. Aftari röð f.v.: Jóhanna Valgeirsdóttir form. handknattleiksdeildar, Guðbjörn Jóhannesson, Friðrik I. Rúnarsson, Hreiðar Hreiðarsson, Guðjón Hilmarrsson, Alexander Ragnarsson, Lárus Gunnarsson, Birgir Sanders, Ólafur Thordersen þjálfari.

1. deild kvenna í körfu - ÍBK-UMFN 36:42 (20:19)

STÓRLEIKUR KATRÍNAR

Njarðvísku stúlkurnar báru sigurorð af stöllum sínum úr Keflavík, er liðin áttust við í Íþróttahúsi Keflavíkur sl. sunnudag. Sex stig skildu í lokin í jöfnum og spennandi leik og lokatölur 42:36 eftir að ÍBK hafði leitt í hálfleik 20:19.

Það voru Keflvíkingar sem byrjuðu leikinn mun betur og náðu góðri forystu sem mest varð 7 stig, 12:5, og hafði Björg Hafsteinsdóttir átt stórleik fram að því og skorað 7 af 12 stigum ÍBK. Björg missteig sig síðan og þurfti að fara af leikvelli. Njarðvíkingar minnkuðu muninn óðfluga og aðeins eitt stig skildi í hálfleik, 20:19.

Svo virtist sem keflvísku stúlkurnar væru að eflast, þrátt fyrir að „Björg væri fyrir bí“, og Anna María skoraði fyrstu fjögur stigun í seinni hálfleik. En þá sögðu njarðvísku stúlkurnar hingað og ekki lengra og skoruðu 7 stig. Guðlaug svaraði loks fyrir ÍBK en aftur tók UMFN kipp, mest fyrir atbeina Katrínar Eiríksdóttur, sem hreinlega fór á kostum á þessum kafla og skoraði 10 stig í röð. Ekkert gekk hjá ÍBK og UMFN hélt áfram að bæta við stigum. María skoraði 6 af næstu 8 stigum UMFN og þá var staðan orðin 40:31 og aðeins rúm mínúta til leiksloka. Fjólá Þorkeldsdóttir minnkaði

tveimur við fyrir UMFN og sínu 20. stigi og Guðlaug einu fyrir ÍBK og lokatölur því 42:36 fyrir UMFN.


Leikurinn var ekki sérlega vel leikinn, töluvert um mistök og vitaskot mjög illa nýtt. UMFN var mun sterkari aðilinn í fraköstum en keflvísku stúlkurnar léku betur úti á vellinum en tókst illa að koma knettinum í körfuna. Að Björgu undanskilinni sást

slíkt aðeins til Guðlaugar, sem skoraði nokkur stig með langskotum.

Katrín Eiríks var best hjá UMFN, einnig áttu María og Siddy þokkalegan leik. Hjá ÍBK átti Guðlaug ágætan leik og Björg Hafsteins á meðan hennar nauð við.

Stig ÍBK: Guðlaug 10, Björg 7, Fjólá 7, Anna M. 4, Margrét Auður, Kristín Blöndal og Inga B. 2 stig hver.

Stig UMFN: Katrín 20, María 7, Sigríður 7, Þórunn 6 og Ásdís 2. pkct.



Suðurnesjaliðin sameinuð í handboltanum

—HKN fær til sín landsliðsmann frá Litháen

Egir Már Erlásson, DV, Suðurnesjum.

Keflavík og Njarðvík hafa ákveðið að sameinast í keppni 2. deildar karla í handbolta á næsta keppnistímabili og spila undir merki HKN eða Handknattleiksráðs Keflavíkur og Njarðvíkur.

„Við ætlum að prófa þetta til reynslu í 1 ár. Við munum leika heimaleiki okkar í Keflavík en stefnum að báðum stöðunum. Stefan verður tekin á 1. deildina og markmiðið er að gera gott lið í

fyrsta sinn hér á Suðurnesjunum,“ sagði Erlingur Hannesson, formaður handknattleiksráðs Njarðvíkur, í samtali við DV í gærkvöldi.

Pavloski kemur um miðjan ágúst

Hið nýja félag, sem mun ganga í íþróttabandalag Suðurnesja nú á næstu dögum, hefur gengið frá því að litháskur landsliðsmaður muni leika með liðinu. Þar er á ferðinni vinstrihandar skytta, Pavloski að nafni, og er hann 30 ára gamall.

Hann hefur undanfarnir 4 ár leikið með landsliði Litháa og kom hér til lands í vetur þegar Íslendingar og Litháar léku tvo landsleiki. Þessi leikmaður þykir mjög sterkur í vörn og sókn og hann mun koma til landsins 15. ágúst.

Þá eru forráðamenn Suðurnesjaliðsins í viðræðum við stærka leikmenn og ætíð að skýrast á næstu dögum hvaða leikmenn ganga til liðs við hið nýja félag.

DV.8.7.91.



Haukur Örn Jóhannesson afhendir Rondey Robinson viðurkenningu sem íþróttamaður UMFN 1994.

Valur Ingimundarson:

„Frábær þjálfari og samhuga liðsheild“

„Ég VÁÐ málkub vinnu min að við myndum sigra í þessum leik. Þessi okkur líkast að sigra þá í Hafnarvík,“ sagði Valur Ingimundarson, fyrirliði UMFN eftir úrslitaleikinn.

„Ég er mjög ánægður með því að vinna þetta góðum. Í morgun þegar við höfum málkub í hand, þá er minn liðslið minnst 5 manns úr liðinu til þess í fyrna. Én þjálfar þjálfari og samhuga liðslið hefur gert þetta kleift, og unga strákarnir hafa verið samhuga þess við í skólinum og stöðugt fyrir einu. Þá hafa málkub verið stundabær mjög vel, og stöðugt deildarinnar hefur verið í ályktum höndum. Að lokum vil ég óska Háskólanum til fagnaðis með hámarksliðinu í vörn. Én hafi stöðugt sig með stöðugt sönnu, og ein með liðinu þá. Við erum líka aðeins betri.“ Ó.Th.



ÍSLANDSMEISTARAR 1985

Þjálfari Íslandsmeistarar Njarðvíkinga eftir sigrun á Haukum á laugardag. Afstari rói frá vinstri: Júlíus Valgeirsson líftálfari, Halldór Ólafsson, Hólar Rúnarsson, Hólar Rúnarsson, Jónas Jóhannesson, Valur Ingimundarson, Brynjólfur Sigurðsson og Steingrður Ágústsson. Tilríði Ólafsson, styrktaraðili kórknattleikadéildar Njarðvíkur. Framri rói frá vinstri: Tullur Öryngsson, Arni Lúcasólf, Elfiel Magnússon, leik Tomásson og Gunnar Þorvarðarson, þjálfari og leikmaður liðsins.

Sagt eftir úrslitaleikinn í úrvalsdeildinni:

„Við erum tvímæla-laust með besta liðið“

sagði Gunnar Þorvarðarson þjálfari og leikmaður Njarðvíkinga



Valur um það bil að skora háttu hjá Háskólanum.



Jónas Jóhannesson lék vel á laugardag í sínum síðasta leik með UMFN, en hann foggast að haggja skónu á hliðuna. Jónas hefur hér lékast af freggi.

„Ég VÁÐI angur spá fyrir þessum leik, heldi mér þetta er lítil og vissu að við þróum að ná upp mjög góðum liði. Til þess að sigra. Háskólanir líta alla ekki áskari leik en í sínum tvímæla-úrslitaleiknum, við náðum okkur bara bestur á skóli, sagði Gunnar Þorvarðarson, þjálfari og leikmaður UMFN, eftir úrslitaleikinn.

„Ég er mjög ánægður með strákunum, þess gerðu það sem fyrir þá var það ein þáttur að ná upp góðum vörnarkli og haggja skónu á hliðuna í síðasta undir leiki. Þegar Háskólanir láru að gefa eftir, og þetta líst. Ég féi að Háskólanir líta með mjög gott lið, en féi þá við stöðugt tvímælaúrslit með besta liði, og ef líst er á líti leikmálkub, þá er okkur líti með málkub liðinu.“

„Að lokum vil ég óska Háskólanum og stöðugt liðinu þessum til allra okkur. Háskólanir stöðugt sönnu frá skóli. Én eru betri og þess vegna erum við betri.“



Brynjólfur Sigurðsson, leikur kórknattleikanna á liðinu eftir úrslitaleik Njarðvíkinga réar eftir leikinn. Hér er þá Tullur Öryngsson sem leikur við sínu rói.



Hilmar Hafsteinsson, formaður kórknattleikadéildar: „Ég málkub þess í hella góttum í morgun, að Njarðvíkingar myndu sigra með 5 stigum, þessu að ég var réar bestur. Ég féi þá hlið haggmannanna í vörn, að við höfum Jónas eftir. Án þess hefur Webster orðið okkur orðið. Þá hefur Gunnar í morgun lístur gjólfari og sig féi við stöðugt vörn minni. Í morgun réar. Þá hafa málkub verið stöðugt mjög vel og strákunir hafa öku líknað fyrir þessum.“

„Ér málkub sem þá vill segja að liðinu, líknað sönnu. Ég er herra gljúbr.“ Ó.Th.

Þáttum haggmanni Valur Ingimundarson, fyrirliði Njarðvíkuliðsins, hefur hér á sínum gíslaglaða Íslandsmeistarabólunum. Til vinstri er Gunnar Þorvarðarson og leik Tomásson í miðju.

MBL.27.3.85.



Leikmenn Njarðvíkur á varamannabekk.



Friðrik Rúnarsson kysir sætan Íslandsmeistarabakarinn.



Siddý og Kata ásamt óþekktum, erlendum leikmanni.



Friðrik Ragnarsson og Jóhannes Kristbjörnsson taka skák.



TÍMALÍNA

- 1944** Stofnfundur UMFN 10. apríl.
- 1946** UMFN og kvenfélagið Njarðvík kaupa Krossinn.
- 1947** Krossinn vígður sem félagsheimili 14. júní
- 1950** Íþróttadeild stofnuð innan UMFN í ársbyrjun.
- 1951** UMFN og kvenfélagið meina hermönnum aðgang að Krossinum.
- 1952** UMFN varð aðildarfélag í Ungmennafélagi Íslands.
- 1952** MÍR deild á Suðurnesjum stofnuð 25. maí
- 1954** UMFN vill uppsögn hverrendarsamnings Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku.
- 1957** Íþróttavöllur UMFN vígður 16. júní.
- 1960** Njarðvíkingar taka þátt í Íslandsmóti í knattspyrnu í fyrsta sinn, drengir í 2. flokki.
- 1963** Bókasafn Njarðvíkur opnað í Stapa.
- 1965** Stapinn vígður 23. október.
- 1967** Krossinn nýttur sem íþróttahús. Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins legst gegn íþróttakennslu í Krossinum.



- 1967** Fyrsti íþróttakennarinn ráðinn til starfa í Barnaskóla Njarðvíkur, Guðmundur Óskar Emilsson.
- 1968** Knattspyrnudeild og handknattleiksdeild UMFN stofnaðar. Njarðvíkingar taka í fyrsta sinn þátt í Íslandsmóttinu í knattspyrnu í meistaraflokki karla.
- 1969** Körfuknattleiksdeild UMFN stofnuð. Íþróttafélag Keflavíkurflugvallar (ÍKF) sameinaðist UMFN.
- 1970** Vígsla sundlaugar í Njarðvík 16. maí. Sunddeild UMFN stofnuð.

Handknattleiksstúlkur í UMFN urðu Íslandsmeistarar í 2. deild meistaraflokks um vorið. Þetta var fyrsti Íslandsmeistaratitillinn í handbolta UMFN.

Minnibolti hófst á Íslandi og fljótlega hófst markviss unglingsþjálfun hjá körfuknattleiksdeild UMFN.

- 1972** Fyrsta skólamótið í sundið haldið í sundlaug Njarðvíkur, en markmið þess var að kanna sundgetu ungra Njarðvíkinga í því skyni að efla sundiþróttina. Sundfólk keppti fyrst á landsmóti UMFÍ, sem þetta árið var haldið á Sauðárkróki.
- 1973** Íþróttahúsið í Njarðvík tekið í notkun. Sundfólk úr UMFN keppti í fyrsta sinn á Unglingameistarmóti Íslands á Siglufirði.
- 1975** Fyrsti Íslandsmeistaratitillinn í körfuknattleik í hús, 3. flokkur karla.
- 1979** Stúlkur fóru að æfa körfubolta.




1980 Krossinn rifinn og seldur í Skagafjörð.

Ungir piltar úr Njarðvík gera garðinn frægan á alþjóðlegu handboltamóti í Danmörku, sem þeir sigra með yfirburðum.

- 1981** Fyrsti Íslandsmeistaratitill UMFN í úrvalsdeild karla í körfuknattleik vannst.
- 1984** Landsmót UMFÍ haldið í Njarðvík og Keflavík.
- 1987** Meistaraflokki UMFN í körfuknattleiki tókst það sem engu körfuknattleiksliði hafði áður tekist, að vinna öll mót sem liðið tók þátt í á tímabilinu. Liðið varð Suðurnesjameistari, úrvalsdeildarmeistari, Íslandsmeistari og bikarmeistari.
- 1988** Eðvarð Þór Eðvarðsson, Ragnheiður Runólfsdóttir og Geir Sverrisson keppa á Ólympíuleikum í Seoul.
- 1989** Sundfélagið Suðurnes stofnað, 1. september.
- 1995** Lyftingadeild UMFN: Massi stofnuð, 11. febrúar.
- 1999** Lúðvík Björnsson lyftingamaður keppir á tveimur heimsmeistaramótum öldunga og nær sínum besta árangri á ferlinum.

Sparkvöllur vígður í Innri Njarðvík, 25. ágúst.

- 2001** Jón Oddurs Sigurðsson varð Norðurlandameistari unglunga.
- 2007** Íþróttasvæðið við Afreksbraut tekið í notkun.



2008 Erla Dögg Haraldsdóttir og Árni Már Árnason keppa á Ólympíuleikum í Peking.

2010 Júdoeild UMFN: Sleipnir stofnuð, 8. september.

Áhorfendastúkan við íþróttavöll UMFN við Afreksbraut byggð.

2011 Þríþrautadeild UMFN: 3N stofnuð, 17. febrúar. Fyrstu Íslandsmeistararitlar júdoeildarinnar í hús, í brasilísku jiu-jitsu.

2012 Fyrsti Íslandsmeistaratitillinn í körfuknattleik kvenna í hús. Stúlkurnar í meistaraflokki urðu einnig bikarmeistarar á árinu.

Fyrstu Íslandsmeistaratitlarnir í júdo til UMFN, Brynjar Kristinn Guðmundsson í +90 kg. flokki og Marín Veiga Guðbjörnsdóttir í -42kg. flokki.

Stúlknaflokkur UMFN nær þeim áfanga að vera fyrsti yngri flokka kvenna hjá UMFN sem hampar Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitli sama árið.



2014 Norðurlandamót í kraftlyftingum og bekkpressu haldið af Massa, 3. ágúst. Fyrstu alþjóðamótin sem haldin eru í íþróttahúsinu í Njarðvík. Sindri Freyr Arnarsson varð Norðurlandameistari í kraftlyftingum á mótinu.

Formenn UMFN frá upphafi til dagsins í dag

Ólafur Sigurjónsson	1944 – 1945
Eyjólfur Guðmundsson	1945 – 1947
Ólafur Sigurjónsson	1948 - 1969
Guðmundur Snorrason	1969 – 1970
Bogi Þorsteinsson	1971 – 1979
Sigurður Hreinsson	1980
Oddgeir Karlsson	1981 – 1982
Jón Halldórsson	1983
Stefán Bjarkason	1984 – 1986
Guðmundur Sigurðsson	1987 – 1988
Böðvar Jónsson	1989 – 1991
Haukur Jóhannesson	1992 – 1994
Kristbjörn Albertsson	1995 – 2004
Kristján Pálsson	2005 – 2008
Stefán Thordersen	2009 - 2011
Þórunn Friðriksdóttir	2012 – 2013
Ólafur Þ. Eyjólfsson	Frá 2014



Stjórn Ungmennafélags Njarðvíkur 2014-2015

Formaður:	Ólafur Þ. Eyjólfsson
Varaformaður:	Hermann Jakobsson
Gjaldkeri:	Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir
Ritari:	Anna Andrésdóttir
Meðstjórnandi:	Thor Hallgrímsson
Varamenn:	Ágústa Guðmarsdóttir og Sigríður Ragnarsdóttir.

Sigríður er jafnframt er framkvæmdastjóri UMFN.



Ritnefnd

Ritnefnd Ungmennafélags Njarðvíkur (UMFN) var skipuð snemma á árinu 2012 í tilefni af 70 ára afmæli félagsins sem var framundan, eða þann 10. apríl 2014. Það var þáverandi formaður félagsins Stefán Thordersen sem skipaði í nefndina með það að markmiði að rita 70 ára sögu ungmennafélagsins.

Eftirtaldir einstaklingar voru skipaðir í ritnefnd félagsins; Viðar Kristjánsson, formaður, Haukur Örn Jóhannesson, ritari. Hilmar Hafsteinsson, Jón B. Helgason, Ólafur Thordersen, Guðjón Helgason. Frábær hópur og mikil viðurkenning og heiður að fá þetta tækifæri. Guðjón lést á ritunartímanum og Jón var fjarri þegar myndataka fór fram.

Ljóst var að verkefnið var krefjandi og mikil ábyrgð fylgir því að standa að svo umfangsmikilli söguritun. Nefndin hóf fljótlega að skipuleggja þetta viðamikla verkefni sem það var svo sannarlega. Að rita sögu ungmennafélagsins er mikil áskorun og vanda þarf framkvæmd og skipulagningu. Nefndarmenn fóru að greina verkefnið og með hvaða hætti væri best að nálgast þær mikilvægu upplýsingar um söguna sem til eru í rituðu máli, myndum og ekki hvað síst með því að taka viðtöl við hina ýmsu einstaklinga sem hafa að geyma dýrmætar upplýsingar bæði um upphafið, söguna og svo að sjálfsgöðu nútímann. Fljótlega fóru nefndarmenn að skipuleggja viðtöl við þá Oddberg Eriksen og Guðmund Snorrasson, þar sem ljóst var að þeir væru með

mikilvægar upplýsingar um upphafið og fyrstu árin í starfsemi félagsins. Viðtöl er að finna við þá félagi í blaðinu.

Nefndin hóf fljótlega störf og fékk til sín verkefnisstjóra sem var Jón Björn Ólafsson. Jón gaf hinsvegar verkefnið frá sér fljótlega vegna anna í sínu starfi. Viðar tók við verkefnastjórnuninni af Jóni og hélt utanum verkefnið með ákveðinni verkstjórn og áræðni.

Guðjón Helgason veiktist skyndilega þegar verkefnið var u.þ.b. hálfnað og féll frá og var mikil eftirsjá að Guðjóni sem var hafsjór af fróðleik um starfsemi félagsins frá hinum ýmsu tímum.

Um miðjan nóvember 2013 gekk Svanhildur Eiríksdóttir verkefnastjóri hjá Reykjanesbæ til liðs við nefndina og tók við verkefnastjórninni af Viðari sem hafði í nógu öðru að snúast sem leiðtogi verkefnisins. Svanhildur sýndi styrk sinn og mátt og stýrði verkefninu allt til enda af mikilli hugsjón og fagmennsku.

Nefndin þakkar sérstaklega Svanhildi fyrir dugnað og áhuga á verkefninu og ekki hvað síst sýndi hún ákveðni við að stýra verkframlagi nefndarmanna og gaf þar hvergi eftir. Vinnuframlag Svanhildar var ómetanlegt og dýrmætt og gerði það að verkum að verkefnið varð að veruleika og stóðst þær tímaáætlanir sem lagt var upp með í upphafi. Einnig ber að þakka þeim fjölmörgu einstaklingum sem komu að verkefninu á einn eða annan hátt. Til hamingju með afmælið kæru Njarðvíkingar og félagsmenn í ungmennafélaginu.

Kveðja, ritnefndarfulltrúar.

Heimildaskrá

BÆKUR:

Eðvarð T Jónsson (2009). Keflavík, íþrotta- og ungmennafélag : 80 ára saga í máli og myndum. Reykjanesbær: Keflavík, íþrotta- og ungmennafélag.

Jón M. Ívarsson. (2007). Vormenn Íslands: saga UMFÍ í 100 ár. Reykjavík: Ungmennafélag Íslands.

Kristján Sveinsson. (1996). Saga Njarðvíkur. Reykjavík: Þjóðsaga.

Víðir Sigurðsson. (1980-2013). Íslensk knattspyrna 1980 – 2013. Reykjavík: Ýmis forlög.

Víðir Sigurðsson (1997). Knattspyrna í heila öld. [Reykjavík]: Knattspyrnusamband Íslands.

Öldin okkar : minnisverð tíðindi 1901 - 1930. (1975). Ritstjórn Gils Guðmundsson. Reykjavík: Iðunn.

Öldin okkar : minnisverð tíðindi 1931 - 1950. (1975). Ritstjórn Gils Guðmundsson. Reykjavík: Iðunn.

ÝMIS RIT:

40 ára afmæli U.M.F.N. 1944-1984: 1. desember 1944 – 1984. [1984]. Tekið saman og útsett af Brynjari Sigmundssyni. [Njarðvík: Ungmennafélag Njarðvíkur].

Kristján Pálsson. (2008). Áhrif varnarliðsins á nærsamfélagið. B.A. ritgerð í sagnfræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Kristján Pálsson. (2007). Einkaskjalasafn Ungmennafélags Njarðvíkur UMFN 1944 - 2007. Verkefni Kristjáns Pálssonar í frágangi, skráningu og varðveislu skjalasafna í sagnfræði. Reykjavík: Háskóli Íslands. Óbirt.

Kynningarrit UMFN 2006 – 2007. [2006]. Njarðvík: Ungmennafélag Njarðvíkur.

Kynningarrit UMFN 2007 – 2008. [2007]. Njarðvík: Ungmennafélag Njarðvíkur.

Ólafur G. Sæmundsson. (1988). Lífspróttur. 2. tbl. ágúst/ september. [Keflavík: Ólafur Sæmundsson].

Sunddeild UMFN 25 ára: 1970 – 1995. (1995). Ábyrgðarmenn Ásdís Friðriksdóttir, Guðrún Halldórsdóttir og Heba Friðriksdóttir. [Njarðvík: Sunddeild UMFN].

DAGBLÖÐ/TÍMARIT:

Alþýðublaðið

Dagblaðið

DV, Dagblaðið Vísir

Faxi

Jólablöð Ungmennafélags Njarðvíkur 2006 - 2013

Morgunblaðið

Njarðvíkingur

Skinfaxi

Suðurnesjafréttir

Suðurnesjatíðindi

Tíminn

Víkurfréttir

Vísir

Þjóðviljinn

AÐRAR RITAÐAR HEIMILDIR:

Fundargerðir sunddeild UMFN 16.06.1970 – 28.08.1978 og 07.06.1982 – 02.02.1989.

Leikjaskrár handknattleiksdeildar UMFN.

Stjórn sunddeildar UMFN. (1988). Samantekt vegna byggingar sundlaugar í Njarðvík. Send til bæjarstjórnar Njarðvíkur 7. janúar 1988.

Sundfélagið Suðurnes og Íþróttasamband Íslands.

(1990). A.M.Í. 1990 dagana 29. júní til 1. júlí 1990 í Sundmiðstöð Keflavíkur. Sumarhátíð Í.S.Í 1990. Keflavík: Sundfélagið Suðurnes.

Úrklippusafn Jóns Bjarna Helgasonar

Úrklippusafn Ólafs Thordersen

Úrklippusafn Steindórs Gunnarssonar

Úrklippusafn UMFN

Ýmis gögn frá UMFN

GAGNASÖFN/VEFIR:

www.bjjudo.com

www.keflavik.is

www.rsi.is

www.timarit.is

www.triathlon.is

www.umfn.is

www.utanrikisraduneyti.is

www.vf.is

www.is.wikipedia.org

VIÐTÖL:

Árni Júlíusson

Eðvald Bóasson

Einar Jónsson

Friðrik Ingi Rúnarsson

Guðmundur Stefán Gunnarsson

Guðmundur Snorrason

Gunnar Þorvarðarson

Haukur Guðmundsson

Hermann Jakobsson

Hilmar Hafsteinsson

Jenný Lárusdóttir

Jóhanna Þormarsdóttir

Jón Newman

Leifur Gunnlaugsson

Lúðvík Björnsson

Magnús Þórðarson

María Sigurðardóttir

Oddbergur Eiríksson

Ólafur Gunnarsson

Sturla Ólafsson

Tyrtingur Ármann Þorsteinsson

Þórdís Garðarsdóttir

LJÓSMYNDIR:

Jón Björn Ólafsson

Karfan.is

Magnús Hlynur Hreiðarsson

Myndasafn Heimis Stígssonar

Myndasafn Reykjanesbæjar

Myndasafn UMFN og deilda innan þess

Rósinkar Ólafsson (allar myndir þríþrautar)

Oddgeir Kalsson

Sólveig Þórðardóttir Nýmynd


Svanhildur Eiríksdóttir

Valur Guðmundsson

Ýmis einkasöfn



*Eftirtalin fyrirtæki senda
UMFN heillaóskir í tilefni
70 ára afmælis*



Allt Hreint

Apikal slf.

Á. Á. Verktakar

Ásberg

Bernhard Reykjanesbæ

Blámar

Flugger

Flughótel

Frumberji

Hekla Reykjanesbæ

Hópferðir Sævars Baldurssonar

Húsabygging

Húsmiðjan

Innrömmun Suðurnesja

ÍAV Þjónusta

Íslenska Gámafélagið

Íslenskir Endurskoðendur

KPMG

Lyfta.is

Málningarþjónusta H. Helgasonar

Neslagnir

Njarðvíkurkirkja

OLÍS

OMR Verkfræðistofa

Prodomo fasteignasala

Rekstrarþjónusta Gunnars Þórarinssonar

RH Innréttingar

Reykjanesbær

Rönning

Rörvirki

Securitas

Síldarvinnslan

Skattsýslan

Skiltagerð ehf.

Skóbúðin Reykjanesbæ

Skólamatur

Sparri

Spartlarinn

Stapaprent

Tannlæknastofa Einars Magnússonar

Valgeirsbakarí

VSFK

Vökvatengi

Ytri-Njarðvíkurkirkja

Ölgerðin

Njarðvíkurdagurinn 2008



Landsmót UMFÍ á Akureyri 2009



Aðalfundur UMFN 2014



Aðalfundur UMFN 2014



Á Ásbrú eru tveir leikskólar, einn grunn-
skóli og Keilir, miðstöð vísinda, fræða og
atvinnulífs. Keilir er alhliða menntafyrirtæki
sem byggt hefur upp einstakt námsmanna-
samfélag og vandað nám með áherslu á
nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks
aðstöðu.



Skóla- Svona er lífið á Ásbrú


Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á
skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman
fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og
blómstrandi mannlíf.


Nánari upplýsingar á www.asbru.is.



Kadeco

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is





Æfingavörur á betra verði fyrir þig!



SENDUM FRÍTT
UM ALLT LAND

SPORTVÖRUR

BÆJARLIND 1-3 / KÓPAVOGI / 544 4140 / WWW.SPORTVORUR.IS




Við getum aðstoðað!

Endurskoðun - Reikningsskil - Skattaráðgjöf -
Bókhald - Launavinnsla - Ýmis sérfræðipjónusta

Hafðu samband í síma 580-3463 eða á netfangið abg@deloitte.is
Hjá Deloitte í Reykjanesbæ starfa átta öflugir sérfræðingar.

Deloitte.



Sparnaður

Láttu sparnaðinn rætast

Settu þér skammtilegt markmið og náðu því!

Við vitum að það getur verið erfitt að hefja reglulegan sparnað. Þess vegna höfum við einfaldað fyrstu skrefin í Netbankanum. Um leið og sparnaðurinn er orðinn hluti af föstum útgjöldum er eftirleikurinn miklu auðveldari.

Hvað hefur þig alltaf dreymt um að gera?
Láttu sparnaðinn rætast!

islandsbanki.is

Netspjall

Sími 440 4000

Facebook



Flottustu og bestu

keppnisbúningarnir
eru framleiddir
í Brautarholti

HENSON • SÍMI: 562 6464

WWW.HENSON.IS • HENSON@HENSON.IS



45 ára

